2012

Þjóðarspegillinn

Ágrip erinda

Félagsvísindasvið

Rannsóknir í félagsvísindum XIII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2012

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-14-3

HÁSKÓLI ÍSLANDS

EFNISYFIRLIT

(STJÖRNUMVERKTUM ÁGRIPUM FYLGIR RITSTÝRÐ GREIN Í SKEMMUNNI)

Foreldrar og börn – skilnaður og forsjá

Fjölskyldubætur og framfærsla barna: Þegar foreldrar búa ekki saman* 1

Skilnaðarráðgjöf: Rannsóknir um sjónarhorn félagsráðgjafa og þörf foreldra 2

Aðför vegna umgengnistálmana*..... 3

Psychological assessment in Icelandic custody battles..... 4

Kennsla og nám á háskólastigi

Þurfa háskólakennarar að kunna að kenna?..... 5

„Í þessum bisness dugar bara enska“: Viðhorf háskólakennara til fræða-skrifa á ensku. 6

Nýnemar við Háskóla Íslands 2011 Ákvörðun, val og væntingar* 7

Fyrstu skrefin að meistararitgerð 8

Litróf fötlunar

„Við gerum bara eins og við getum“: Reynsla starfsfólks í búsetu- og hæfingarþjónustu fyrir fullorðið fólk með fjölþættar skerðingar og flóknar þarfir..... 9

„Stormarnir meitluðu mig hraðar en veðraleysa áhyggjulauss lífs“. Skyggnst í reynslu foreldra alvarlega fatlaðra, langveikra barna*..... 10

Þegar fötlun verður feimnismál*..... 11

Lög og regla

Réttaráhrif brostinna forsendna í samningarétti*..... 12

Um túlkun samninga*..... 13

Um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og þýðing fullnaðarkvittana*..... 14

MARK: Hið félagslega líf

Hefur kyn eða þjóðerni brotamanns áhrif á afstöðu Íslendinga til refsinga?*.... 15

Atvinnuleysi og heimilisstörf 16

Why Can't She Make It? Explaining Variation in Gender Inequality in Academia 17

Kreppa og endurreisn á vinnumarkaði Staða kynjanna 18

MARK: Kynhneigð, vald og sjálfsskilningur

Mengandi myndugleiki og óhlýðni: Femínískur baráttukvenleiki hróflar við áru kynjajafnréttis* 19

Stelpufræði: Frá herbergismenningu til *girl-power** 20

Samkynhneigð vitund og þegnréttur Söguleg orðræðugreining á samkynhneigðri tilvist á Íslandi á 20. öld 21

Átök og ágreiningsfjölhyggja Kvennahreyfingar og lýðræði 22

Samgöngur og áfangastaðir

Nýjar flugleiðir – nýir áfangastaðir: Breyttir möguleikar áfangastaða með bættum samgöngum 23

Hver er landslagssérfræðingurinn? Um fagurfræðilegt gildi landslags í ákvarðanatöku og skipulagi* 24

Samgöngur og hreyfanleiki. Áfangastaðurinn Strandir* 25

Stjórnun og viðskiptalíf

Ýta auglýsingar undir staðalímyndir kynjanna að mati auglýsingagerðarfólks?* 26

Konur og karlar í stjórnun 27

Women in boards and women in management A comparative overview of regulation in Iceland and Denmark* 28

Ætlarðu að taka peningana af mjólkurpeningunum? „Sögur af stjórnmálaþátttöku kvenna" 29

Félag kvenna í atvinnurekstri og veiting viðurkenningar til Já: Stuðlað að jafnrétti eða misrétti viðhaldið?* 30

Vinnumarkaðurinn

„Sjómennskan býr alltaf með manni" Upplifun sjómanna af starfslokum 31

Viðhorf heilbrigðisstarfsfólks hjúkrunardeilda á landsbyggðinni til stjórnunar og líðan í starfi 32

Einelti á vinnustað í kjölfar efnahagshrunsins 2008* 33

Áhrif togstreitu á milli tekna og sköpunar á viðskiptalíkön í skapandi greinum á Íslandi 34

Fyrsta starfið að loknu námi 35

Þjóðfélagsbreytingar og félagsauður

Tillögur stjórnlagaráðs um beint lýðræði 36

Tillögur stjórnlagaráðs um fyrirkomulag kosninga, útfærslur og álitamál 37

Þingræði dregið í dilka: Um afbrigði þingræðis í nútíð og fortíð* 38

Þjóðfélagsbreytingar á Íslandi Iceland as a semi-peripheral country 39

Three dimensions of social capital and government performance* 40

Fötlunarfræði

Undrabörnin 41

Fötlunarlist 42

Congenital deafness and interaction The impact of different disability models 43

Hvað gerir góðan táknmálstúlk? 44

Heilsa og lífsgæði

Heildræn hjúkrun: Innan og utan rammans 45

Ógreindur: Á jaðrinum, án handleiðslu* 46

„Ég er gjörbreytt manneskja“ - Félagsleg hlutverk og lífsviðhorf kvenna í bata eftir brjóstakrabbamein 47

Langvinnir verkir á Íslandi Alvarleiki, útbreiðsla og verkjamynstur 48

Í kjölfar efnahagshruns

Hraðakstur án öryggisbeltis 49

Siðrof og tímasetning þess* 50

Hrunið í borgarlandslaginu* 51

Reynsla og upplifun mótmælenda í Búsáhaldabyltingunni 52

Íslenskar sjálfsmyndir í alþjóðlegu samhengi

Hver er okkar hagur? Viðhald og mótun sjálfsmynda í fjölþjóðlegum friðaraðgerðum 53

„Tveggja bjóra ákvörðun" Íslenskar umræður um Norðurlönd á útrásartímum 54

Íslensk sjálfsmynd í Brasilíu* 55

Europeanization of identity in a non-member state: The case of Iceland 56

Landamæri, rými, reynsla

Huldar víddir heimabólsins: Um rými og dulrænar reynslusagnir kvenna í íslenska bændasamfélaginu* 57

„Íslenskar konur eru alltaf með heimþrá" Rannsókn á héraðsvitund* 58

Nepalskar konur á ferð og flugi Landamæri og hindranir 59

Í bláum skugga - Framsetning hins kvenlega frá sjónarhorni kynjafræði 60

Lýðheilsa, lífsstíll og hjálpartæki

Hjálpartæki -Tákn um fötlun eða hluti sjálfsmyndar? 61

Heilsa og líðan Íslendinga 2007-2009. Spurningar um ferðamáta til og frá vinnu/skóla 62

The effect of the Icelandic economic collapse on drinking and smoking and the role of labor market changes 63

Menningararfur á Íslandi

Hvað varð um Örn og Hrafn? 64

Menningararfur sem sviðsetning „Þetta er fyrir tvöhundruð árum síðan!" 65

Þjóðnýting menningararfs Íslensk miðaldahandrit og sköpun nútíma þjóðernis 66

Merkingarflakk skautbúningsins 67

„Svona hefir nú farið um þessa grein þjóðernisins" 67

Búmm og krass í Pecha kucha Óræður menningararfur í ljósi dullenduhyggju 68

Holdtekja menningararfsins: Þjóðmenning, siðmenntun og kvenlíkaminn á árunum milli stríða 69

Stóri ódauðleikinn: Menningarminni, ósýnileg trúarbrögð og skurðgoð þjóðríkisins 70

Menningararfur á skiltum 71

Velferð og samfélag

Fjöldi og hagir utangarðsfólks í Reykjavík í mars-maí 2012 Rannsókn á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar 72

Hverjir óttast mest afbrot á Íslandi?* 73

Félagsráðgjöf í kjölfar náttúrhamfara – áfallahjálp og samfélagsvinna 74

„Vera ég sjálf“: Rými og sjálfsmynd í Al-Anon fjölskyldudeildunum á Íslandi* 75

Álag á umönnunaraðila aldraðra og viðhorf þeirra til þjónustu* 76

Viðhorf háskólakennara til hlutverks síns

Bolognaferlið, akademískt frelsi og gæði í háskólastarfi 77

Rannsóknastyrkir og rannsóknavirkni háskólakennara 78

Viðhorf háskólakennara til kennslu sinnar 79

Kostun háskólastarfs. Nokkrar niðurstöður úr rannsókn um samfélagshlutverk háskóla 80

Efnahagsmál

Gengi og verðlagsmælingar til mjög langs tíma* 81

Torveldar verðtryggingin peningastefnuna?* 82

Norðausturkjördæmi eða Norðausturríki: Skattaframlag og skattahlutdeild ársins 2011 83

Hafa auknar álögur á áfengi haft áhrif á eftirspurn og tekjur ríkissjóðs?* 84

Ferðast um Ísland

Hálendið í hugum ferðalanga Félagsleg smíð víðerna* 85

Sköpunarverkið Strandir – þrenns konar sjónarhorn* 86

„Hreint, ferskt og einfalt“ Ný norræn matvæli og sviðslistin* 87

Efnahagslegur ávinningur hreindýraveiða á Austurlandi

(Hunting Reindeer in East Iceland The Economic impact)* 88

Íslensk stjórnmál

Upphaf kapítalískrar stéttaskiptingar Mótun verkalýðsstéttar á Akureyri 1860–1940 89

Nýjalismi og dulspeki Hugmyndafræði íslenskrar borgarastéttar 90

Íbúakosningar. Framtíðartæki til eflingar lýðræðis í sveitarfélögum? 91

Íslenskir kjósendur - gamlir og nýir flokkar: Flokkshollusta, vinstri-hægri og geta flokks til að leysa mikilvægustu verkefnin 92

Endurspegla íslenskir stjórnmálaflokkar afstöðu sinna eigin kjósenda? 93

MARK: Kynverund og kyngervi

Að skera eða skera ekki; af leiðréttingu kyns og kyngervis 94

Kynjamunur og klámvæðing á stefnumótasíðum 95

„Ég þori að vera til“ Upplifun þolenda kynferðisofbeldis af Sólstöfum, sjálfshjálparsamtaka á Ísafirði* 96

Dvöl barna í Kvennaathvarfinu 97

Markaðsfræði

Mælingar á árangri auglýsingaherferða* 98

Vörumerkjaryni þarfasta þjónsins í Þýskalandi* 99

Ímynd banka og sparisjóða: Er sýn kynjanna mismunandi?* 100

Viðhorf neytenda til styrkja til rokkhljómsveita* 101

Menntun; kennsluaðferðir, námskrár og hagnýting fræðigreina

Áhrif ólíkra kennsluaðferða í stærðfræðinámi 102

Hindrun er áskorun: Að ná tökum á lestri með aðferðum „Direct Instruction“ um beina kennslu* 103

Á öxlum risa: Um námskrár í náttúruvísindum* 104

Menntun og vinnumenning: Þróun hagnýtrar fræðigreinar bókasafns- og upplýsingafræði 105

Velferð og lífsgæði

Well-being of Modern Nations: Nordics and Others Compared 106

Aldraðir og aðstandendur þeirra: Stuðningur við upplýsingahegðun aldraðra einstaklinga* 107

Er mögulegt að bæta velferð barna þrátt fyrir jaðarstöðu foreldra? 108

Stjórnun

Þjónandi forysta: Einföld en dýpri en atómljóð? 109

Innleiðing stefnu Símans eftir skipulagsbreytingar 2007* 110

Hvatning og samskipti við sýndarsamningaborð* 111

Á skilamat rétt á sér?* 112

Sögur og ævintýri

Interpla (Intimate histories: material and biographies in the museum) 113

Rökkursögur: Um íslensk ævintýri, veturinn og vorið 114

Skólasiðir og sagnir: Börn safna þjóðfræðiefni* 115

Grimmsævintýri á Íslandi* 116

Kraftur staðarins* 117

Alþjóðaviðskipti

How can Export Credit Agencies Facilitate Export to Emerging Market Economies? 118

Upplifun og reynsla íslenskra stjórnenda af viðskiptum við Kína* 119

Raunhagkerfið og erlendar fjárfestingar á Íslandi 120

What Determines the Inflow of Foreign Direct Investment?* 121

Á sjó og í landi

Viðhorf bænda til hlutverks og þróunar landbúnaðar á Íslandi 122

Áhrif erfðaeiginleika og veðurfars á skilvirkni í mjólkurframleiðslu* 123

Hvað segir stjórnmálahagfræðin um íslenska peningalykt?* 124

Börn og ungmenni

Líkamsímynd íslenskra ungmenna í 6., 8. og 10. bekk: Rannsókn á tengslum neikvæðrar líkamsímyndar við líkamsþyngdarstuðul og megrun* 125

Einelti meðal íslenskra skólabarna 2006-2010* 126

Ungt fólk sem Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af á unglingsárum: Félagsleg staða, stuðningur og viðhorf til afskipta 127

Fagráð um fjölskylduvernd: Mat á samráðsvettvangi „þverplankalegra" stofnana 128

Ferðaþjónusta á Íslandi

Allt í klakaböndum? Þróun vetrarferðaþjónustu á Íslandi 129

Þjóðhagslegur ávinningur ferðaþjónustu á Íslandi 130

Vinir og vandamenn: Umfang og efnahagsleg áhrif VFR ferðamanna á Vopnafirði 131

Einkenni og uppbygging fyrirtækja í hestaferðaþjónustu 132

Fjármálahegðun og neytendamál

Financial Behavior of Icelanders within Hofstede's Cultural Dimensions 133

Samanburður á viðhorfum íslenskra og tékkneskra neytenda til gæðavottunarmerkinga* 134

Ethical consumption in Iceland: Results from an exploratory study in consumer awareness* 135

Hagstjórn og fjármál

Er 3,5% raunávöxtun lífeyrissjóða raunhæf nú á tímum gjaldeyrishafta? 136

Geta yfirskuldsett fyrirtæki verið lífvænleg?* 137

Freistnivandi íslenskrar hagstjórnar 138

Ályktanir um hagsveiflur* 139

Hnattvæðing

"The reason I stay here in Beijing is not for living. I'm just working here": Hreyfanleiki og sjálfsmynd kínverskra farandverkamanna í Peking* 140

The Influence of Prior Living and Working Experience of Nordic Expatriates on Cultural Adjustment in the United States 141

The challenge of defining the object of study: The case of a group of Bosnian Roma* 142

Ramadan á Íslandi. Ramadan in Iceland: A Spiritual and Social Process* 143

Innflytjendur og flóttamenn

Our home is our kingdom: Examination of the integration of Palestinian refugees in Icelandic society 144

Services for unemployed immigrants in Iceland 145

Polish workers in the capital area of Iceland 146

Þeir sem minnst mega sín - réttarstaða einstaklinga sem teljast vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu og sækja um hæli á Íslandi 147

Samræming reglna um flóttamenn og réttarstaða þeirra innan Evrópusambandsins (ESB). Áhrif fyrirhugaðrar aðildar Íslands að ESB á þessu sviði. 148

Mannauðsstjórnun

Starfs- og færnigreining til að skilgreina menntunarþarfir og starfsþróun* 149

Aldur, atvinnustaða og huglæg vellíðan: Tegnsl atvinnustöðu, aldurs og huglægrar vellíðanar í 23 OECD löndum* 150

Sköpun þekkingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum* 151

Að þróa og stjórna innleiðingu nýrra lausna í opinberri starfsemi 152

Tengsl þekkingarskráningar og hugtaksins ábyrgð 153

MARK: Skóli og vald

Leikskólastarf í barnabókum 154

Vald og kyn 154

Kynjamunur í lestrarvenjum pilta og stúlkna 155

Jafnréttisviðhorf unga fólksins 156

„Og er það ekki líka svona öfga oft?“ - Upplifun framhaldsskólanema á jafnrétti og femínisma* 157

Matslistar

Viðhorf til gagnreyndra aðferða – Forprófun íslenskrar útgáfu EBPAS* 158

Ígrunduð samtöl: Aðferð við þýðingu og staðfærslu sjálfsmatslista 159

Menning og hefð

Hvað er hefð?* 160

Að nema náttúru og menningararf-leiðsögn út og suður eða safnalæsi? 161

Svipir Kvöldfélagsins: Menningarleg sólarupprás við nokkur sólsetur 1861-1874* 162

Rafbækur og rafræn útgáfa

Rafbækur og rafræn dreifing texta* 163

Áhrif rafrænnar útgáfu á bókfræðilegan aðgang utanmarkaðsrita 164

Upplýsingatækni

Úthýsing upplýsingatækni – viðskiptafræðileg skilgreining og umgjörð* 165

Viðskiptagreind* 166

Þróunarmál

Samanburðargreining á geiranálgun og verkefnanálgun fyrir þróunarstuðning: Vatnsveitur í sveitahéruðum Namibíu 167

What next? The Post-2015 Agenda 168

Þróun fjölmiðla

Hlutlægni frétta í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu 169

Adapt or die: Media innovations and the erosion of media boundaries*..... 170
Breyttust fjölmiðlar eftir hrun? Umfjöllun prentmiðla um fjármálastofnanir... 171
Siðferði og starfshættir íslenskra blaða- og fréttamanna*..... 172

Höfundalisti..... 173

Fjölskyldubætur og framfærsla barna: Þegar foreldrar búa ekki saman*

Íslenska velferðarkerfið veitir foreldrum ungra barna ýmsan stuðning vega framfærslu barna, einkum til einstæðra foreldra. Í greininni er gerð grein fyrir þeim stuðningi og greiðslum foreldrar eiga rétt á. Einnig verður gerð grein fyrir þróun forsjár og stöðu þekkingar varðandi tilhögun umgengni foreldra sem ekki deila lögheimili með börnum sínum við þau.

Foreldrar sem deila lögheimili með barni eiga rétt á meðlagi frá því foreldri sem ekki deilir lögheimili með barninu, mæðra- eða feðralaunum auk barnabóta sem eru tekjutengdar. Stuðningur vegna framfærslu barna er eingöngu veittur lögheimilisforeldrum hérlendis. Ekkert tillit er tekið til umfangs umgengni eða framfærslukostnaðar þess foreldris sem ekki deilir lögheimili með barni.

Í greininni er spurt hvaða áhrif bótakerfið hafi á möguleika foreldra til að framfleyta og annast um börn sín. Notast er við bótalíkön til að greina stuðning við ólíkar fjölskyldugerðir og fjölskyldulíkön til að greina hvort tekjur duga fyrir útreiknuðum framfærslukostnaði. Tekin eru dæmi af algengustu fjölskyldugerðum hérlendis og framfærslukostnaður er reiknaður í samræmi við dæmigerð neysluviðmið Velferðarráðuneytisins. Niðurstöður bráðabirgða-greiningar á gögnum sýna að foreldrar undir ákveðnum tekjumörkum eiga ekki fyrir framfærslukostnaði skv. dæmigerðu neysluviðmiðum velferðarráðuneytis.

Guðný Björk Eydal
Heimir Hilmarsson

*Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Skilnaðarráðgjöf: Rannsóknir um sjónarhorn félagsráðgjafa og þörf foreldra

Í fyrirlestrinum verður fjallað um skilnaðarráðgjöf. Kynntar verða niðurstöður fyrri og nýrri rannsókna um viðhorf og reynslu, annars vegar skilnaðarforeldra og hins vegar félagsráðgjafa í velferðarþjónustu á Íslandi. Gerð verður grein fyrir breyttum viðhorfum foreldra og vaxandi þörf fyrir aðstoð í skilnaðarmálum sem fram hefur komið í þremur fyrri rannsóknum. Umfjöllun tekur mið af fyrstu niðurstöðum tveggja nýrra rannsókna. Í fyrsta lagi könnun meðal 588 foreldra sem gengu frá lögskilnaði eða sambúðarslitum hjá sýslumanninum í Reykjavík á árinu 2009. Í öðru lagi rafrænni spurningakönnun sem unnin var í samstarfi við Félagsráðgjafarfélag Íslands, um viðhorf og reynslu 228 félagsráðgjafa af skilnaðarráðgjöf. Í ljósi rannsóknaniðurstaðna verður kynnt líkan að uppbyggingu skilnaðarráðgjafar sem hluta af opinberri fjölskylduvernd í þjónustu sveitafélaga.

Sigrún Júlíusdóttir
Íris Dögg Lárusdóttir

Aðför vegna umgengnistálmana*

Við setningu gildandi barnalaga nr. 76/2003 var í fyrsta sinn á Íslandi lögfest heimild til að koma á umgengni með aðför. Fram til þess var álagning dagsekta eina úrræðið til að knýja á um efndir á umgengni. Í nóvember 2011 lagði innanríkisráðherra fram frumvarp til breytinga á barnalögum þar sem m.a. var lagt til að fella brott heimild til aðfarar. Vísað var til þess að ýmsir fagaðilar hefðu lýst áhyggjum af framkvæmd þessara mála hér á landi, þ.e. því að það gæti verið barni fyrir bestu að taka það með valdi úr umráðum annars foreldris síns í því skyni að koma á umgengni við hitt foreldið. Alþingi samþykkti breytingartillögur velferðarnefndar um að heimildin skyldi vera til staðar í lögum. Lög til breytinga á barnalögum voru samþykkt í heild sinni 12. júní 2012 og munu taka gildi 1. janúar 2013. Í þessari grein verður fjallað nánar um heimild til að koma á umgengni með aðför, sjónum beint að rökum með og á móti úrræðinu og skoðuð reynsla af beitingu þess.

Hrefna Friðriksdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Psychological assessment in Icelandic custody battles

In this paper I discuss the role of psychologists' assessments of parents in the outcome of custody battles in Iceland. Such assessment is considered valuable scientific evidence and has great influence on the judge's decision and thus one might assume that it is made without serious bias against either plaintiff or defendant. In order to verify this, the focus of the investigation was: To what extent do culturally salient notions of masculinity and femininity affect psychologists' assessment in custody disputes? To answer this question I analyzed certain elements of such assessments, focusing first on interpretations made of data from MMPI-2 personality tests, secondly, on the text itself, what is reported and how, and thirdly on the performance of the observational visits made by the psychologists' to the homes of the disputing parents. The findings show a marked tendency to disqualify the father as parent and suggest that culturally constructed essentialist notions of masculinity and femininity are the dominant factors in deciding the outcome of custody disputes in Iceland.

Sveinn Eggertsson

Þurfa háskólakennarar að kunna að kenna?

Í stefnu Háskóla Íslands 2011-2016 er að finna eftirfarandi ákvæði:

> Haldin verði á vettvangi Kennslumiðstöðvar háskólans sérstök námskeið um kennsluhætti, nýjungar í kennsluaðferðum og leiðbeiningu framhaldsnema sem allir kennarar, jafnt nýir sem eldri, sæki með reglubundnum hætti. Kennarar fái kennsluafslátt þegar þeir sækja slík skyldunámskeið.

Þetta ákvæði má sjá sem viðurkenningu á því að háskólakennarar, jafnt nýir sem reyndir, þurfi aðstoð til að takast á við þann hluta starfs síns sem snýr að námi og kennslu. Á erlendum vettvangi hefur umræða um mikilvægi og gæði háskólakennslu farið vaxandi og auknar kröfur eru gerðar um þekkingu og hæfni háskólakennara á sviði kennslu. Þegar síbreytilegt háskólaumhverfi er haft í huga vakna spurningar um það hvernig háskólakennarar geta aukið hæfni sína til að takast á við flókið starf og hvernig háskóla- og menntayfirvöld geta stutt við bakið á þeim í þeirri viðleitni.

Í þessu erindi verður hugað að þeim breytingum sem orðið hafa á háskólaumhverfi og grein gerð fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til háskólakennara á sviði náms og kennslu. Þá verður greint frá þeim leiðum sem háskólar víða um heim hafa farið til að styðja við bakið á nýjum háskólakennurum og að lokum verður hugað að stöðu mála við íslenska háskóla.

Guðrún Geirsdóttir

„Í þessum bisness dugar bara enska“: Viðhorf háskólakennara til fræðaskrifa á ensku.

Stöðugt eykst þrýstingur á íslenska fræðimenn að gefa út verk sín á ensku í erlendum hágæða tímaritum. Ritin gera miklar kröfur til framsetningar m.a. að málfar sé samkvæmt viðurkenndum enskum móðurmálsstöðlum. Markmiðið með birtingu í slíkum ritum er að styrkja stöðu og rannsóknarímynd íslensku háskólanna. Svipaða þróun má finna í háskólum utan hins engilsaxneska heims. Nýlegar rannsóknir draga í efa að útgáfa á ensku auki í raun samkeppnishæfi. Lillis og Curry (2010) fundu að verk fræðimanna sem ekki hafa ensku að móðurmáli taka miklum breytingum í útgáfuferlinu og að "lagfæringar á málfari" geta orðið að áherslubreytingum og endurtúlkunum rannsókna. Turner (2012) endurskoðar hvað felst í „prófarkalestri“ sem oft sé meiri háttar ritstýring þegar erlendir fræðimenn eiga í hlut. Þá er ljóst að of margar heimildir á öðru máli en ensku minnka möguleika á að grein fáist birt. Lýst verður niðurstöðum rannsókna á afstöðu íslenskra fræðimanna til skrifa og útgáfu á ensku. Meirihluti svarenda taldi sig hafa góða eða mjög góða almenna enskufærni en að þeir þyrftu aðstoð við ritun á ensku. Aðstoðin var tilviljunarkennd og á ábyrgð og kostnað þeirra sjálfa. Háskólar hafa sett á fót stofnanir til að styðja við kennara í þessum efnum og þyrftu íslenskir háskólar að taka sér þá til fyrirmyndar. Niðurstöður kalla á vitundarvakningu um ójafna stöðu fræðimanna sem ekki eiga ensku að móðurmáli og viðurkenna þarf ólíkar menningarbundnar ritunarhefðir „ritunarhreim“ svipað og viðurkennt er í talmáli.

Hafdís Ingvarsdóttir
Birna Arnbjörnsdóttir

Nýnemar við Háskóla Íslands 2011
Ákvörðun, val og væntingar*

Í greininni er farið yfir niðurstöður könnunar meðal nýnema við Háskóla Íslands haustið 2011. Markmið rannsóknarinnar var þríþætt; að öðlast betri skilning á þeirri ákvörðun að stunda háskólanám, að öðlast betri skilning á þeirri ákvörðun að velja Háskóla Íslands og að öðlast betri þekkingu og skilning á væntingum nýnema meðan á náminu stendur. Um 2.100 nýnemum var boðið að taka þátt í könnuninni og af þeim svöruðu 760 eða 36%. Samsetninga svarhópsins endurspeglar ágætlega raun samsetningu nýnema við skólann.

Í ljós kemur að tæp 55% luku stúdentsprófi á síðasta ári (fyrir innritun haustið 2011) og rúm 6% höfðu ekki lokið stúdentsprófi. Reynsla af atvinnulífið er almennt lítil og 37% áttu/eiga foreldri eða fósturforeldri sem útskrifast hefur úr Háskóla. Við greiningu kemur í ljós að nokkur munur er á bakgrunni svarenda eftir því á hvaða fræðasviði þeir skráðu sig til náms. Nánar verður gerð grein fyrir þeim mun í fyrirlestrinum.

Niðurstöður styðja við þá sýn í markaðs- og þjónustufræðum að markaður er ekki einsleitur markaður heldur samansafn ólíkra markhópa. Fræðasvið og deildir þurfa því að horfa til þess með hvaða hætti „þeirra" nemendur skera sig úr og þá hvort og hvernig hægt er að mæta því.

Þórhallur Örn Guðlaugsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Fyrstu skrefin að meistararitgerð

Þessi grein fjallar um þá áskorun sem meistaranemar standa frammi fyrir þegar kemur að því að hefja vinnu við meistararitgerð. Megintilgangurinn er að setja fram og gera grein fyrir verkfæri sem meistaranemar hafa möguleika á að nýta sér við undirbúning og fyrstu skref í ritgerðarvinnunni. Verkfærið, sem nefnist *Sniðmát að MS ritgerð* er sprottið upp úr leiðbeinendareynslu höfundar og hefur í ýmsum búningi verið nýtt við handleiðslu nemenda. Í greininni er þetta verkfæri jafnframt skoðað í ljósi heimilda um ritgerðarvinnu og gerð rannsóknaráætlana út frá spurningunni *hvernig er ýtt undir að meistaranemar komist vel af stað með viðfangsefnið að skrifa meistararitgerð*.

Runólfur Smári Steinþórsson

„Við gerum bara eins og við getum“: Reynsla starfsfólks í búsetu- og hæfingarþjónustu fyrir fullorðið fólk með fjölþættar skerðingar og flóknar þarfir

Rannsóknin varpar ljósi á sýn starfsfólks í félagsþjónustu á megináherslur í þjónustu við fullorðið fólk með fjölþættar skerðingar og hvaða augum það lítur möguleika sína til að styðja við heilsu, þátttöku og lífsgæði. Leitað var eftir skilningi starfsfólks á heilsutengdum þörfum fólks og ennfremur kannað mat þess á þörf fyrir fræðslu og stuðning í starfi. Þátttakendur voru 12 starfsmenn í búsetu- og hæfingarþjónustu. Rannsóknargagna var aflað með opnum einstaklingsviðtölum og notað var vinnulag grundaðrar kenningar við úrvinnsluna. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að áherslur þjónustunnar séu ekki í takt við ört vaxandi mannréttindaáherslur, þar með réttinn til heilsu, og endurspegli ekki þann félagslega skilning á fötlun sem er gengið út frá í stefnumörkun. Starfsfólk hugsaði til fólksins sem það aðstoðaði með velvild og hlýju, reyndi að gera eins vel og það gat, en skorti bjargráð í starfi. Áherslur á heimilisstörf og líkamlega umönnun hindruðu stuðning við heilsu, tjáskipti og þátttöku. Starfsfólk lýsti undirmönnun og mikilli starfsmannaveltu og skorti fræðslu og stuðning við flókin störf. Mikilvægt er að nýta möguleika sem hafa skapast með nýlegum stjórnsýslubreytingum til að endurskoða áherslur í þjónustu við fólk með fjölþættar skerðingar.

Guðný Jónsdóttir
Snæfríður Þóra Egilson

„Stormarnir meitluðu mig hraðar en veðraleysa áhyggjulauss lífs“. Skyggnst í reynslu foreldra alvarlega fatlaðra, langveikra barna*

Sagt er frá greiningu höfundar á frásögum fjögurra íslenskra foreldra fatlaðra, langveikra barna út frá þekktum hugtökum innan fjölskyldufræðanna. Þessi hugtök eru; *hollustubönd*, *aðgreining sjálfsins* og *þrautseigja*. Greiningin er hluti verkefnis sem unnið var til M.a.-gráðu í fjölskyldumeðferð á síðastliðnu misseri við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og fjallar um áhrif fötlunar og langvinnra sjúkdóma barna á fjölskyldumeðlimi og fjölskyldur sem heild. Frásagnir foreldranna gefa til kynna að fjölskyldumeðlimum, sérstaklega foreldrum, sé hætt við að einangrast vegna umönnunarþunga tengdum fötlun og sjúkdómum barns en jafnframt sýna þær fram á þrautseigju og bjargráð sem þeir búa yfir til að verjast einangrun, ofurálagi og þroti. Frásagnir foreldranna birtust í bókum sem gefnar voru út á tímabilinu 1994 til 2008. Niðurstaða greiningarinnar er í hnotskurn sú að allir foreldrarnir telja sig hafa misst sjónar á eigin þörfum við umönnun barns síns, sýnt hlutverki sínu ofurhollustu á kostnað eigin heilbrigðis og einangrast í heimi fötlunar, tímabundið eða til lengri tíma. Jafnframt má af frásögum þeirra merkja gleðina og þakklætið fyrir fatlað, langveikt barn sitt sem hafi hvatt þá til endursköpunar eigin lífsgilda. Merkja má sérstaklega fjóra áhrifaþætti á þrautseigju í frásögum þeirra, þ.e. persónu-eiginleika, skilyrðislausa ást, þjónustuúrræði og trúarleg lífsgildi.

Kristín Lilliendahl

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Þegar fötlun verður feimnismál*

Í daglegu tali notar ófatlað fólk orð og hugtök á borð við þroskaheftur og blindur til að skilgreina og lýsa mörgu því sem talið er slæmt eða neikvætt og spyrji kunningja, vini eða ókunnuga að því hvort þeir séu vangefnir eða blindir og tengist spurningin þá vanhæfni eða rangri hegðun. Í erindinu verður sagt frá niðurstöðum rannsóknar þar sem skoðaðar voru hugmyndir ófatlaðra ungmenna um fatlanir og fatlað fólk með því að rýna í þekkingu þeirra og skilning á fötlunarhugtökum og orðum sem ætlað er að skilgreina fötlun. Sjónum var beint að uppsprettu hugmynda þeirra og hvort þau ræða um fötlun og fatlanir sín á milli. Þátttakendur voru 18 framhaldsskólanemar og 20 grunnskólanemar. Gagna var aflað með eigindlegum hópviðtölum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ungmennin eigi í erfiðleikum með að greina á milli fötlunar, sjúkdóma og óæskilegrar hegðunar (óþekktar). Ungmennin voru upptekin af sýnileika fötlunar, líkamanum, öllu því sem hægt væri að skilgreina sem öðruvísi og einnig voru þau upptekin af áliti annarra. Þau voru líka forvitin um líf og reynslu fatlaðs fólks, en sögðust fá takmörkuð tækifæri á heimilum sínum og skólum til að ræða þessi mál. Þeim er bannað að horfa á eða glápa á fatlað fólk og fullorðið fólk er ekki tilbúið að ræða við þau. Þar af leiðandi verður fötlun feimnismál, þau eru skömmuð ef þau sýna áhuga og jafnvel þaggað niður í þeim og því má líta á fötlun sem þaggað málefni. Þau hafa einnig takmörkuð tækifæri til að kynnast fötluðum jafnöldrum sínum og gagnrýna skólakerfið fyrir að gera ekki meira til þess að fötluð börn og ungmenni séu fullgildir meðlimir skólasamfélagsins. Rannsóknin er unnin á vegum Rannsóknarstofu í þroskaþjálfafræðum.

Kristín Björnsdóttir
Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Réttaráhrif brostinna forsendna í samningarétti*

Þær forsendur sem liggja að baki ákvörðun aðila við samningsgerð geta brostið. Í samningarétti er fjallað um afleiðingar þess og jafnframt um hver eigi að bera áhættu af því að forsendur bresta. Er þar átt við staðreyndir sem koma til eftir að samningur var gerður og hafa afgerandi áhrif á vilja manns til að efna samning. Ef forsendur bresta verður að meta það hverju sinni hver eigi að vera réttaráhrif þess. Hér er um sérstaka aðstöðu að ræða, því stofnast hefur gildur samningur, en eftirfarandi aðstæður valda því að ekki þykir rétt að efna hann. Almennt hefur verið talið að hægt sé að ógilda samning með vísan til reglna um brostnar forsendur ef hagsmunir aðila krefjast þess. Í umfjöllun fræðimanna hefur því einnig verið haldið fram að hugsa megi sér að samningi verði breytt, en er það svo í reynd? Í greininni verður fjallað um nýlega dóma Hæstaréttar þar sem þetta hefur verið tekið til sérstakrar umfjöllunar. Sjónum verður beint að dómum þar sem fjallað hefur verið um kröfur aðila um breytingu á samningi á grundvelli forsendubrests, en einnig teknir til skoðunar dómar sem fjalla um mörk ógildingarreglu samningaréttar um brostnar forsendur og réttaráhrif brostinna forsendna á sviði kröfuréttar.

Ása Ólafsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Um túlkun samninga*

Ef samningsaðilar eru sammála um það hvað felist í samningi reynir almennt ekki á túlkun. Þannig eru sumir samningar skýrir og gefa ekki sérstakt tilefni til deilna um innihald þeirra. Í öðrum tilvikum kann að leika vafi á því hvað felist í samningi og hver skuli vera réttaráhrif hans. Þegar svo stendur á þarf að túlka samning. Af dómum má ráða að töluvert reynir á túlkun samninga í réttarframkvæmd. Í aðalatriðum má skipta túlkun samninga í tvennt; annars vegar skýringu, sem slær því föstu hvers efnis samningur sé, og hins vegar fyllingu, sem felst í því að ákvarða réttaráhrif samnings á grundvelli réttarreglna eða réttarheimilda. Í settum rétti er að finna reglur sem verið geta til leiðbeiningar um túlkun samninga. Þá hafa í réttarframkvæmd mótast ýmsar ólögfestar túlkunarreglur sem dómstólar styðjast við. Augljóst er að túlkun samninga er mikilvæg fyrir samningsaðila enda ákvarðar hún í raun hvaða skuldbindingar þeir hafa tekist á hendur. Þess vegna er mikilvægt að ákveðin festa ríki í túlkun samninga. Í þessari grein verður fjallað um nokkra dóma Hæstaréttar þar sem reynt hefur á túlkun samninga og sérstaklega tekið til skoðunar hvernig þeir samrýmist túlkunarreglum í samningarétti.

Eyvindur G. Gunnarsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Um rétt kröfuhafa til viðbótargreiðslu og þýðing fullnaðarkvittana*

Í nýlegum dómi Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 í máli nr. 600/2011 komu við sögu tilteknar meginreglur á sviði kröfuréttar. Í málinu reyndi nánar tiltekið á þá meginreglu að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila, eigi viðbótarkröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er og undantekningu frá þeirri reglu, þess efnis að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu. Í kjölfar dómsins hefur nokkuð borið á umræðu um efni hans og áðurgreindra meginreglna kröfuréttar í framkvæmd, en áhrifa hans gætir víða á hagsmuni einstaklinga og lögaðila í samfélaginu. Þetta verður að telja harla óvenjulegt fyrir viðfangsefni á sviði kröfuréttarins, enda eru það fremur önnur svið lögfræðinnar, á borð við stjórnskipunar- og refsirétt, sem rata í umræðu á almennum vettvangi. Í greininni verður dregin upp mynd af tilvitnuðum reglum kröfuréttar og kenningum að baki þeim í dönskum og íslenskum rétti. Því næst verður vikið að forsendum dóms Hæstaréttar í áðurgreindu máli, og eftir atvikum annarra dóma réttarins, og horft til þess hvort og þá á hvaða veg þær falla að viðteknum kenningum fræðimanna, með það fyrir augum að skýra inntak reglnanna, samspil þeirra og beitingu í framkvæmd.

Valgerður Sólnes

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Hefur kyn eða þjóðerni brotamanns áhrif á afstöðu Íslendinga til refsinga?*

Afstaða borgaranna til dómstóla og réttarkerfisins er mikilvæg í lýðræðissamfélagi nútímans enda telja margir að dómar eigi að endurspegla réttartilfinningu borgaranna. Rannsóknir hafa sýnt að meirihluti Íslendinga álítur refsingar of vægar hér á landi og hertar refsingar eru ósjaldan réttlættar með vísun í almenningsálit. Dómar sem ganga í berhögg við siðferðis- og réttlætiskennd borgaranna geta grafið undan trausti á réttarríkinu og því er brýnt að rannsaka málefnið af kostgæfni.

Nýleg rannsókn sem Norræna sakfræðiráðið stóð fyrir sýndi að ekki er sjálfgefið að borgararnir vilji harðari refsingar en dómstólar kveða upp. Þátttakendur voru beðnir um að dæma í sex ólíkum brotamálum út frá atvikslýsingu þar sem fram komu upplýsingar um tildrög brotsins og lýsing á aðilum málsins. Fram kom að borgararnir hafa tilhneigingu til að vanmeta refsiþyngd dómstóla og lögðu til refsingar sem að jafnaði voru vægari en dómararnir höfðu áður ákveðið. Jafnframt kom í ljós að þeir þátttakendur sem vildu óskilorðsbundnar fangelsisrefsingar höfðu tilhneigingu til að leggja til styttri vistunartíma í fangelsi en dómararnir.

Við ákvörðun refsinga taka dómstólar fyrst og fremst mið af alvarleika brotsins og fyrri brotasögu geranda en kyn og þjóðerni eiga ekki að hafa áhrif á dómsniðurstöður. Ólíkum bakgrunnsupplýsingum um brotamanninn var skipulega dreift á svarendur í úrtakinu og var gerandinn ýmist karl eða kona, útlendingur eða Íslendingur. Spurningin sem leitað verður svara við í þessu erindi er hvort að kyn eða þjóðerni hafi haft áhrif á afstöðu þátttakenda til refsinga. Eru borgararnir vægari ef gerandi er kona eða Íslendingur?

Helgi Gunnlaugsson
Snorri Örn Árnason

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Atvinnuleysi og heimilisstörf

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið á sambandi atvinnuleysis karla í sambúð og þátttöku þeirra í heimilisstörfum hafa sýnt að þátttaka þeirra eykst ekki, minnkar jafnvel. Skýringar hafa einna helst falist í því að atvinnuleysi fari svo illa með sjálfsmat karla að aukin þátttaka í því sem af hefð hafa talist kvennastörf sé þeim óbærileg tilhugsun. Í þeirri rannsókn sem hér er gerð grein fyrir var rætt við pör þar sem karlinn hafði verið atvinnulaus í að minnsta kosti 3 mánuði en konan í fullri vinnu. Meginniðurstaðan er sú að karlarnir taka alveg yfir heimilisstörfin og finnst það bæði sjálfsagt og eðlilegt. Þó svo að atvinnuleysið fari illa með sjálfsmat þeirra og sjálfstraust í sumum tilfellum þá er enginn sem upplifir það sem niðurlægingu eða ókarlmannlegt að axla heimilisstörfin. Á heildina litið staðfesta konurnar frásagnir karlanna þó í sumum tilfellum telji þær atvinnuleysið hafa farið verr með karlana en þeir telja sjálfir. Dæmi eru líka um að konur telji framlag maka ekki jafn mikið og þeir telja sjálfir en það er þó undantekning.

Ingólfur V. Gíslason

Why Can't She Make It? Explaining Variation in Gender Inequality in Academia

For the last three years Iceland has ranked in first place on the World Economic Forum's Global Gender Gap Report (Hausmann et al., 2011). It is also one of the few European countries where women occupy 25% of the full professor positions (Gerritsen, Verdonk and Visser, 2009). Given the strict demands on academic excellence for tenure and promotion, Icelandic universities provide an excellent opportunity to study gender inequality in academic career making. In this presentation I will look at work and family related variables, and their odds of occupying a full professor position.

The data derive from a mixed-method research project that revolves around the work circumstances, work-family balance and well-being of academics in Iceland. The entire population of academics within the formal advancement system, from senior lecturer to full professor were invited in 2010 to take part in the quantitative survey phase of the study (response rate 55%).

The analysis shows that women climb the career ladder at a slower pace than men. Work-related issues are found to explain some, but not all, of the gender differences, while family-related issues only play an insignificant role. The evidence suggests that the academic pipeline is leaking despite Iceland's reputation of leading country in gender equality. Still almost seventy percent of the male participants and forty percent of the female participants assume that gender inequality issues within the academic environment will resolve by itself in course of time.

Thamar Melanie Heijstra

Kreppa og endurreisn á vinnumarkaði
Staða kynjanna

Kreppur hafa undantekningarlítið haft meiri áhrif á vinnumarkaðsstöðu karla en kvenna, a.m.k. í upphafi kreppunnar. Þetta skýrist m.a. af samspili kyns og lagskiptingu vinnumarkaðarins, þ.e. að kynin raðast ólíkt í starfsstéttir og á atvinnugreinar. Auk þess eru konur líklegri en karlar til að starfa hjá hinu opinbera.

Í þessari grein er fjallað um þróunina á íslenskum vinnumarkaði í kjölfar bankahrunsins. Staða karla og kvenna verður borin saman en einnig verður fjallað um áhrif kreppunnar og endurreisnarinnar á ólíka hópa karla og kvenna (s.s. eftir þjóðerni, búsetu, menntun og aldri), út frá gögnum Hagstofunnar og Vinnumálastofnunar. Niðurstöðurnar sýna að í kjölfar bankahrunsins jókst atvinnuleysi meira á meðal karla en kvenna, eins og ætla mátti af fyrri kreppum. Þá minnkaði atvinnuþátttaka og vinnutími þeirra meira. Konur virðast hins vegar ekki hafa notið góðs af endurreisninni til jafns við karla. Þessi þróun skýrist m.a. niðurskurði hins opinbera og af áherslum endurreisnarinnar á „mannaflsfrekar framkvæmdir", en sú umræða á sér skýra hliðstæðu víða erlendis í orðræðunni um „karlakreppu" (*mancession*) sem ýkir upp muninn á afleiðingum kreppunnar á kynin og beinir þannig athyglinni frá atvinnustöðu kvenna.

Þóra Kristín Þórsdóttir

Mengandi myndugleiki og óhlýðni: Femíníska baráttukvenleiki hróflar við áru kynjajafnréttis*

Umræða um femínisma og femíníska baráttu virðist vekja upp sterkar tilfinningar í hugum margra. Í erindinu er fjallað um félagslega mótun kvenleikans og hvernig hann birtist með ólíkum hætti í ólíkum aðstæðum. Hugtökin styðjandi og mengandi kvenleiki, systurhugtök ráðandi karlmennsku verða greind í því sambandi. Mengandi kvenleiki er andstæða styðjandi kvenleika. Mengandi kvenleiki er greindur í femínísku baráttustarfi og skoðað hvernig bæði hugtökin, mengandi og styðjandi, tengjast áru kynjajafnréttis (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009) með ólíkum hætti. Greiningin byggir á þema- og orðræðugreiningu á skrifum netverja í kjölfar stofnunar Femínistafélags Íslands árið 2003. Í erindinu er spurt: Með hvaða hætti stuðlar styðjandi kvenleiki að undirskipun kvenna? Er rými fyrir annars konar kvenleika og hvers er hann megnugur? Hvernig er hægt að stuðla að raunverulegu kynjajafnrétti í stað áru kynjajafnréttis? Niðurstöður eru þær að mengandi kvenleiki spillir sambandi ráðandi karlmennsku og styðjandi kvenleika og er litin hornauga. Styðjandi kvenleiki er ein af forsendum þess að hægt er að dvelja innan áru kynjajafnréttis á meðan mengandi kvenleiki getur hugsanlega stuðlað að raunverulegu jafnrétti til lengri tíma litið.

Gyða Margrét Pétursdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Stelpufræði: Frá herbergismenningu til *girl-power*[*]

Stelpufræði (e. *Girl studies*) er nýleg þverfagleg nálgun innan félags- og menntavísinda og endurspegla grósku innan fræðanna. Fræðin einkennast af því að stelpur eru kjarni málsins og veita ákveðið mótvægi við ríkjandi áherslu á drengi sérstaklega innan menntarannsókna. Nálgunin er aðgerðarmiðuð og róttæk bæði hvað varðar efnisval og aðferðafræði. Fræðimenn, þó fyrst og fremst konur, innan stelpufræða vinna aðallega innan eigindlegrar aðferðarfræði. Þær nýta sér gjarnan samstarfsrannsóknir, sjónrænar aðferðir og aðrar nýstárlegar nálganir í rannsóknum sínum.

Lítið hefur farið fyrir þessum hugmyndum hér á landi og er markmið erindisins að opna á umræðu um stelpufræðin, gildi þeirra og mikilvægi. Það verður gert með því að taka saman helstu rannsóknir á sviði stelpufræða, ekki síst innan mannfræði. Að auki verður mikilvægi þess að einbeita sér sérstaklega að stelpum rökstutt. Loks verður greint frá áformum um komandi rannsóknir innan stelpufræða hér á landi en það liggur ljóst fyrir að það er þörf að veita stúlkum sérstaka athygli, ekki síst sökum þeirra óraunhæfu krafna sem stúlkur í okkar samfélagi alast upp við í dag. Þessi mótsagnakenndi þrýstingur tengdur útlitsdýrkun, frama, kynlífi, vináttu, neyslu og nær öllu sem við kemur stelpum felst meðal annars í kröfum um hægláta framagirni, óaðfinnanlegt útlit, djarfleika og meydóm.

Esther Ösp Valdimarsdóttir
Jónína Einarsdóttir

[*] Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Samkynhneigð vitund og þegnréttur
Söguleg orðræðugreining á samkynhneigðri tilvist á Íslandi á 20. öld

Í verki sínu, *Sögu kynvitundar,* fjallar Michel Foucault um það hvernig hinn samkynhneigði þegn verður til í orðræðu samfélagsins. Í erindinu er rakið hvernig vitundin um þann þegn mótaðist í íslenskri orðræðu á 20. öld. Almenningur vissi alla tíð af samkynhneigðri hegðun en skynjaði ekki né skilgreindi hóp þar að baki. Samkynhneigð náði aðeins máli sem glæpur eða sjúkleiki sem upp úr aldamótunum 1900 fékk nafnið kynvilla. Sáralitlar breytingar er að sjá í þessari vitundarsögu fyrr en árið 1975 þegar samkynhneigð fékk „hlutlausa" umfjöllun í fjölmiðli og tengdist nafngreindum einstaklingi. Við þau hvörf færðist orðræðan um samkynhneigð frá því að vera fordæmd og staðsett á jaðri samfélagsins, innan rýmis einkalífsins (*private sphere*), yfir í hið opinbera rými (*public sphere*). Brátt varð rödd samkynhneigðra sjálfra að virku afli í opinberri orðræðu og samfélagslegt réttmæti þeirra radda síðan staðfest með lögum um staðfesta samvist 1996. Við staðfestingu löggjafans öðluðust samkynhneigðir staðfestan þegnrétt í orðræðunni (*civil subject*). Til að draga fram þessa þróun er hér beitt aðferðum krítískrar / sögulegrar orðræðugreiningar í anda Foucault.

Jón Ingvar Kjaran
Þorvaldur Kristinsson

Átök og ágreiningsfjölhyggja
Kvennahreyfingar og lýðræði

Ísland býr við átakahefð í stjórnmálum. Þetta hefur oft verið tengt við karlaslagsíðu stjórnmálanna. En leiðir þátttaka kvenna til annars konar og betri stjórnmála eða meira lýðræðis? Eru konur friðsamari eða siðsamari en karlar? Hver er reynsla kvenna og kvennahreyfinga í þessu ljósi? Í erindinu verða íslenskar kvennahreyfingar skoðaðar í ljósi kenninga Chantal Mouffe um átök og ágreiningsfjölhyggju en hún telur ágreining vera óumflýjanlegan þátt í mannlegum samskiptum. Mouffe telur að til að stjórnmál verði lýðræðisleg verði þau í senn að forðast valdbeitingu og afneitun á ágreiningi. Hin stóra áskorun felst í að „spekja fjandskapinn" (e. antagonism) og vinna að málamiðlunum sem þó fela í sér rými fyrir ágreining (e. agonism). Í erindinu er því haldið fram að kvennahreyfingar séu góður byrjunarreitur til að bæta stjórnmálamenninguna vegna þjálfunar þeirra og tilraunamennsku í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Þorgerður Einarsdóttir

Nýjar flugleiðir – nýir áfangastaðir: Breyttir möguleikar áfangastaða með bættum samgöngum

Erindið fjallar um flugvallarkönnun Rannsóknamiðstöðvar ferðamála, sem gerð hefur verið meðal allra brottfararfarþega með öllum alþjóðlegum flugum frá Akureyrarflugvelli sumrin 2009, 2010, 2011 og 2012. Sérstök áhersla verður á niðurstöður sumarsins 2012, þar sem samhliða var kannað meðal farþega í beinu flugi til Kaupmannahafnar með Iceland Express, líkt og fyrri sumur, en að auki við allar brottfarir í tengiflugi Icelandair við Keflavík. Dregin verður fram sá munur sem er á ferðavenjum og ferðahegðun gesta sem koma með tengifluginu og þeirra sem koma með beinu flugi og þannig hvaða afleiðingar þessi ólíku samgöngulíkön hafa fyrir þróun áfangastaða í ferðaþjónustu. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir tækifærum og ógnunum sem felast í hvoru líkani, þar sem miklar væntingar eru bundnar við beint áætlunarflug með lággjaldaflugfélögum líkt og Iceland Express hjá hagsmunaaðilum ferðaþjónustu. Ef hinsvegar þróun íslenskrar ferðaþjónustu í gegnum tíðina er skoðuð og vægi „hub and spoke" kerfis Icelandair í henni, má leiða líkum að því að varanlegri hagsmunir liggi í tengingu við þeirra kerfi fyrir ferðaþjónustu á hverjum stað, þó hið beina flug geti alltaf komið þar meðfram.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Hver er landslagssérfræðingurinn? Um fagurfræðilegt gildi landslags í ákvarðanatöku og skipulagi*

Efni greinarinnar byggir á niðurstöðum rýnihóparannsóknar sem er hluti af doktorsverkefni mínu í heimspeki um fagurfræðilegt gildi landslags. Markmið rannsóknarinnar var að kanna leiðir til þess að bera kennsl á, meta og taka tillit til fagurfræðilegs gildis landslags í ákvarðanatöku er varðar náttúruvernd og nýtingu. Í stað þess að byrja á því að kanna hvaða leiðir hafa verið farnar í öðrum löndum ákvað ég að byrja á rýnihópsrannsókn þar sem ég ræddi við hóp fólks sem talist geta nokkurs konar "sérfræðingar" í landslagi þar sem allir þátttakendur höfðu fengist við landslagshugtakið í starfi sínu í stjórnsýslu eða akademíu. Einn af þeim rauðu þráðum sem lágu í gegnum umræðu hópsins felst í því viðhorfi að landslag sé margþætt hugtak og að því þurfi að varast smættun og nota mismunandi aðferðir til þess að taka tillit til allra þeirra mismunandi þátta sem einkenna landslag þegar ákvarðanir eru teknar. Í greininni fjalla ég um þau þemu og hugmyndir sem rædd voru í rýnihópnum og skoða út frá þeim hvaða leiðir sé best að fara til þess að auka vægi fagurfræðilegs gildis landslags í ákvarðanatöku.

Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Samgöngur og hreyfanleiki
Áfangastaðurinn Strandir*

Í þessari grein er rannsóknarverkefni um samgöngur og hreyfanleika staða kynnt ásamt frumniðurstöðum. Markmið rannsóknarinnar er að kanna ítarlega hvernig samgöngur, með tilliti til mismunandi ferðamáta, hafa áhrif á hreyfanleika (e. mobility) staða, staðsetja þá á huglægan máta og hvernig sú staðsetning hefur áhrif á ímynd tiltekins svæðis. Horft verður sérstaklega á Strandasýslu og hvernig ímynd hennar er í sífelldri mótun í mismunandi gagnvirkum hreyfanleika fólks og staða. Augum verður beint að hvernig ímynd Strandasýslu er að verða til í dag sem áfangastaður í ferðamennsku. Fjallað verður um hvernig aðilar í ferðþjónustu eru að endurvekja gamlar leiðir og slóða til að sjá hvernig verið er að skapa ímynd svæðisins með hjálp tengslaneta fyrri tíma. Í því samhengi verður byggt á þátttökathugun auk þess sem stuðst verður við fyrstu niðurstöður úr greiningu á viðtölum sem tekin voru við valda einstaklinga sumarið 2012 um hvernig tengsla- og samgöngunet svæðisins hafa tekið breytingum á æviskeiði þeirra. Meðal annarra gagna sem rannsóknin byggir eru kort frá mismunandi sögulegum tímum og sögulegar heimildir sem varpa ljósi enn frekar á hreyfanleika svæðisins. Gögn verða greind með kenningar um staðarhugtakið, hreyfanleika og tengslanet til hliðsjónar.

Katrín Anna Lund
Gunnar Þór Jóhannesson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Ýta auglýsingar undir staðalímyndir kynjanna að mati auglýsingagerðarfólks?*

Hugtakið staðalímynd vísar til almennra hugmynda um einhvern tiltekinn hóp. Auglýsingar hafa af mörgum verið taldar ýta undir staðalímyndir ýmissa hópa, sér í lagi staðalímyndir kynjanna. Það hvernig birtingarmynd karla og kenna er í auglýsingum getur verið til þess fallið að viðhalda og ýta undir gildandi hugmyndir og ríkjandi staðalímyndir um kynin og hefur birtingarmynd kynjanna í auglýsingum því verið notuð sem mælikvarði á það hvernig litið er á kynin í ákveðnum samfélögum.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf þeirra sem vinna við gerð auglýsinga til þessa málefnis. Rannsóknarspurningin var: *Ýta auglýsingar undir staðalímyndir kynjanna að mati auglýsingagerðarfólk?*

Í júní 2011 var rafrænn spurningalisti sendur á 125 starfsmenn á fimm auglýsingastofum á Íslandi. Þátttakendur urðu 46 sem gerir 36% svarhlutfall. Þátttakendur voru annars vegar beðnir um að taka afstöðu til þess hvort auglýsingar ýti undir staðalímyndir karla og hins vegar hvort auglýsingar ýti undir staðalímyndir kvenna.

Niðurstöðurnar sýndu að almennt reynist auglýsingagerðarfólk hvorki sammála né ósammála fullyrðingum sem lúta að því að auglýsingar ýti undir staðalímyndir kynjanna. Nokkur munur reyndist þó vera á mati þátttakenda eftir kyni. Þannig töldu konur auglýsingar frekar ýta undir staðalímyndir beggja kynja heldur en karlar.

María Ingunn Þorsteinsdóttir
Auður Hermannsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Konur og karlar í stjórnun

Þann 1. september 2013 taka gildi lög á Íslandi sem kveða á um að gætt skuli að kynjahlutfalli í stjórnum fyrirtækja sem hafa á ársgrundvelli 50 starfsmenn eða fleiri. Markmið laganna er að tryggja að bæði kynin sitji í stjórnum fyrirtækja en konur hafa verið lítið sýnilegar á þessum vettvangi. Reynt hefur verið að útskýra fjarvist kvenna í þessum stöðum og hafa fræðimenn bent á mikilvægt þess að jafna hlutfall kynjanna í stjórnun til að fá fram ólík sjónarmið og áhrif beggja kynja.

Meginmarkmið rannsóknarinnar sem fjallað er um er að greina viðhorf æðstu stjórnenda til hæfni kvenna til stjórnunar og um mögulegar hindranir á vegi þeirra til frama. Jafnframt er fjallað um viðhorf stjórnenda og almennings til kynjakvótalaganna.

Úrtakið var hentugleika úrtak og rafrænn spurningarlisti var lagður fyrir æðstu og næst æðstu stjórnendur 300 stærstu fyrirtækja landsins og allra ríkisstofnana. Heildarfjöldi í úrtaki var 785 en svarhlutfallið var 50%. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að konurnar eru almennt yngri en karlarnir og 70% þeirra eru fylgjandi setningu kynjakvótalaga en aðeins 25% karlanna. Konunum finnst mikilvægt að jafna hlut kvenna í æðstu stjórnun og þær upplifa einnig að karlarnir hafa síður áhuga á að velja þær til starfa.

Einnig verður grein frá nýjum niðurstöðum um viðhorf þjóðarúrtaks til kynjajafnréttis í æðstu stjórnum fyrirtækja og til laga um kynjakvóta. Félagsvísindastofnun er að framkvæma gagnaöflunina um þessar mundir.

Þórdís Rún Þórisdóttir
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir

Women in boards and women in management A comparative overview of regulation in Iceland and Denmark*

Equal participation of men and women in management and on boards of private and public companies, has in the past years been high on the political agenda in the Nordic countries and in the EU. ICELAND has in 2010 chosen the legislative path and included equal quotas. In DENMARK the government policy was until recently not to legislate on this matter concerning private companies. Instead of legislation the government preferred softer measures. However with the change of government in autumn 2011 this policy changed, and the Social Democratic led government in May 2012 has introduced legislation, however without proposing quotas on boards. This paper gives a comparative overview of the legislation as adopted in Iceland and the recent proposal for legislation in Denmark. Further it also includes a comparative overview of the soft measures that has been used in the two countries. On this background will be identified some similarities and differences in the regulation in the two countries and also some areas for possible inspiration and learning.

Elín Blöndal
Jytte Kaltoft Bendixen

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Ætlarðu að taka peningana af mjólkurpeningunum? „Sögur af stjórnmálaþátttöku kvenna“

Í alþjóðlegum samanburði á stöðu kynjajafnréttis raða Norðurlöndin fimm sér reglulega í efstu sætin. Þrátt fyrir það sýna rannsóknir og tölfræðilegur samanburður ójafna dreifingu milli kynja í æðstu valdastöður norrænna samfélaga. Í greininni verður dregin upp mynd af stöðu kvenna í norrænum stjórnmálum og fjallað um helstu skýringar og kenningar um stjórnmálaþátttöku kvenna. Leitað verður skýringa á því af hverju íslenskar konur voru lengur að brjóta sér leið gegnum hið svokallaða glerþak en konur á hinum Norðurlöndunum en hér á landi hefur stjórnmálaþátttaka kvenna verið minni og þróunin hægari. Stjórnmálaflokkar á Íslandi hófu að nota prófkjör sem framboðsaðferð snemma á áttunda áratug síðustu aldar. Prófkjörin eru nánast einstök að því leyti að um er að ræða forval fyrir uppsetningu framboðslista í hlutfallskosningakerfi. Þátttaka kvenna hefur verið minni en karla í prófkjörum flokkanna jafnvel þótt kjósendur virðast ekki láta kyn frambjóðenda sig miklu máli skipta – ákveðnar vísbendingar eru þó til staðar um að í framboði til forystusætis séu konur líklegri til að bíða lægri hlut en karlar.

Í greininni verða kynntar niðurstöður rannsóknar um reynslu og viðhorf íslenskra stjórnmálakvenna af þátttöku í prófkjörum annars vegar og til notkunnar þeirra við skipan framboðsmála hins vegar. Byggt var á eigindlegri rannsóknaraðferð og viðtöl tekin við á annan tug núverandi og fyrrverandi stjórnmálakonur.

Rósa G. Erlingsdóttir

Félag kvenna í atvinnurekstri og veiting viðurkenningar til Já: Stuðlað að jafnrétti eða misrétti viðhaldið?*

Stuðla árlegar viðurkenningar Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) til kvenna í atvinnulífinu að auknu kynjafnrétti í íslensku samfélagi, eða viðhalda þær misrétti? Rannsóknin beinist að því að svara þessu og skoða um leið tilganginn með FKA og viðurkenningum félagsins.

Í ár var viðurkenning FKA til fyrirtækisins Já gagnrýnd á þeim forsendum að fyrirtækið hefði ekki stuðlað að jafnrétti í verki, heldur þvert á móti. Gagnrýnin byggðist einkum á því að vinnustöð á Akureyri hefði verið lögð niður og 19 konur misst vinnuna. Þá voru viðskipti Já við Egil „Gillz" Einarsson gagnrýnd með þeim rökum að hann stæði fyrir allt annað en jafnrétti kynja. Opinber umræða sem snýr að þessari gagnrýni er greind, bæði fréttir af málinu og umræða af hálfu FKA vegna gagnrýninnar.

Við greiningu gagna er stuðst við kenningar um hugtakið „styðjandi kvenleiki", en kjarninn í styðjandi kvenleika er sá að að viðhalda ráðandi karlmennsku og þar með samfélagslegum völdum karla.

Helstu niðurstöður eru þær að afstaða FKA sem fram kom í umræðum um veitingu viðurkenningarinnar sem gagnrýnd var sé í raun opin gildra styðjandi kvenleika. Hún getur leitt til þess að viðurkenningin sé veitt fyrirtæki sem ýtir undir ráðandi karlmennsku og gengur gegn jafnrétti kynja í rekstri sínum að öðru leyti en því að hafa konur í stjórnunarstöðum.

Anna Pála Sverrisdóttir
Elva Björk Sverrisdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

„Sjómennskan býr alltaf með manni“ Upplifun sjómanna af starfslokum

Starfslok eru flókið ferli sem mótast af margbreytilegum einstaklingsbundnum og umhverfistengdum þáttum. Hjá sjómönnum er umbreytingin meiri en hjá flestum öðrum starfsstéttum þar sem þeir ljúka lífi sínu á sjónum í þröngu samfélagi karlmanna og hefja líf í mun meiri samveru fjölskyldunnar í landi. Markmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun sjómanna af starfslokaferlinu, hvað ýtti undir eða dró úr sátt við umbreytingarnar. Rannsóknin er eigindleg viðtalsrannsókn með þátttöku tólf sjómanna á aldrinum 63-70 ára. Gögnin voru greind samhliða gagnaöflun samkvæmt aðferð grundaðrar kenningar. Niðurstöður sýndu að upplifun sjómanna var ólík. Hjá sumum gerðust breytingarnar frá starfshlutverki til eftirlaunaþega hægt og rólega með stigfækkandi sjóferðum og mismarkvissum undirbúningi. Aðrir voru neyddir til að hætta snögglega og urðu fyrir áfalli og töldu sig enn búa yfir starfsorku til annarra starfa sem ekki væri metin að verðleikum. Þeir töldu sig njóta lítils stuðnings frá vinnuveitenda eða samfélaginu. Sátt sjómanna við starfslok sín var því meðal annars háð því hvernig starfslok bar að garði. Fram kom að þeir sem neyddust til að hætta sjómennsku óskuðu eftir meiri fræðslu, ráðgjöf og stuðning við ótímabær starfslok og til að finna þeim ný störf. Þeir töldu að slík þjónusta væri ekki fyrir hendi á Íslandi.

Kristjana Fenger

Viðhorf heilbrigðisstarfsfólks hjúkrunardeilda á landsbyggðinni til stjórnunar og líðan í starfi

Fjallað er um viðhorf heilbrigðisstarfsfólks hjúkrunardeilda á landsbyggðinni til stjórnunar, starfsánægju og líðan. Þar sem starfsánægja getur ráðið úrslitum um heilbrigði starfsmanna. Lagður var spurningalisti fyrir starfsfólk meðalstórra heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni. Rannsakað var hvort tengsl væru á milli stjórnunar, starfsánægju og líðan starfsfólks og hvort einhvern mun væri að finna eftir búsetu eða starfsstétt. Einnig var lagður fyrir viðhorfakvarði Maslachs, sem mælir kulnun í starfi. Svarendur voru 274 (4 karlar), svarhlutfall var 75%. Yfirgnæfandi meirihluti var ánægður í vinnunni (90%) og 69% þátttakenda stefndu að því að vera á sama vinnustað næstu ár. Flestir voru ánægðir með næsta yfirmann sinn (78%) og vinnuaðstöðu (72%), en færri voru ánægðir með æðstu yfirmenn stofnunar (47%). Þriðjungur þátttakenda hafði orðið var við einelti á vinnustaðnum. Kulnun mældist lítil, en marktæk tengsl voru milli líðanar í starfi og viðhorfa til starfs og stjórnunar. Munur var á starfsánægju og viðhorfum til stjórnunar í nokkrum þáttum eftir búsetu, en minni eftir starfsstéttum. Fram komu tengsl *tilfinningaþrots* við ímynd stofnunar en einnig við neikvæða þætti í stjórnun og samstarfi innan deildar. Starfsfólk tók sér ekki marga veikindadaga vegna vanlíðunar á vinnustað (4%), þrátt fyrir að um 16% þátttakenda fyndist vinnuálagið mjög mikið og nærri helmingur frekar mikið.

Hallfríður Eysteinsdóttir
Hermann Óskarsson
Ragnheiður Harpa Arnardóttir

Einelti á vinnustað í kjölfar efnahagshrunsins 2008*

Síðustu áratugi hafa fleiri og fleiri rannsóknir leitt í ljós að niðurskurður í starfsmannahaldi og breytingar á vinnustað hafi neikvæð áhrif á öryggi starfsmanna, heilsu og líðan. Sérstaklega hefur verið bent á niðurskurð og breytingar í tengslum við verri andlega heilsu, þar á meðal einelti og önnur óæskileg áreiti á vinnustað.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða tíðni eineltis meðal starfsfólks sveitarfélaga og skoða áhrif þess á líðan þeirra. Spurningalisti hefur í tvígang verið lagður fyrir starfsfólk 20 sveitarfélaga með þekkt netfang, janúar-mars 2010 og maí-júní 2011. Það voru 3105 einstaklingar sem svöruðu spurningalistanum í báðum fyrirlögnum og gáfu upplýsingar til að para saman gögnin.

Niðurstöðurnar sýna að einelti er til staðar meðal starfsfólksins, bæði kvenna og karla og það hefur aukist milli fyrirlagna. Algengast er að það séu vinnufélagar sem eru gerendur í eineltinu en einnig eru stjórnendur gerendur í slíkum málum.

Hjördís Sigursteinsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Áhrif togstreitu á milli tekna og sköpunar á viðskiptalíkön í skapandi greinum á Íslandi*

Á síðustu árum hafa stjórnvöld í auknum mæli horft til skapandi greina sem vaxtarsprota í hagrænum skilningi. Rannsóknir hafa hinsvegar sýnt fram á að innrihvatning skiptir listamenn meira máli en tekjur sem hefur leitt til lágra tekna listamanna. Þetta vekur upp spurninguna um hvort innrihvatning og persónulegt gildismat hafi sambærileg áhrif á viðskiptalíkan fyrirtækja og á tekjur einstaklinga. Hálf opin viðtöl voru tekin við 40 einstaklinga sem vinna í skapandi greinum á Íslandi allt frá einyrkjum í myndlist til stjórnenda stærri fyrirtækja. Viðmælendur voru valdir á markvissan hátt til að gefa sem breiðasta mynd af skapandi greinum á Íslandi. Gögnin voru greind með öxul kóðun útfrá persónulegum gildum og fjárhagslegum tilvísunum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að innri hvatning virðist ekki bara hafa áhrif á tekjur einstakra listamanna heldur einnig á viðskiptalíkön í skapandi greinum.

Margrét Sigrún Sigurðardóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Fyrsta starfið að loknu námi

Það að virkja ungmenni er eitt af meginviðfangsefnum stjórnvalda hér á landi og víðar. Rannsóknir hafa sýnt að staða ungmenna er mismunandi eftir því hvaða menntun þau hafa lokið og það skiptir máli að ferlið frá skóla til vinnu gangi vel fyrir sig. Þjóðfélagsþróun undanfarinna áratuga hefur þó gert þessa leið erfiðari ekki síst vegna síbreytilegs atvinnuástands. Fjallað verður um hvernig staða 16-34 ára ungmenna er á Íslandi með tilliti til fyrsta starfsins. Markmiðið er að auka skilning á stöðu ungmenna á leið þeirra frá skóla til vinnu. Niðurstöður byggja á úrvinnslu höfundur úr vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands á öðrum ársfjórðungi 2009. Niðurstöður sýna að aðeins hluti 16-34 ára ungmenna fá fullt starf og fastráðningu, fjölmennur hópur fær ekki vinnu og sum eru hvorki í skóla né vinnu. Atvinnuþátttaka ungmenna á Íslandi er í meðaltali Evrópuríkja, þar sem hún mældist hæst í Hollandi en lægst í Tyrklandi. Hins vegar líður ekki mjög langur tími frá því að námi lýkur þar til þau fá vinnu. Í löndum þar sem mikil áhersla hefur verið á starfsmenntun á framhaldsskólastigi er atvinnuþátttaka ungmenna jafnframt meiri en í löndum þar sem áherslan hefur verið á almennt fræðilegt nám.

Jóhanna Rósa Arnardóttir

Tillögur stjórnlagaráðs um beint lýðræði

Víða um á vesturlöndum má sjá merki lýðræðisbyltingar sem á rót sína að rekja til vaxandi vantrúar á stjórnmál og stjórnmálamenn. Rauði þráður lýðræðishreyfingarinnar hefur því verið aukin áhersla á beina aðkomu almennings að ákvörðunum og hefur m.a komið skýrt fram í opinberum mótmælum og tillögum um stjórnarskrárbreytingar. Þessar hugmyndir birtast með skýrum hætti í frumvarpi stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá sem fela í sér mun fjölbreyttari möguleika almennings á að taka þátt í opinberum ákvörðunum en gert er ráð fyrir í núgildandi stjórnarskrá. Ekki einungis eru þar að finna möguleika almennings á að fella sett lög Alþingis úr gildi, eins og gert var í þjóðaratkvæðagreiðslum um Icesave samningana, heldur er opnað fyrir möguleika fólks á að leggja fram ný lög fyrir Alþingi og setja mál á dagskrá þingsins.

Í þessari grein verður fjallað um tillögur stjórnlagaráðs í ljósi núgildandi stjórnarskrár en skiptar skoðanir eru vitaskuld á áhrifum beins lýðræðis á íslensk stjórnmál. Sérstaklega verður litið til reynslu annarra vestrænna ríkja s sýnir ótvírætt að miklu skiptir hvernig slíkar tillögur eru útfærðar þannig að markmið þeirra rími við ríkjandi stjórnmálamenningu. Því er mikilvægt að vönduð umræða eigi sér stað um útfærslu slíkra tillagna áður en þær verða endanlega samþykktar.

Salvör Nordal

Tillögur stjórnlagaráðs um fyrirkomulag kosninga, útfærslur og álitamál

Stjórnlagaráð var skipað af Alþingi vorið 2011 til þess að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Ráðið skilaði tillögum sínum í formi frumvarps að nýjum stjórnskipunarlögum í júlílok 2011. Alþingi fól ráðinu sérstaklega að taka til umfjöllunar ákvæði um kosningar og kjördæmaskipan, hvað ráðið og gerði í einni umfangsmestu og mikilvægustu tillögugrein sinni, 39. gr.

Tillagan felur í sér gjörbreytt fyrirkomulag kosninga til Alþingis: Mælt er fyrir um jafnt vægi atkvæða. Landið sé að grunni til eitt kjördæmi, en ef því er skipt upp skal boðið upp á landslista auk kjördæmislista. Kjósendur skulu geta kosið einstaklinga innan kjördæmis sem og af landslistum, jafnvel óháð flokkum.

Þessu fyrirkomulagi er nánar lýst, sérstaklega nýmælum þess. Bent er á fordæmi eða hliðstæður úr erlendum kosningaákvæðum og fjallað um gagnrýni sem hefur fram komið á tillöguna. Þá verður því velt upp með tvennum hætti hvernig útfæra megi ákvæðin í kosningalögum; annars vegar með þröngri og hins vegar víðri túlkun á stjórnarskrárgreininni. Í því sambandi verður sjónum einkum beint að aðferð færanlegs atkvæðis, STV (e. single transferrable vote). Þar sem persónukjöri og listakjöri er á vissan hátt blandað saman í hinu ráðgerða stjórnarskrárákvæði þarf að útvíkka STV-aðferðina með reiknifræðilega áður óþekktum hætti.

Þorkell Helgason

Þingræði dregið í dilka: Um afbrigði þingræðis í nútíð og fortíð*

Þrískiptingin forsetaræði – „forsetaþingræði“ (e. semi-presidentialism) – þingræði er notuð til að flokka útfærslur síðustu áratuga af fulltrúalýðræði. Samkvæmt henni fellur þingræði í tvo meginflokka eftir því hvort þjóðhöfðingi er nánast valdalaus eða hvort hann er þjóðkjörinn forseti með verulegt sjálfstætt vald gagnvart þingræðislegri ríkisstjórn. Þessi flokkun er ekki ætluð til sögulegra nota því að í fortíðinni er ekki sjálfgefið að þjóðhöfðingi með sjálfstætt vald sé forseti, hvað þá þjóðkjörinn forseti. Í erindinu verður þess freistað að flokka söguleg dæmi um stöðu ríkisstjórna gagnvart annars vegar þjóðhöfðingja (hvort hann er sjálfur leiðtogi ríkisstjórnar, sjálfráður um val forsætisráðherra, bundinn af vilja þingmeirihluta, eða kemur hvergi nærri), hins vegar þjóðþingi og þingflokkum (þar sem reynir á þingræðið sjálft), á mismunandi stigum fulltrúalýðræðis. Í dæmunum kemur fram hvernig lýðræðisþróun gat af sér hugmyndirnar um ábyrgðarlausan þjóðhöfðingja (upphaflega konung) og síðar um forsætisráðherra sem þjóðarleiðtoga. Bent verður á að við merking þingræðishugtaksins (tengd völdum og virðingu þjóðþingsins á hvaða sviði sem er), sem kalla má ráðandi í pólitískri umræðu á Íslandi, er óþekkt í sögulegri umfjöllun.

Helgi Skúli Kjartansson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Þjóðfélagsbreytingar á Íslandi
Iceland as a semi-peripheral country

Rannsóknir á víðtækum þjóðfélagsbreytingum hafa undantekningarlítið verið fyrirferðalitlar í íslenskum samfélagsrannsóknum hin síðari ár. Eftir nokkrar eftirtektarverðar tilraunir í bernsku þjóðfélagsfræðinnar á Íslandi virðist áhersla nú á afmarkaðri rannsóknir í anda positívismans. Í safni kenninga um þjóðfélagsbreytingar má greina þrjá meginstrauma. Í fyrsta lagi kenningar um nútímavæðinguna sem eiga rætur sínar í klassískri félagsfræði (*Modernization theory*). Í öðru lagi skýringar á eðli og þróun einokunar- og fjármálakapitalismans (*Monopoly Capitalism*). Og þriðja heimsskoðunin lítur á veröldina sem eitt innbyrðistengt alþjóðlegt kerfi á heimsvísu (*World-Systems Analysis*). Hugmyndin er að bera saman þessa skóla og kanna hvort síðastnefnda kenningasafnið eða aðferðafræðin geti betur skýrt þjóðfélagsþróunina hér á landi en aðrar kenningar. Verður þá sérstaklega hugað að því hvort Íslandi svipi til þeirra ríkja sem nefnd hafa verið hálfjaðarlönd (*semi-peripheral countries*). Slík ríki eru annars vegar sögð hafa til að bera viss einkenni sem eru dæmigerð fyrir kjarnalönd (*core countries*) og hins vegar aðra þætti sem oft auðkenna jaðarlönd (*peripheral countries*). Því er haldið er fram að innri átök og pólitísk barátta í hverju landi fyrir sig verði vart skilin til hlítar nema unnt sé að finna viðkomandi ríki staðsetningu í efnahagskerfi heimsins.

Ingimar Einarsson

Three dimensions of social capital and government performance*

Bandarískri stjórnmálafræðingurinn Robert Putnam hefur verið leiðandi í rannsóknum á félagsauð og hafa mæliaðferðir hans á fyrirbærinu notið mikilla vinsælda. Putnam telur að félagsauður felist í félagstenglum einstaklinga og þeim margskonar jákvæðum samfélagslegum áhrifum sem leiða af trausti, gagnkvæmni og samvinnu sem tengist félagstengslum. Lykilþættir í kenningu hans eru félagslegt traust, borgaraleg þátttaka og félagsleg virkni, og miðast mæliaðferðir hans við að mæla umfang og áhrif þessara þátta út frá stöðluðum tölfræðigögnum. Þrátt fyrir miklar vinsældir þá hafa kenningar og aðferðarfræði Putnams verið umdeildar og hafa ýmsir fræðimenn bent á að það gangi ekki upp, hvorki kenningalega né aðferðafræðilega, að leggja að jöfnu þátttöku og traust þar sem þessir þættir eru ekki að mæla það sama og geta því ekki verið metnir á sama mælikvarða.

Rannsóknin gengur út á að skoða félagslega virkni, þátttöku og traust meðal íbúa íslenskra sveitarfélaga og meta hvort þessir þættir félagsauðs hafa jákvæð áhrif á stjórnsýslu sveitarfélaganna. Hugsanlegt er að virkni, þátttaka og félagslegt traust fari saman eins og kenning Putnams um félagsauð segir til um, en einnig er mögulegt að virkni og þátttaka geti verið til staðar án trausts og að þessir þrír þættir hafi ólík áhrif á stjórnsýslu sveitarfélaga. Gögn rannsóknarinnar eru úr rannsókn á íbúalýðræði, sem framkvæmd var árið 2009.

Sjöfn Vilhelmsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Undrabörnin

Bandarískri ljósmyndarinn Mary Ellen Mark hélt sýningu í Þjóðminjasafni Íslands 09.09.2007-27.01.2008. Titill sýningarinnar var *Undrabörnin*. Sýndar voru ljósmyndir teknar í íslenskum sérskólum fyrir fötluð börn. Samhliða kom út ljósmyndabók með sama heiti. Mary Ellen Mark er einn þekktasti núlifandi ljósmyndari heims. Myndirnar af íslensku undrabörnunum falla vel að stíl hennar sem einkennist af því að mynda óvenjulegt fólk, sem oftar en ekki er á jaðri samfélasins; utangarðsfólk eða viðundur. Í erindinu fjalla ég um undrabörnin eins og þau birtast í sýningu og bók Mary Ellen Mark og byggi greininguna á fötlunarfræði og þeim áherslum sem hafa verið í málefnum fatlaðra barna undanfarna áratugi. Myndir Mary Ellen Mark vekja áleitnar spurningar um þátt lista við að ögra og breyta aðstæðum jaðarhópa eða ítreka og staðfesta hefðbundna sýn, útskúfun og staðalmyndir. Í erindinu leiði ég rök að því að ljósmyndir Mary Ellen Mark og textinn sem fylgir í ljósmyndabók hennar leggi sitt af mörkum við að (endur)skapa og viðhalda þeim skilningi að fötluð börn séu ólík öðrum börnum, afbrigðileg og undarleg, og að líf þeirra sé harmleikur. Jafnframt rýni ég í afleiðingar af boðskap og áhrifamikilli listrænni framsetningu Mary Ellen Mark á menningarbundinn skilning á fötluðum börnum og samfélagslegri stöðu þeirra.

Rannveig Traustadóttir

Fötlunarlist

Fötlunarlist á rætur að rekja til mannréttindabaráttu fatlaðs fólks og helst í hendur við fötlunarmenningu og fötlunarpólitík. Hún beinir sjónum að umhverfinu og felur í sér gagnrýna ádeilu á samfélagslega útskúfun og undirokun fatlaðs fólks. Þannig er listin notuð til að afhjúpa mismunun og fordóma sem fatlað fólk mætir í samfélaginu. Fötlunarlist felur í sér pólitískt andóf sem skorar á ráðandi hugmyndafræði og skapar nýjar ímyndir sem ögra ríkjandi staðalmyndum. Hingað til hefur fötlunarlist verið lítt áberandi á Íslandi og fatlað fólk ekki unnið meðvitað og markvist í anda fötlunarlistar eins og þekkist í Bretlandi og Bandaríkjunum. Hins vegar eru mörg dæmi þess að fatlað fólk hér á landi noti skapandi aðferðir í andófi sínu.

Í erindinu verður upphaf fötlunarlistar á Íslandi skoðað, bæði fyrstu vísarnir að fötlunarlist en eins fyrstu markvissu skrefin sem hafa verið stigin í að nota fötlunarlist og þá sérstaklega í tengslum við gjörninga, uppistand og ljósmyndir.

Hanna Björg Sigurjónsdóttur
Kolbrún Dögg Kristjánsdóttur

Congenital deafness and interaction
The impact of different disability models

Research into issues of childhood deafness is predominantly based on a medical approach, in which diagnosis and treatment of impaired hearing capacities are emphasised. Most contemporary early intervention programmes also focus on development of spoken language when supporting children with congenital deafness. Furthermore, technological developments in the field of cochlear implantation (CI) have resulted in new opportunities for spoken language development, and they have strongly influenced parents' care-related decision making. With the development of CI has come an even stronger focus on spoken language development, especially among hearing parents – who represent 90 percent of all parents of congenitally deaf children. By contrast, many deaf parents approach their child's deafness from a cultural-linguistic perspective, in which their child belongs to a minority with their own language, culture and identity. In this approach, sign language is considered the first language, and the concept of disability is rejected.

Hardonk et al. demonstrated the important role of different constructions of deafness in parents' care-related decision making. However, until today little is known about the interplay between parents' construction of deafness and the quality of interactions between mothers and their deaf children. Therefore, we conducted in-depth analysis of the interactions of three mother-child dyads in relation to parents' constructions of deafness and their preferences with regard to communication mode. The results show mother-child interactions aligning with components of parents' construction of deafness, such as their expectations regarding social participation, and their relations with family members and professionals. Our findings inspire further research, policy and practice.

Stefan Hardonk
Liesbeth Matthijs
Kimberley Mouvet
Gerrit Loots

Hvað gerir góðan táknmálstúlk?

Erindið leitar svara við spurningunni *Hvað gerir góðan táknmálstúlk?* Og byggir á eigindlegum viðtölum við döff notendur túlkaþjónustu, táknmálstúlka og sérfræðinga á sviði táknmáls. Markmið rannsóknarinnar var hagnýtt og niðurstöðum ætlað að gagnast þeim sem tengjast táknmáli og túlkun þess. Táknmálstúlkun er svið sem lítið hefur verið rannsakað og því mikilvægt að afla þekkingar á því hér á landi. Rannsóknin er á sviði fötlunarfræða og er unnin samkvæmt nálgun grundaðrar kenningar innan eigindlegrar rannsóknarhefðar með viðtölum við 20 einstaklinga. Þar sem algengt er að döff fólk hafni því að vera flokkað með fötluðu fólki og skilgreini sig sem málminnihlutahóp, var sjónum sérstaklega beint að því hvernig döff fræði og fötlunarfræði tengjast. Helstu niðurstöðurnar sýna að túlkaþjónusta hefur þróast hratt undanfarna áratugi, samhliða þróun á samfélagi döff fólks. Meðal þess sem döff þátttakendur töldu mikilvægt var að táknmálstúlkar viðurkenni samfélag þeirra og menningu. Þau vilja að túlkurinn sé sjálfstæður og öruggur í sínu starfi. Táknmálstúlkarnir lögðu áherslu á að vera faglegar og á mikilvægi þess að öðlast trúnað og traust döff samfélagsins. Niðurstöður gefa til kynna að döff fólk og fatlað fólk deili félagslegum og menningarlegum sjónarhornum á samfélagslega stöðu sína og geti sameinast í baráttunni fyrir jafnrétti og fullum mannréttindum.

Árný Guðmundsdóttir
Rannveig Traustadóttir

Heildræn hjúkrun: Innan og utan rammans

Erindið fjallar um einstök þemu í rannsókn meðal lækna og hjúkrunarfræðinga á viðhorfum þeirra til hugmynda um heildræna heilsu og tengd efni.

Gögnum var aflað með eigindlegri rannsókn þar sem viðtöl voru tekin við hjúkrunarfræðinga og lækna sem hafa sérstaklega kynnt sér heildræna heilsu og/eða heildræn meðferðarúrræði. Einnig voru þátttökuathuganir framkvæmdar á fyrirlestrum, ráðstefnum og öðrum viðburðum þar sem meðlimir úr heilbrigðisstéttunum tveimur ræddu ýmis mál tengd heildrænni heilsu.

Rannsóknin gefur til kynna að hluti hjúkrunarfræðinga og lækna á Íslandi er að opnast fyrir hugmyndum um heildræna heilsu, endurskoða sýn sína á samband huga og líkama og sumir þeirra að gefa ýmsum heildrænum eða „óhefðbundnum" meðferðum aukinn gaum. Viðmælendur rannsóknarinnar telja að nýtt tímabil sé að hefjast í heilsuvísindum eða sé jafnvel þegar hafið. Nýja tímabilið einkennist af aukinni áherslu á heildræna þætti og fráhvarfi frá smættunarhyggjunni sem hefur verið ríkjandi í rannsóknaraðferðum og hugmyndafræði vestrænna vísinda síðustu aldirnar. Margir viðmælendanna tala um að til að útskýra ýmis veikindi og finna bót á þeim þurfi að rýna í umhverfi, lífstíl og þankagang manneskjunnar auk líkama hennar. Samband huga, líkama og annarra þátta er einmitt kjarni hugmynda um heildræna heilsu.

Sveinn Guðmundsson

Ógreindur: Á jaðrinum, án handleiðslu*

Lítið sem ekkert er um rannsóknir á fólki sem endurtekið leitar lausna innan heilbrigðiskerfa vegna ógreinds heilsufarsvanda. Vísbendingar gefa þó til kynna að um sé að ræða nokkurn fjölda einstaklinga og að líf þeirra einkennist af jaðarstöðu. Markmið erindisins er að varpa ljósi á lífsreynslu þessa einstaklinga. Stuðst er við heildræna sýn heilsumannfræðinnar en hún skoðar líf einstaklinga í órjúfanlegu samhengi við umhverfi þeirra. Samtímis einkennist heilsumannfræðin af gagnrýnum, siðferðilegum sjónarmiðum og áherslu á félagslegt réttlæti. Tekin voru lífsöguleg viðtöl við átta þátttakendur sem höfðu verið án sjúkdómsgreiningar í að lágmarki fimm ár. Sex þeirra hafa fengið einhverja greiningu, t.d. astma, vefjagigt, gersveppaóþol eða sjálfsofnæmi, og tveir hafa enga greiningu fengið. Aðdragandi meðfylgjandi jaðarstöðu var skoðaður, sem og þær aðstæður sem höfðu áhrif á hana. Niðurstöður gefa til kynna að skortur sé á skipulögðum farvegi innan heilbrigðiskerfisins fyrir þennan hóp sjúklinga. „Líf án sjúkdómsgreiningar" virðist að miklu leyti snúast um líf án handleiðslu og stuðnings. Þó afgerandi sjúkdómsgreining sé mikilvæg fyrir bætta líðan er ekki síður mikilvægt að sjúklingurinn sé virkur í lækningaferlinu sem og að hann mæti umhyggjuríkri handleiðslu heilbrigðisstarfsfólks. Þátttakendur vilja heildstæða handleiðslu og leiðsögn sem þeir eiga rétt á sem sjúklingar en neikvæð menningarbundin túlkun á hugtökunum „sjúklingur" og „sjúkdómur", virðist hamla því að þátttakendur sæki þann rétt sinn.

Halldóra Pálsdóttir
Jónína Einarsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

„Ég er gjörbreytt manneskja“ - Félagsleg hlutverk og lífsviðhorf kvenna í bata eftir brjóstakrabbamein

Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig afdrifaríkur atburður eins og sá að greinast með lífsógnandi sjúkdóm hefur áhrif á félagsleg hlutverk og lífsviðhorf kvenna. Rannsóknin var eigindleg og gögnum safnað með hálfstöðluðum viðtölum við 25 konur sem höfðu lokið formlegri meðferð við brjóstakrabbameini. Stuðst var við vinnulag grundaðrar kenningar með áherslu á mettun gagna, þemagreiningu og sífelldan samanburð milli frumgagna og túlkunar.

Það að greinast og ganga í gegnum meðferð við lífsógnandi sjúkdómi breytti lífssýn og gildismati kvennanna og samskiptum þeirra við félagslegt umhverfi sitt til frambúðar. Konurnar höfðu frá upphafi ólíka sýn á aðstæðurnar auk þess sem bjargráð þeirra og félagslegur stuðningur var með ýmsum hætti. Atburðurinn neyddi þær til þess að endurmeta líf sitt og forgangsraða og með tímanum tókst flestum þeirra að vinna úr reynslunni á jákvæðan máta. Hlutverk þeirra innan fjölskyldunnar, þ.m.t. makahlutverkið, breyttust sem og dagleg viðfangsefni. Ýmsir þættir í umhverfinu urðu til þess að ýta undir eða hindra jákvæða aðlögun kvennanna. Stuðningur fjölskyldu og vina skipti miklu ekki síst þar sem aðgengi að eflandi þjónustu og stuðningi fagfólks var ekki tryggt. Niðurstöðurnar gefa tilefni til þess að íhuga hvort hin opinbera þjónusta sem er í boði fyrir konur í þessum aðstæðum fullnægi þörfum þeirra.

Guðrún Pálmadóttir

Langvinnir verkir á Íslandi
Alvarleiki, útbreiðsla og verkjamynstur

Í erindinu verður greint frá rannsókn á verkjum meðal almennings á Íslandi og fjallað verður um alvarleika, útbreiðslu og mynstur langvinnra verkja meðal almennings á Íslandi.

Spurningalisti var sendur til 4500 einstaklinga valdra úr þjóðskrá á aldrinum 20-70 ára. Til að tryggja öflun upplýsinga úr öllum landsfjórðungum var úrtakið lagskipt m.t.t. búsetu.

Svörun var mismunandi eftir kyni, aldri og þjóðerni. Heildarsvörun var 36,9%, 40,6% meðal þeirra sem báru íslensk nöfn en 8,6% meðal einstaklinga sem af nafninu að dæma voru af erlendu bergi brotnir. Meðal þeirra sem svöruðu voru 56,9% konur og 43,1% karlar.

Helstu niðurstöður eru þær að 55% þátttakenda sögðust hafa fundið fyrir verkjum síðastliða viku og 47,5% voru með langvinna verki (≥3 mánuði) sem varað höfðu í 9,3 ára að meðaltali. Algengast var að verkirnir væru staðsettir í neðri hluta baks, og síðan í hálsi, herðum og öxlum. Algengustu orsakir verkjanna voru vöðvabólga, gamlir áverkar, líkamlegt slit vegna langvarandi álags og gigtsjúkdómar. Útbreiðsla og mynstur verkjanna var mismunandi. Flestir þeirra sem voru með langvinna verki fundu fyrir verkjum á fleiri en einum stað og um þriðjungur sagðist stöðugt finna fyrir verkjum. Munur var á orsökum, útbreiðslu og hegðun verkjanna eftir kyni, aldri, menntun, starfsstétt og búsetu þátttakenda.

Þorbjörg Jónsdóttir
Sigríður Gunnarsdóttir
Helga Jónsdóttir

Hraðakstur án öryggisbeltis

Í greininni er orðræða í dönskum fjölmiðlum skoðuð með það að augnamiði að greina hvaða efasemdir þeir höfðu um íslensku útrásina. Orðræðan er sett í samhengi við kenningu Baldurs Þórhallssonar um „skynjaða“ og „valda“ stærð. Rannsóknarspurningin er hvort að Ísland hafi reynt að velja sér nýja stærð og jafnframt hvort það hafi tekist. Danskir fjölmiðlar voru gagnrýndir á Íslandi fyrir að vera óbilgjarnir, ósanngjarnir og almennt séð neikvæðir í garð Íslendinga en umfjöllun þeirra um íslenskt efnahagslíf og útrásina á árunum 2004-2008 vakti mikla reiði. Þannig var umfjöllun þeirra í miklu ósamræmi við þá orðræðu sem var ríkjandi á Íslandi en þar var lögð áhersla á yfirburði Íslendinga. Þeir væru forn einstök þjóð, einhvers konar víkingar nútímans gæddir eðlislægum eiginleikum sem veittu þeim einstaka hæfileika á sviði viðskipta.

Ljóst er að skynjun Íslendinga á eigin getu eða hæfileikum var í engu samræmi við hugmyndir danskra fjölmiðla. Óheiðarleiki og ógagnsæi voru í aðalhlutverki í orðræðu danskra fjölmiðla. Hinn alvarlegi skortur á gagnsæi og rekjanleika sem einkenndi ekki einungis viðskiptahætti Íslendinganna heldur einnig eignarhald fyrirtækja þeirra dró verulega úr trúverðugleika hins gífurlega árangurs sem útrásin var talin hafa skilað. Ekki væri hægt að sannreyna að velgengni útrásarvíkinganna byggði á heiðarlegum viðskiptaháttum. Þetta hafði það í för með sér að danskir fjölmiðlar efuðust um varanleika útrásarinnar og hve stöndugt íslenskt efnahagslíf í raun væri. Þá má ekki gleyma reynsluleysi ungu útrásarvíkinganna og hve ný hugmyndafræði þeirra, ef svo mætti kalla, var. Þannig hafi hvorki útrásarvíkingarnir né hugmyndafræði þeirra verið búin að sanna gildi sitt.

Niðurstöður greinarinnar eru að Ísland hafi reynt að velja sér nýja stærð sem endurspeglaði ímynd af Íslendingum sem risum með eðlislæga hæfileika á sviði viðskipta en það tókst ekki eins og kemur fram í efasemdum og vantrú danskra fjölmiðla á íslensku efnahagslífi og útrásinni.

Þórdís Bernharðsdóttir
Silja Bára Ómarsdóttir

Siðrof og tímasetning þess*

Um Siðrof í 8. bindi skýrslu RNA (Rannsóknarnefnd Alþingis)
Siðrof, *anomie*, er hugtak sem franski heimspekingurinn Emil Durkheim kynnti fyrir aldamótin 1900. Með hugtakinu „siðrof" er átt við að almennt viðteknum venjum er hafnað og upplausn verður í samfélagi eða skipulagsheild. Í aðdraganda hruns fjármálastofnana á Íslandi árið 2008 má sjá fjölda dæma þar sem stjórnendur fjármálastofnana túlkuðu reglur að þörfum, lög voru sveigð og farið á lagasvig, reglur um reikningahald voru sveigðar. Í 8. bindi skýrslu RNA eru tiltekin fjöldi dæma sem má heimfæra undir siðrof. Höfundur hyggst fjalla um tiltekin dæmi í aðdraganda hruns og heimfæra þau undir siðrofshugtakið.

Vilhjálmur Bjarnason

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Hrunið í borgarlandslaginu*

Robert Z. Aliber spáði fyrir um fall bankanna og hrunið þegar hann kom til Íslands vorið 2008. Hann sagðist hafa séð blikur á lofti eftir að telja byggingarkranana, svo lítið hagkerfi þyldi ekki svona marga byggingarkrana. Á þessum tíma voru miklar breytingar og uppbygging í gangi í samfélaginu. Ný og betri framtíð með auknum lífsgæðum var talin vera í vændum. Orð Alibers voru í algjörri andstöðu við það sem stjórnmálamenn og aðilar viðskiptalífsins sögðu. Þrátt fyrir viðvaranir Alibers og fleiri góðra manna kom efnahagshrunið eins og þruma úr heiðskýru lofti. Á stuttum tíma fengu kranarnir sína hvíld og lögðust í dvala eftir langa og mikla vinnutörn. En eftir stóðu opnir grunnar og hálfkláruð mannvirki. Í dag, 4 árum síðar, stendur stór hluti áðurnefndra opinna grunna og hálfkláruðu mannvirkja enn ókláraður. Í nágrenni við þessar stöðnuðu framkvæmdir er fólk sem lifir þar og starfar. Útsýnið úr til að mynda stofuglugganum er opinn grunnur og börnin þurfa að fara fram hjá byggingarsvæðum til að komast á leiksvæði. Áhrif slíks nágrennis á einstaklinga og samfélagið hafa lítið verið rædd. Borgarlandslagið byrjaði að breytast í tíð góðærisins svo kallaða og tók sig enn aðra mynd eftir efnahagshrunið.

Hrafnhildur Sverrisdóttir
Gísli Pálsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Reynsla og upplifun mótmælenda í Búsáhaldabyltingunni

Búsáhaldabyltingin svokallaða gefur færi á að rannsaka þau ferli sem virkjað geta útbreidda þátttöku meðal almenning í fjöldamótmælum og óeirðum. Þótt Búsáhaldabyltingin geti varla talist eiginleg félagsleg bylting var þátttaka í mótmælunum í Reykjavík haustið 2008 og í byrjun árs 2009 afar mikil meðal almennings, en áætlað er að um fjórði hver íbúi höfuðborgarsvæðisins hafi tekið þátt í mótmælunum. Fjöldamótmæli af þessari stærðargráðu eru sjaldgæf í lýðræðisríkjum nútímans. Enn fremur gefur sögulegur aðdragandi mótmælanna, það er hin skyndilega kreppa sem átti sér stað í kjölfar langvarandi efnahagsframfara, tilefni til þess að skoða og bera saman skýringagildi lykilkenninga í rannsóknum á félagslegum hreyfingum. Í erindinu verður þetta gert með því að skoða bæði eigindleg og megindleg gögn. Kynntar verða niðurstöður úr eigindlegri viðtalsrannsókn okkar á reynslu og upplifun einstaklinga sem þátt tóku í Búsáhaldabyltingunni. Enn fremur verða þær niðurstöður ræddar í tengslum við spurningalistarannsókn á félags- og efnahagslegum einkennum og viðhorfum mótmælenda.

Jón Gunnar Bernburg
Linda Björk Pálmadóttir

Hver er okkar hagur? Viðhald og mótun sjálfsmynda í fjölþjóðlegum friðaraðgerðum

Í opinberri umræðu um friðargæslu er lögð áhersla á að Íslendingar geri skyldu sína og stuðli að friði með því að leggja sitt af mörkum til alþjóðasamfélagsins. Ísland skipar sér þar í sveit með Norðurlöndum og öðrum vestrænum ríkjum sem hafa að markmiði að byggja upp og styðja við þjóðir og ríki sem þarfnast endurreisnar og aðstoðar eftir stríðsátök.

Markmiðið er að skoða hvernig þátttaka Íslands í friðargæslu í norrænu og alþjóðlegu samhengi er bæði undir áhrifum af sköpun sjálfsmyndar og þáttur í stöðugri endursköpun sjálfsmyndar íslensku þjóðarinnar.
Litið er á sjálfsmynd sem frásögur um það hver við erum, hver við erum ekki og hverjir hinir eru.

Kenningarlegur grunnur er félagsleg mótunarhyggja sem gerir ráð fyrir að vald felist m.a. í því sem er viðtekið sem rétt, satt og eðlilegt og kenningum djúpsálarfræði um hið ómeðvitaða. Litið er svo á að það sé samspil á milli ríkjandi orðræðu og þess sem er ómeðvitað útilokað í frásögunum um hver við erum og hver við erum ekki.

Stuðst er við gögn frá þáttökuathugun á vettvangi friðargæslunnar erlendis, opinber gögn og viðtöl við friðargæsluliða.

Í greininni verður sjónum beint að sögum sem ekki eru sagðar – þ.e. því sem er meðvitað eða ómeðvitað sleppt, við mótun sjálfsmyndar Íslendinga sem þátttakenda í friðar– og uppbyggingastarfi alþjóðsamfélagsins.

Helga Þórólfsdóttir

„Tveggja bjóra ákvörðun“ Íslenskar umræður um Norðurlönd á útrásartímum

Fræðimaðurinn Andreas Huyssen hefur bent á að þrátt fyrir aukna samtengingu heimsins haldi þjóðríkið áfram að vera mikilvægur vettvangur athafna og ímynda sem tengdar eru minningum á ákveðin hátt. Huyssen bendir á að eitt einkenni samtímans er linnulaus upprifjun fortíðarinnar þar sem sögulegur atburðir skapa ákveðinn ramma til að skilja samtímann. Jafnframt hafa fræðimenn um langa hríð benti á mikilvægi þess fyrir mótun þjóðernislegra sjálfsmynda að afmarka sjálfsmynd á sterkari hátt út frá tengslu við aðra frekar en að um einangrun sé að ræða (Fredrik Barth, 1969).

Í fyrirlestrinum er fjallað um umræður á Íslandi um aðrar norðurlandaþjóðir á útrásartímum, eða nánar tiltekið í viðskiptablöðunum Markaðurinn og Viðskiptablaðið árin 2006 og 2007. Sérstaklega er spurt að hvaða hugmyndir um Íslendinga sjálfa og stöðu íslenska þjóðríkisins endurspeglast í þessum umræðum. Einnig er skoðað hvernig byggt er ákveðinni fortíð og ímyndum fortíðarinnar og hvernig hún tekur ákveðið form á þessum seinustu árum íslensku útrásarinnar. Byggt er á gögnum sem safnað var fyrir verkefnið *Íslensk sjálfsmynd í kreppu* sem styrkt hefur verið af Rannsóknarsjóð Háskóla Íslands.. Sýnt er fram á í fyrirlestrinum að mikilvægur þáttur báðum blöðum er umræða stöðu Íslands í hnattrænu samhengi, og þá sérstaklega staða landsins í tengslum við Danmörku sem hefur sterka skýrskotun til fyrri tengsla Íslands og Danmerkur.

Kristín Loftsdóttir

Íslensk sjálfsmynd í Brasilíu*

Á seinni hluta 19. aldar settust 37 Íslendingar að í suðurhluta Brasilíu og er áætlað að afkomendur þeirra í dag skipti hundruðum. Saga íslensk ættaðra Brasilíubúa er ólík sögu afkomenda Íslendinga í Kanada að því leyti að um mjög fámennan hóp var að ræða sem ekki náði að viðhalda íslenskri menningu, siðum né tungumáli milli kynslóða. Þrátt fyrir það er áhugi afkomendanna á íslenskri arfleið sinni til staðar og íslenskur uppruni þeim mikilvægur.

Sjálfsmyndir Brasilíufólks af íslenskum uppruna er rannsóknarefni doktorsnáms míns og er rannsókninni ætlað að skoða félagslegan veruleika afkomendanna í Brasilísku samfélagi innan kenningaramma tvíheima. Tvíheimakenningar eru taldar geta verið menningarlegir og sögulegir útskýringarþættir á félagslegum veruleika þar sem meðal annars finnast birtingarmyndir minninga, langana og samsömunar og þar að auki ósk um að tengjast heimkynnum forfeðranna.

Eigindlegri rannsóknaraðferð er beitt í verkefninu sem byggist á vettvangsathugunum og viðtölum við afkomendur Íslendinga í Brasilíu. Aðferðin er notuð til að öðlast skilning á félagslegum veruleika afkomendanna og skilja á hvaða grunni hann er byggður á.

Í þessum fyrirlestri (grein) beini ég sjónum mínum að mikilvægi sjálfsmynda byggðra á íslenskum uppruna fyrir afkomendur Íslendinganna. Spurt verður að hvaða leyti mótast sjálfsmyndir þeirra af hugmyndum um Ísland, hvaðan koma þær hugmyndir og hver er birtingarmynd þeirra.

Eyrún Eyþórsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Europeanization of identity in a non-member state: The case of Iceland

An intriguing question in the analysis of Europeanization is to what extent the European integration process has penetrated participating non-EU member states such as the non-member EEA countries Norway, Iceland and Liechtenstein. The most easily recognized would be Europeanization's effects on national politics and policies. More elusive would be its effect on identity and culture. In this paper the case of Iceland will be analysed, and the fundamental question to be dealt with is if the European cooperation has had an impact on the national discourse and national identity. Iceland applied for EU membership on 16 July 2009. Prior to that, it had taken an indirect route in its involvement in European integration. Iceland has been one of a relatively small group of sovereign western European states outside the European Union. Even without membership of the EU, Iceland has gone deeply into the integration process. Iceland has been one of three non-EU states in the European Economic Area (EEA). In 2001 Iceland began full participation in the Schengen Agreement, the main purpose of which is to guarantee the freedom of movement across borders within the area without passport control. It has even been argued that Iceland could, and should, adopt the euro as its currency, without joining the EU. Also, Iceland's security situation changed drastically in 2006, with the closing of an American military base in Keflavík and the withdrawal of all US forces from Icelandic territory. These events have prompted closer cooperation with Iceland's European neighbours in security matters. But how, if at all has this influenced the national discourse and national identity? This paper will address that issue with a content analysis of the Icelandic media, trying to find traces of European identity in a highly nationalistic society.

Magnús Árni Magnússon

Huldar víddir heimabólsins: Um rými og dulrænar reynslusagnir kvenna í íslenska bændasamfélaginu*

Í erindinu verður gerð grein fyrir efnistökum og vettvangi dulrænna reynslusagna kvenna, sem bjuggu í íslenska bændasamfélaginu á fyrri hluta 20. aldar, og samspili þessara þátta við náttúrulegt umhverfi þeirra og reynsluheim. Konurnar eru heimildamenn þjóðfræðasafnarans Hallfreðar Arnar Eiríkssonar sem ásamt fleirum ferðist um Ísland á seinna skeiði 20. aldar og hljóðritaði þjóðfræðiefni eldra fólks á heimilum þess á landsbyggðinni og á elliheimilum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta efni endurspeglar það sem e.t.v. má kalla síðustu leifar af heimsmynd gamla bændasamfélagsins og er nú varðveitt á Segulbandasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Í erindinu verður gerð grein fyrir tölfræði sögustaða og ákveðinna efnisflokka í reynslusögnum kvennanna og skoðað hvaða ályktanir má af henni draga um tengslin á milli athafnasviðs eða rýmis kvennanna og notkunar þeirra á yfirnáttúrulegri hefð við túlkun dulrænnar reynslu. Niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að yfir 80% reynslusagna kvennanna gerast á vettvangi heimilisins, einkum innan dyra. Þetta takmarkar möguleika þeirra til túlkunar reynslunnar þar sem íslensk þjóðtrúarhefð er íhaldssöm hvað varðar tengsl ólíkra vætta við rými. Efni kvennanna ber enn fremur vott um að ákveðnir efnisflokkar íslenskrar þjóðtrúarhefðar hafi verið vinsælli meðal þeirra en aðrir vegna samspils hefðar, rýmis og reynslu og verða þeir flokkar teknir til sérstakrar umfjöllunar í erindinu.

Júlíana Þ. Magnúsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

„Íslenskar konur eru alltaf með heimþrá“ Rannsókn á héraðsvitund*

Skagfirðingur sem hefur búið erlendis í tugi ára ákveður að flytja heim. Hvers vegna? Og hvaða stað á Íslandi velur hann til búsetu? Hverjir ákveða svo að flytja til Egilsstaða eftir að hafa búið í útlöndum? Og af hvaða ástæðu?

Sumarið 2011 var á vegum Miðstöðvar munnlegrar sögu og Þjóðfræðistofu unnið verkefni sem bar heitið „Hvernig var í útlöndum?“ Í tengslum við verkefnið tók greinarhöfundur viðtöl við tuttugu einstaklinga á Fljótsdalshéraði og í Skagafirði. Tilgangur verkefnisins var að kanna hvaða félags- og menningarlegu áhrif það hefur á Íslendinga að dvelja erlendis um lengri eða skemmri tíma. Auk þessa var kannað hvort dvöl erlendis hefði haft áhrif á héraðsvitund viðkomandi einstaklinga. Viðtölin leiddu í ljós að héraðsvitund Skagfirðinga og Héraðsbúa var mjög ólík og er það meginumfjöllunarefni greinarinnar. Ennfremur virtust vera tengsl á milli sterkrar svæðisvitundar og samfélagslegrar ábyrgðar.

Greinarhöfundur er uppalin í Skagafirði en hefur verið búsett á Fljótsdalshéraði síðastliðin sjö ár. Þessi bakgrunnur skapar nálægð við rannsóknarefnið en jafnframt get ég staðið að nokkru utan við það sem rannsakandi og öðlast þannig dýrmæta innsýn í héraðsvitund viðmælenda á þessum svæðum, sem um margt svipar saman en eru samt svo ólík.

Sæbjörg Freyja Gísladóttir
Guðmundur Jónsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Nepalskar konur á ferð og flugi
Landamæri og hindranir

Nepalskar konur þurfa bæði að horfast í augu við félagslegar og efnahagslega hindranir þegar þær ferðast til annars lands til að vinna.

Möguleikar þeirra til að ferðast eru takmarkaðir lagalega og út frá menningarlegum þáttum. Mismunandi aðstæður kvenna í Nepal hafa áhrif á möguleika þeirra á að flytjast úr landi vegna vinnu sem og hvernig samfélagið lítur á þær.

Orðræðan um fólksflutninga kvenna í Nepal snýst mjög oft um mansal kvenna sem gerir það að verkum að margar þeirra verða fyrir fordómum þrátt fyrir að hafa farið úr landi til að stunda annars konar vinnu og á öðrum forsendum. Fyrirlesturinn mun fjalla um ofangreint en einnig doktorsverkefnið mitt sem mun rannsaka fólksflutninga nepalskra kvenna með áherslu á kyngervi og þjóðerni (*ethnicity*).

Ása Guðný Ásgeirsdóttir

Í bláum skugga - Framsetning hins kvenlega frá sjónarhorni kynjafræði

Samkvæmt þeim hugmyndum sem uppi hafa verið síðustu fjóra til fimm áratugina og kenndar eru við ný safnafræði eru söfn sameiginlegur vettvangur alls samfélagins. Þau eru talin eiga að gegna því hlutverki að vera sameiginlegt rými þar sem að samspil safna og samfélags endurspeglast í framsetningu safna (Crooke, 2007).

Bent hefur verið á að í framsetningum safna séu karlar og hið karllæga staðsett í kastljósi miðjunnar. Þeir séu virkir gerendur en konur og hið kvenlega sé gjarnan jaðarsett. Frásögn þeirra jafnan staðsett á útmörkum framsetningarinnar þar sem að þær eru óvirkir áhorfendur (Porter, 1996; Summers, 2000). Að þeim frásagnarmáta falli fremur hlutgerving kvenna og staðalmyndir en raunsönn lýsing á lífi þeirra.

Hér verður kynnt tilviksrannsókn, byggð á sjónarhorni kynja- og safnfræði, á sýningu Þjóðminjasafnsins; „TÍZKA – kjólar og korselett". Rannsóknin er hluti doktorsverkefnis þar sem skoðuð er framsetning kvenna og hins kvenlega á íslenskum menningarminjasöfnum og gefur til kynna hvernig sýning á íslensku safni endurspeglar ólíka valdastöðu kynjanna.

Arndís Bergsdóttir

Hjálpartæki
Tákn um fötlun eða hluti sjálfsmyndar?

Tilgangur eftirfylgdarrannsóknarinnar sem hér er kynnt var að rýna í aðstæður, félagslega þátttöku og viðhorf nokkurra ungmenna sem tóku þátt í doktorsrannsókn minni, *Þátttaka nemenda með hreyfihömlun í skólastarfi* á árunum 2000-2005. Greint verður frá þeim hluta rannsóknarinnar sem viðvíkur upplifun og reynslu ungmennanna af notkun hjálpartækja og sérúrræða. Einnig verður rýnt í viðbrögð þeirra við hindrunum og áskorunum af ýmsum toga, sér í lagi í framhaldsskólanum. Gögnum var safnað með opnum viðtölum við ungmennin og vettvangsathugunum í framhaldsskólum þeirra. Stuðst var við vinnulag grundaðrar kenningar við greiningu gagna.

Í ljósi mikillar hreyfiskerðingar ungmennanna var hjálpartækjanotkun töluvert minni en búast mætti við. Ungmennin voru misvel upplýst um hvað væri í boði og oft rög við að prófa nýjar leiðir. Sum ungmenni litu á stöku hjálpartæki sem stimplun og jaðarsetningu en önnur töluðu um tækin sín sem hluta sjálfsmyndar og líkama. Viðbrögð nemenda við áskorunum voru einnig breytileg. Ýmist mátti sjá undirgefni og samsömun við stöðu mála, eða töluverða röggsemi og gagnrýni á stöðu fatlaðs fólks, þjónustu og samfélag.

Fjallað verður um niðurstöðurnar í ljósi kenninga um þróun sjálfsmyndar, frávik og stimplun.

Snæfríður Þóra Egilson

Heilsa og líðan Íslendinga 2007-2009. Spurningar um ferðamáta til og frá vinnu/skóla

Höfuðáherslur ríkis og sveitarfélaga í samgöngumálum síðustu áratugi hafa miðað að því að bæta aðstæður fyrir einkabílinn en það er smám saman að breytast. Mikil notkun einkabílsins skaðar ekki aðeins vistkerfi jarðar heldur einnig heilsu okkar sem á henni búa. Ferðamáti fólks getur haft áhrif á heilbrigði með beinum (t.d. dagleg hreyfing) og óbeinum hætti (t.d. hávaði, loftmengun, öryggi). Þekkt er að fjarlægð á milli áfangastaða og aðstæður til að ganga og hjóla (áherslur í skipulags- og samgöngumálum) hafa áhrif á val fólks á ferðamáta. Þessir þættir og ýmsir aðrir, t.d. heimilisaðstæður, geta verið til þess fallnir að fólk kjósi einkabílinn fram yfir hjól eða göngu. Með eflingu samgönguhjólreiða má ætla að t.d. umfang og kostnaður við smíði og viðhald samgöngumannvirkja fyrir vélknúna ferðamáta verði minni og minna af verðmætu landrými fari undir t.d. götur og bílastæði. Þá stuðlar meiri ganga og hjólreiðar á milli staða m.a. að aukinni hreyfingu fólks, minni loftmengun og þar með að bættri heilsu. Fjallað verður um hvaða þættir hafa áhrif á að fólk ferðist hjólandi eða gangandi til skóla eða vinnu. Einnig verður skoðað hvort breytingar hafi orðið á samgöngumáta Íslendinga fyrir og eftir fall bankanna. Byggt er á gögnum úr heilsufarskönnuninni Heilsa og líðan Íslendinga 2007 og 2009. Niðurstöður sýna m.a. að aukin vegalengd frá vinnu, auknar tekjur og að eiga barn undir 9 ára aldri minnka líkurnar á að ferðast gangandi eða hjólandi til vinnu eða skóla.

Jón Óskar Guðlaugsson
Stefán Hrafn Jónsson

The effect of the Icelandic economic collapse on drinking and smoking and the role of labor market changes

Alcohol use and smoking are related to health deterioration both through increased risk of various diseases and through risky behavior such as drunk driving. Procyclical changes in these health behaviors could contribute to health improvement during economic downturns that has been documented in the literature on business cycles and health. To explore the mechanisms through which drinking and smoking are affected by business cycles we focus on the role of labor market changes. Iceland experienced a sudden and unexpected economic crisis in 2008. Individual real income and working hours was reduced significantly and economic theory suggests that such changes can affect health behaviors which in turn affects health production.

We use individual longitudinal data from 2007 and 2009. The data originates from a postal survey, collected by The Public Health Institute in Iceland, before and after the crisis in 2008. Changes in smoking and alcohol use are explored at the extensive and intensive margin separately. Pooled OLS and linear probability models are estimated.

The results suggest that reduction in individual real income and workhours only partly explains the reduction in alcohol consumption detected. This mechanism is interestingly stronger for women than for men. The reduction in smoking participation and smoking intensity, however, is not explained by the changes in labor market variables. Other factors in the demand function for these goods that changed during the crisis play a more important role. These are real prices which increased in particular for imported goods due to the devaluation of the Icelandic currency as a result of the economic collapse.

Þórhildur Ólafsdóttir
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Hvað varð um Örn og Hrafn?

Sumarið 1974 sigldu tveir teinæringar frá Noregi til Íslands í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Skipin voru táknræn gjöf sem átti að sýna samstöðu með málstað Íslendinga í landhelgismálinu og baráttu fyrir náttúruvernd. Þau átti að nota til að mennta ungt fólk í siglingum og sýna að hægt væri að ferðast yfir hafið án vélarafls. Táknræn merking gjafarinnar fór dálítið fyrir ofan garð og neðan á Íslandi þar sem skipin voru oftast kynnt sem ?víkingaskip? og notuð í þeim anda næstu ár og áratugi. Örlög skipanna eftir komu þeirra til Íslands og sú tilfinningaríka umræða sem reglulega hefur komið upp í kringum þau sýnir að það að flytja menningararf frá einu landi til annars getur verið vandkvæðum háð. Með hliðsjón af sögu Arnar og Hrafns má því spyrja þeirrar spurningar hvort menningararfur sé í grundvallaratriðum þjóðlegt samhengi sem ekki hentar til flutnings frá einu landi til annars. Með því að rýna í viðtöku skipanna, táknrænt gildi og notkun þeirra á Íslandi má því bregða ljósi á erfiðleikana við að skilgreina menningararf í samhengi sögulegra endurgerða og þær siðferðilegu skyldur sem bæði menningararfur og þjóðargjafir leggja á herðar umsjónaraðila sinna.

Áki Guðni Karlsson

Menningararfur sem sviðsetning
„Þetta er fyrir tvöhundruð árum síðan!“

Í erindinu verður fjallað um menningararf út frá kenningum Richard Schechner um hverskyns sviðsetningar (e. performances) og þær reglur sem hann telur að einkenni íþróttaleiki jafnt sem leiksýningar. Á sama hátt má líta á menningararf sem sviðsetningu þar sem hann er kynntur eða framkvæmdur frammi fyrir áhorfendum, stundum ímynduðum en oftast fólki af holdi og blóði. Áhorfandinn, sem og flytjandinn (þ.e.a.s. sá sem tekur að sér að fjalla um eða kynna menningararfinn) tekur að sér ákveðið hlutverk og efninu þarf að sýna ákveðna virðingu og þess þarf að gæta að ekki sé stigið út fyrir ákveðin mörk sem form sviðsetningarinnar segir til um. Með slíkum samskiptareglum er menningararfurinn framreiddur í leik flytjanda og áhorfanda. Fari hins vegar svo að áhorfandinn virði ekki þær samskiptareglur sem flytjandinn reiðir sig á, er hætta á að sýningin tapi tilgangi sínum. Þetta getur haft í för með sér að menningararfurinn fær ekki á sig þá mynd sem hann þarfnast til að geta verið talinn áhugaverður eða verðmætur.

Bryndís Björgvinsdóttir

Þjóðnýting menningararfs
Íslensk miðaldahandrit og sköpun nútíma þjóðernis

Oft er litið á þann atburð þegar danski menntamálaráðherrann afhenti íslenskum kollega sínum Flateyjarbók og Konungsbók Eddukvæða í Háskólabíói árið 1971 sem endalok íslenskrar sjálfstæðisbaráttu. Handritin, og bókmenntirnar sem skráð voru á hin gömlu bókfell, voru þar með komin „heim“. Þar er þó horft framhjá því að fleiri þjóðir gerðu tilkall til þess menningararfs sem skráður var í þessum handritum. Í fyrirlestrinum verður fjallað um þær deilur og þau vandamál sem koma upp þegar reynt er að nýta forna menningu til að réttlæta sköpun þjóðernis í nútímanum.

Guðmundur Hálfdanarson

Merkingarflakk skautbúningsins „Svona hefir nú farið um þessa grein þjóðernisins“

Þjóðlegir búningar íslenskra kvenna eru áþreifanlegt dæmi um „menningararf.“ Þeir ganga milli kynslóða og varðveita minningar og handverkskunnáttu og hafa þannig stutt ímynd stöðugrar og samfelldrar þjóðmenningar í rúmlega 200 ár. Skautbúningurinn er ímynd stöðugleika, enda hérumbil óbreyttur að sjá í heila öld. Þegar nánar er að gáð, sést hins vegar að hlutverk hans og merking eru ekki jafn stöðug. Þung goðsagnaleg tákn Sigurðar málara voru fest í sessi fljótlega eftir hans dag og búningurinn varð að sjálfstæðu tákni, en rann fljótlega saman við Fjallkonuna, kvenímynd þjóðarinnar. Um svipað leyti staðnaði hann og formfestist sem efsta stig opinbers þjóðlegs klæðnaðar íslenskrar valdastéttar. Þá náði hann hæsta þróunarstigi táknmyndar í þjóðfélagi: Táknmyndin vísar ekki á neinn áþreifanlegan veruleika heldur eingöngu á sjálfa sig. Merking hans ummyndaðist svo eftir því hvar í einkenna- og ímyndasköpun Íslendinga hann birtist: Í þjóðernismyndun innlendrar yfirstéttar, sköpun og viðhaldi þjóðernisímyndar Vestur-Íslendinga, eða íhaldsamri mótspyrnu gegn nútímavæðingu íslenskar kvenímyndar og efnismenningar. Enn er merkingin breytileg: Viðbrögð við yfirþyrmandi alþjóðamenningu og nútímavæðingu breyttu þjóðbúningamenningu Íslands í lok 20. aldar. Spurningamerki voma yfir hugmyndafræði, aðferðir og endurbótastefnu 19. aldar þjóðernissinna og þar með ímyndasköpun Sigurðar málara og samstarfsfólks hans.

Karl Aspelund

Búmm og krass í Pecha kucha
Óræður menningararfur í ljósi dullenduhyggju

Rannsóknarteymið Kristinn Schram og Katla Kjartansdóttir fjalla hér um yfirstandandi rannsókn á iðkun menningararfs á meðal "hreyfanlegra hópa", á borð við Íslendinga í Kaupmannahöfn, á tímum útrásar og eftir hrun. Þau munu velta upp spurningum sem snúa m.a. að þjóð- og kyngervi, framandgervingu og norðurhyggju (e. Borealism), dullenduhyggju (e. Crypto-colonialism) og gagnvirkum, stafrænum vettvangsathugum. Þá munu þau velta fyrir sér hlutverki óræðni og íroníu þegar kemur að þverþjóðlegum samskiptum og framsetningu á þjóðernislegri sjálfsmynd og ímynd þjóða. Einnig verður hugað að tilteknum leikrænum rýmum þar sem þjóðernislegur "performans" er iðkaður og sjónum einkum beint að Norðurbryggju í Kaupmannahöfn í því sambandi. Lögð er áhersla á menningarlega þætti í þverþjóðlegum samskiptum sem fallið hafa í skugga félags- og efnahagslegrar atburðarásar. Þá verður tekið mið af aðdraganda og eftirmálum fjármálaútrásarinnar og hrunsins þar sem umsvif Íslendinga voru hvað mest. Með því að varpa ljósi á það með hvaða hætti Íslendingar iðka menningararf í þverþjóðlegu samhengi má sjá hvernig óræðni, breytileiki og þverþjóðleiki getur orðið undirstaða iðkunar (e. practice) hans. Í ljósi ritaðra heimilda og þjóðfræðilegra viðtals- og vettvangsrannsókna verður athyglinni beint að ýmsum hefðum og hátíðum og skoðað með hvaða hætti þau eru flutt fram og leikin (e. performed) innan ólíkra þjóðfræðilegra hreyfiafla sem til staðar eru í nýjum heimkynnum þeirra. Þar á meðal verða til umfjöllunar leikræn rými á borð við "Nordatlantens Brygge" í Kaupmannahöfn þar sem margræð og umdeild vestnorræn ímynd er flutt fram.

Kristinn Schram
Katla Kjartansdóttir

Holdtekja menningararfsins: Þjóðmenning, siðmenntun og kvenlíkaminn á árunum milli stríða

Á fyrstu árum íslensks fullveldis gáfu ýmsir fræðimenn og samfélagsrýnar sig að því að skilgreina eðli og einkenni íslensku þjóðarinnar, greina sérkenni hennar bæði líkamleg og menningarleg. Gerðar voru mælingar á útlitseinkennum þjóðarinnar og leitað í bókmenntir og aðrar sögulegar heimildir til að draga upp mynd af ytra útliti og innri kostum Íslendinga í gegnum tíðina. Fornt þjóðerni Íslendinga var skilgreint bæði á grundvelli blóðbanda og menningar sem saman voru álitin birtast, meðal annars, í tilteknum líkamseinkennum, eiginleikum og framkomu sem sögð voru þjóðinni eðlislæg. Með þessum hætti var því haldið fram að Íslendingar byggju yfir tilteknu menningarlegu minni sem birtist í líkamlegu atgervi og aðgreindi þá frá öðrum þjóðum. Þessum hugmyndum var ekki síst beint til kvenna sem í þessari karllægu orðræðu gegndu oftar en ekki hlutverki menningarbera auk þess að standa berskjaldaðar gegn spillingaröflum sem ógnuðu hreinleika þeirra og heilbrigði. Í erindinu verður lýst hvernig tilvísun til útlitshefðar íslenskra kvenna (sem menningararfs) var notuð til að hvetja til breytni sem þótti siðferðilega og menningarlega eftirsóknarverð. Skoðað verður sérstaklega hvernig hár og litarhaft kvenna var tengt íslenskri menningu, siðferðilegu innræti og siðmenningarlegri stöðu. Erindið er kynning á verkefni í vinnslu og því liggja rannsóknarniðurstöður ekki fyrir.

Ólafur Rastrick

Stóri ódauðleikinn: Menningarminni, ósýnileg trúarbrögð og skurðgoð þjóðríkisins

Í fyrirlestrinum er fjallað skrif Jans Assmann um menningarminni og trúarbrögð og þau tengd margháttuðum minningarmörkum um framliðna einstaklinga sem félagasamtök, sveitarfélög og opinberar stofnanir einstakra þjóðríkja hafa komið á fót á síðari tímum. Titill fyrirlestrarins vísar til þess greinarmunar sem Kundera gerir á tvenns konar ódauðleika, *litla ódauðleikanum* sem felst í minningu í huga þeirra sem þekkja eða þekktu viðkomandi einstakling persónulega og *stóra ódauðleikanum* sem felst í minningu í huga þeirra sem ekki þekktu hann. Hugtökin verða borin saman við skilgreiningu Halbwachs á *félagslegu minni* og kenningum Assmann-hjónanna um *menningarminni* og *minningamörk* en í framhaldi beinist athyglin sérstaklega að skrifum Luckmanns um *ósýnileg trúarbrögð* en þau hefur hann meðal annars skilgreint sem „almennan táknrænan veruleika". Um er að ræða þann víðtæka merkingarramma sem spengir saman ólíkar athafnir á sviðum menningar, samskipta og hugsunar í tilteknu samfélagi, þar með talið hin sýnilegu trúarbrögð. Sýnileiki þeirra síðastnefndu byggist á því að þar annast skýrt afmarkaðar stofnanir (kirkjur eða söfnuðir) ræktun minninganna. Jan Assmann tekur upp þennan þráð í einni bóka sinna og bendir á að hægt sé að líta á menningarminni sem „stofnanagervingu" hinna ósýnilegu trúarbragða, „það er að segja heild þeirra forma sem eru nýtileg við miðlun og varðveislu á skiljanlegum táknrænum merkingarheimi". Í síðari hluta fyrirlestrarins verður þessi hugmynd yfirfærð á þá framliðnu einstaklinga af vettvangi stjórnmála og menningarlífs sem hafa orðið stóra ódauðleikanum að bráð og kannað að hvaða marki þeir geti talist skurðgoð hinna ósýnilegu trúarbragða. Ljóst er að sumir þeirra gegna áþekku hlutverki innan þjóðríkisins og píslarvottar og verndardýrlingar gera innan kirkjunnar, þ.e. að vera holdgervingar tiltekinna einstaklingbundinna og félagslega dyggða og gera þær þar með skiljanlegri og nærtækari fyrir einstaklingana innan safnaðarins.

Jón Karl Helgason

Menningararfur á skiltum

Sumir tengja menningararf sölumennsku, aðrir ferðamennsku eða átthagaást, jafnvel fortíðarþrá. Svo má spyrja um hugmyndafræði og pólitík og vald, enda mun markmiðið stundum vera að nýta söguna pólitískt eða til að upphefja einhvern stað og draga að honum athygli.

Innan sagnfræðinnar er komin fram ný undirgrein, *public history*. Þá er ekki átt við háskólasagnfræði heldur sögu fyrir allan fjöldann. Hún tengist auðvitað menningararfi, minjastöðum og söfnum en er látin ná almennt til sögu sem er einfölduð, þar sem andstæður eru skerptar. Fortíðin er nýtt, gerð neytendavæn og oft látin þjóna ákveðnum tilgangi; þetta er m.ö.o. annars konar söguiðkun en fengist er við á háskólastigi eða af háskólamenntuðum sagnfræðingum.

Söguiðkun af þessu tagi hefur verið stunduð ákaft hérlendis undanfarin ár og háskólasagnfræði kemst þá lítt að. Það á auðvitað enginn söguna, hún er opin og frjáls en háskólamenntaðir sagnfræðingar hljóta oft að spyrja hvað ráði slíkri söguiðkun og í hverju hún birtist.

Söguskilti hafa sprottið upp víða um land og beint tilefni virðist til að spyrja hvernig að verki sé staðið. Hugmyndin með skiltunum er jafnan að vekja athygli á menningararfi en spurningar sem vakna eru í fyrsta lagi hver ákveður hvers skuli minnst og hvað veldur slíkum ákvörðunum. Í öðru lagi hver semur textana á skiltunum og metur þar með hvað er tekið fram og hvað ekki og hvað ræður slíku mati? Fyrsta skrefið er að reyna að safna vitneskju um skiltin og vinna við það verður kynnt.

Helgi Þorláksson

Fjöldi og hagir utangarðsfólks í Reykjavík í mars-maí 2012
Rannsókn á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

Á vormánuðum 2012 var gerð rannsókn á fjölda og högum utangarðsfólks í Reykjavík á vegum Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Markmið rannsóknarinnar var að fá betri yfirsýn yfir hóp einstaklinga sem teljast heimilislausir eða búa við ótryggar aðstæður til að hægt sé að þróa félagsleg úrræði á vegum Velferðarsviðs í samræmi við þarfir hópsins.

Rannsóknin er megindleg afturvirk gagnarannsókn. Starfsmönnum stofnana og samtaka sem veita þjónustu til einstaklinga sem töldust heimilislausir eða búa við ótryggar aðstæður síðast liðna 3 mánuði var gert að fylla út spurningalista í rafrænni könnun. Lýsandi tölfræðileg úrvinnsla fór fram í outcom forritinu og SPSS tölfræðiforritinu.

Helstu niðurstöður voru að 169 einstaklingar töldust heimilislausir eða bjuggu við ótryggar aðstæður þar af 107 karlar og 69 konur. Þó nokkrir höfðu fengið þjónustu frá fleiri en einum aðila á sama tíma. Tæplega 9% bjuggu á götunni, 27% átti hvergi fastan samastað og nýtti sér þjónustu gistiskýla, 0,38% bjó í Kvennaathvarfi, 8% voru að ljúka stofnanavist, rúm 17% bjuggu í langtímastuðningsúrræði fyrir heimilislausa og tæp 39% bjuggu við ótryggar aðstæður þ.e. gista nótt og nótt hjá vinum og vandamönnum eða voru tímabundið í hefðbundnu húsnæði án samnings eða í húsnæði sem ekki taldist viðunandi til dvalar.

Erla Björg Sigurðardóttir

Hverjir óttast mest afbrot á Íslandi?*

Rannsóknir hafa sýnt að mun fleiri óttast afbrot en þeir sem brotið er á eða eiga eftir að verða fyrir brotum síðar á lífsleiðinni. Fleiri þættir en reynsla af afbrotum virðast því hafa áhrif á mat einstaklinga á eigin öryggi. Sökum þessa er ekki alltaf nóg að draga úr afbrotum til að minnka ótta við afbrot heldur verður að taka tillit til fleiri þátta. Þeir sem búa í þéttbýli virðast í þessu samhengi óttast afbrot meira en aðrir og sömuleiðis virðast konur og eldri borgarar óttast afbrot meira en karlar og yngri borgarar. Jafnframt hafa rannsóknir sýnt að betri fjárhagsstaða og lengri skólaganga hafa tilhneigingu til að draga úr ótta borgaranna við afbrot. Í erindinu verður sjónum einkum beint að Íslandi og þeirri spurningu varpað fram hvort þessar almennu niðurstöður eigi einnig við hér á landi.

Niðurstöðurnar byggjast á netmælingu sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi í desember 2011 og janúar 2012. Þátttakendur voru á aldrinum 18-74 ára og komu frá öllu landinu. Fjöldi svara var um 1200 og svarhlutfallið um 53 prósent. Hlutfallsleg skipting svara eftir aldri og búsetu var í samræmi við þýðið og má fastlega búast við að svörin endurspegli það á viðunandi hátt.

Jónas Orri Jónasson
Helgi Gunnlaugsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Félagsráðgjöf í kjölfar náttúrhamfara – áfallahjálp og samfélagsvinna

Náttúrhamfarir verða oftar á Íslandi en í flestum nágrannalöndum okkar. Í kjölfar samfélagslegra áfalla þarf að vinna samtímis á mörgum sviðum samfélagsins og eftir að neyðarástandi er aflétt þarf að vinna með þolendum að því að vinna úr afleiðingum áfallsins. Rannsóknir á sviði félagsráðgjafar sýna að tjónnæmi og berskjöldun ólíkra þjóðfélagshópa er mjög mismunandi og að mikilvægt er að mæta þolendum með mismunandi hætti um leið til að tryggt sé að allir fái þjónustu við hæfi.

Markmið þessa erindis er að gera grein fyrir hlutverki félagsráðgjafa í kjölfar samfélagslegra áfalla með áherslu á náttúruhamfarir. Leitað verður svara við tveimur megin spurningum, 1) hver eru hlutverk félagsráðgjafa er skv. viðbragsáætlunum og skipulagi áfallahjálpar og 2) að hversu miklu leyti byggja viðbragðsáætlanir á þekkingu og starfsaðferðum félagsráðgjafar? Líkan Elliot verður notað til hliðsjónar við greiningu á íslenskum viðbragðsáætlununum. Notast verður við tvennskonar rannsóknaraðferðir, greiningu á stöðu þekkingar og tilviksathugun á viðbragðsáætlunum sveitarfélaga auk greiningar á skipulagi áfallahjálpar. Einnig verður rætt um mikilvægi þess að nám í félagsráðgjöf taki mið af náttúru Íslands svo íslenskir félagsráðgjafar geti beitt þekkingu sinni á sem skilvirkastan hátt í kjölfar samfélagslegra áfalla sem og við forvarnir.

Anna Sigrún Ingimarsdóttir
Guðný Björk Eydal

„Vera ég sjálf“: Rými og sjálfsmynd í Al-Anon fjölskyldudeildunum á Íslandi*

Meginmarkmið doktorsverkefnisins er að skilgreina hvernig Al-Anon fjölskyldudeildirnar móta sjálfsmynd þátttakenda og viðhorf þeirra til lífsins, en þeir telja að ferlið hafi haft áhrif á viðhorf og sjálfsmyndarsköpun, endurmótað sýn þeirra og skilning á heiminum, en einnig á eigin sjálfi og endurtúlkun á lífinu. Þátttakendur eru þeir sem telja sig hafa lent í vandræðum vegna vímuefnaneyslu sinna nánustu.

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem gögn eru greind samhliða öflun þeirra með þátttöku á opnum fundum og flokkast undir vettvangsathugun. Þá átti ég eigindleg viðtöl við tuttugu konur sem áttu það sameiginlegt að hafa langa sögu um þátttöku.

Hvers vegna eingöngu konur? Við upphaf fjölskyldudeildanna samanstóð hópurinn svo til algjörlega af konum og tel ég þær hafa mesta reynslu í nýsköpun sjálfsmyndar.

Niðurstöður rannsóknar minnar eru þær að nafnleynd innan hópsins skiptir meginmáli fyrir þátttakendur og konurnar lýsa mikilli samkennd. Ennfremur að lífsviðhorf kvennanna breytist verulega þrátt fyrir að ytri aðstæður þeirra hafi ekki breyst. Sýnist mér þetta byggjast að verulegu leiti á tengslum við aðra þátttakendur í formi vikulegra funda, þar sem lífssaga viðkomandi er sögð. Aðaláherslan er lögð á tjáningu, persónulega trú og tilfinningu og hvernig hver og einn tekst á við vandamál tengd vímuefnaneyslu nákominna.

Björk Guðjónsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Álag á umönnunaraðila aldraðra og viðhorf þeirra til þjónustu*

Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf óformlegra umönnunaraðila aldraðra til þjónustu og aðstæðna aldraðra. Viðhorf þeirra geta reynst mikilvæg en hægt væri að nýta skoðanir óformlegra umönnunaraðila til að byggja upp heildræna öldrunarþjónustu þar sem einnig væri tekið tillit til aðstandenda aldraðra.

Rannsókn þessi var gerð með eigindlegri aðferð. Tekin voru fimm opin viðtöl við konur á aldrinum 28-55 ára sem voru aðalumönnunaraðilar foreldra sinna. Helstu niðurstöður voru þær að óformleg umönnun hefst oftast með aðstoð við athafnir daglegs lífs (ADL) og í sumum tilfellum aðstoð við persónulegar athafnir daglegs lífs (PADL). Þegar hins vegar þörf hins aldraða fyrir þjónustu eykst kemur inn formleg aðstoð. Foreldrar allra viðmælenda fengu einhverskonar þjónustu frá opinberum aðilum. Viðmælendur komu inn á að upplýsingagjöf til aðstandenda aldraðra um þjónustu var ábótavant. Viðhorf umönnunaraðila voru misjöfn en rannsóknin leiddi í ljós að félagslegt net í kringum hinn aldraða skiptir miklu máli þegar kemur að óformlegri umönnun ásamt því að formleg þjónusta léttir undir með aðstandendum. Einnig komu viðmælendur inn á að auka mætti fjármagn til málaflokks aldraðra meðal annars til að byggja fleiri hjúkrunarheimili og auka formlega þjónustu.

Rannsókn þessi getur haft ákveðið nýsköpunargildi en rannsóknir á óformlegri umönnun hérlendis eru fáar. Hugsanlega væri því hægt að nýta niðurstöðurnar til stærri og viðameiri rannsókna.

Ásta Guðmundsdóttir
Sigurveig H. Sigurðardóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Bolognaferlið, akademískt frelsi og gæði í háskólastarfi

Erindið er tvíþætt: Annars vegar er byggt á svörum við spurningalista sem lagður var fyrir háskólakennara um samfélagslegt hlutverk kennara (SamHá). Hins vegar er byggt á athugun á völdum skýrslum um háskólanám, rannsóknir og nýsköpun.

Í SamHá-rannsókninni var spurt um hversu vel eða illa háskólakennarar hefðu kynnt sér hið svokallaða Bolognaferli og hvort þeir teldu skilgreiningu hæfniviðmiða (*learning outcomes*) hafa aukið fjölbreytni í kennsluaðferðum og námsmati eða gæði í háskólastarfinu. Enn fremur var spurt hvort þeir teldu að setning hæfniviðmiðanna hefði haft áhrif á akademískt frelsi þeirra. Skoðað er hvort *háskólakennarar óttist að akademískt frelsi sé skert með afskiptum af inntaki náms og kennslu.*

Teknar voru til skoðunar skýrslur til menntamálaráðherra um háskólamenntun frá árinu 2009. Fráfarandi menntamálaráðherra hafði síðla árs 2008 skipað nefnd erlendra sérfræðinga til að skoða stefnu stjórnvalda um menntun, rannsóknir og nýsköpun og skilaði nefndin af sér til nýs menntamálaráðherra í maí 2009. Einnig var valin til skoðunar skýrsla starfshóps vísinda- og tækninefndar Vísinda- og tækniráðs um einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu. Skoðað er *hvernig hugtök um gæði (quality, excellence) eru notuð í gögnunum og velt upp hvaða afleiðingar kröfur um nýsköpun kunna að hafa á akademískt frelsi.* Skýrslurnar fela í sér þann undirtón að það sé fremur einfalt að skilgreina hvað eru góðar rannsóknir eða afburða góðar rannsóknir og að það sem gerir rannsóknir að þess háttar rannsóknum sé einkum hagnýtt og jafnvel skammtíma gildi þeirra fyrir „atvinnulífið".

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Rannsóknastyrkir og rannsóknavirkni háskólakennara

Rannsóknastarfsemi fylgir margvíslegur kostnaður. Tilgangur rannsóknasjóða er að auðvelda framkvæmd rannsókna og birtingu rannsóknaniðurstaðna á viðurkenndum vísindalegum vettvangi. Flestar rannsóknir á rannsóknastyrkjum og rannsóknavirkni benda til jákvæðra tengsla þessara þátta, þó ekki sé að fullu ljóst með hvaða hætti og undir hvaða kringumstæðum þessi tengsl koma fram. Tilgangur rannsóknarinnar er að meta samband rannsóknastyrkja og rannsóknavirkni meðal háskólakennara. Byggt er á gögnum verkefnisins Árangur í háskólarannsóknum sem tekur til kennara í Háskóla Íslands á árabilinu 2003 til 2008. Athugaðir eru styrkir frá Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Rannsóknavirkni er metin útfrá heildarstigum kennara fyrir rannsóknir (vinnumat),alþjóðlegum rannsóknastigum kennara (vinnumat) og fjölda alþjóðlegra ritrýndra greina. Lagt er mat á fjórar ólíkar tilgátur um tengsl rannsóknastyrkja og rannsóknavirkni, en það eru vildartilgátan (*preference hypothesis*), viðurkenningartilgátan (*acknowledgement hypothesis*), bjargatilgátan (resource hypothesis) og tilgátan um fallandi ávinning (*diminishing returns hypothesis*). Auk þess er athugað hvort tengsl styrkveitinga og rannsóknavirkni sé háð aldri kennarans, kynferði eða rannsóknasviði.

Rúnar Vilhjálmsson

Viðhorf háskólakennara til kennslu sinnar

Kynning þessi er hluti af stærri rannsókn (SamHÁ) þar sem íslenskir háskólakennarar og sérfræðingar voru spurðir um hvernig þeir skilja starfsskyldur sínar og fagmennsku.

Hér er rýnt í hvert er viðhorf háskólakennara til kennslunnar, hvort þeir vilji yfirhöfuð kenna og hvort þeir vilji kenna minna. Þá er sjónum beint að því hvort þeir telji kennsluna vera mikilvægan þátt í því að halda sér við sem fræðimaður og hversu vel þeir telja sig í stakk búna til að sinna kennslunni. Að lokum er spurt hvort þeir sem kenna á háskólastigi eigi að sinna rannsóknum. Niðurstöður benda til þess að meirihluti þátttakenda telji kennslu mikilvæga til að halda sér við sem fræðimaður en um helmingur vildi gjarnan kenna minna. Um 60% svarenda teldu sig hafa gagn af ráðgjöf til að bæta kennslu sína og eru lektorar líklegri en aðrir til að vera þeirrar skoðunar. Konur virðast vilja kenna minna en karlar og þær eru jákvæðari gagnvart því að fá rágjöf um kennslu sína. Einnig kemur fram munur á viðhorfum eftir starfsheiti (lektor, dósent, prófessor) til þess hvort þeir sem kenna á háskólastigi eigi að sinna rannsóknum.

Amalía Björnsdóttir
Auður Pálsdóttir

Kostun háskólastarfs. Nokkrar niðurstöður úr rannsókn um samfélagshlutverk háskóla

Áfallið sem samfélagið varð fyrir í bankahruninu 2008 hefur kallað á ítarlega endurskoðun og mat á ýmsum gildum sem samfélagið er reist á. Gildir það m.a. um hlutverk og skyldur háskólanna, helstu menntastofnanir samfélagsins. Meðal þess sem spurt var um í kjölfar efnahagshrunsins var á hvern hátt háskólarnir störfuðu í aðdraganda þess og hvort og þá á hvern hátt kostun aðila utan háskólanna á starfsemi þeirra kynni að hafa haft áhrif á starfsemina.

Rannsóknateymi frá HA og HÍ hefur hafið rannsókn á því hvernig starfsmenn háskóla skilja hlutverk sitt og samfélagslegar skyldur. Spurningalisti var lagður fyrir akademíska starfsmenn og sérfræðinga í öllum sjö háskólum landsins haustið 2011 og var svarhlutfall tæpt 51%.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þátttakendur telja mikilvægt að settar verði reglur um kostun á akademískum stöðum og að það kunni að hafa áhrif á akademískt frelsi og fræðilega hlutlægni. Þá var meiri hluti svarenda sammála þeirri fullyrðingu að fjármögnun rannsóknarverkefna af einkaaðilum geti dregið úr fræðilegri hlutlægni og að tryggja þurfi starfsskilyrði háskóla svo að þeir verði ekki háðir fyrirtækjum um fjármagn.

Hjalti Jóhannesson
Sigurður Kristinsson
Trausti Þorsteinsson

Gengi og verðlagsmælingar til mjög langs tíma*

Í grein þessari er skoðað hvernig mælingar á verðlagi í mismunandi löndum yfir mjög langt tímabil samrýmast þróun nafngengis gjaldmiðla landanna. Ætla mætti að þegar til lengdar lætur fylgist þróun hlutfallslegs verðlags annars vegar og nafngengis gjaldmiðla í tveimur löndum nokkurn veginn að, þ.e. raungengi breytist ekki mjög mikið. Sé þróunin önnur, þ.e. að breytingar á nafngengi séu talsvert aðrar en breytingar á hlutfallslegu verðlagi ætti raungengi að hafa breyst. Sé mæld raungengisbreyting meiri en eðlilegt er að gera ráð fyrir að skýra megi með sveiflum í raungengi gæti það verið vísbending um að verðlagsmælingar séu rangar.

Sem dæmi um mun af þessu tagi má nefna að skv. opinberum verðlagsmælingum hefur verðlag í Danmörku 31,9 faldast frá árinu 1938 en á Íslandi 19.952 faldast. Hlutfallið þar á milli er 624,9 og því hefði nafngengi dönsku krónunnar gagnvart þeirri íslensku að hafa hækkað um svipað hlutfall til að halda raungengi stöðugu. Á þessum tíma hækkaði nafngengi dönsku krónunnar gagnvart þeirri íslensku hins vegar mun meira eða u.þ.b. 2.130 falt. Skv. því hefði raungengi íslensku krónunnar 2011 átt að vera um 2/3 lægra en 1938, sem er ekki trúverðugt.

Gylfi Magnússon

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Torveldar verðtryggingin peningastefnuna?*

Á síðustu árum hefur verið deilt um það hvort almenn verðtrygging útlána og skuldabréfa hindri leiðni peningamálaaðgerða Seðlabankans. Um 80-90% af húsnæðislánum íslenskra heimila eru verðtryggð og það hefur verið nefnt sem skýring fyrir lélegum árangri Seðlabankans í því að halda aftur af einkaneyslu þrátt fyrir að hafa hækkað stýrivexti sína upp fyrir 10% á árunum 2006-2008. Sjá til að mynda Friðrik Má Baldursson og Portes (2008). Aðrir, líkt og Jón Daníelsson (2009) hafa hafnað því að verðtryggingin sjálf skipti einhverju máli í þessu sambandi.

Í þessari rannsókn er farið yfir það sem erlendir fræðimenn hafa lagt til málanna í þessu efni og reynt að leggja mat á áhrif stýrivaxta á langtímakröfuna hérlendis. Jafnframt er farið fræðilega yfir þann grundvallarmun sem breytingar á verðbólgu og vaxtavæntingum hafa á vaxtarófið eftir því hvort vaxtaferillinn er verðtryggður eða óverðtryggður, með hliðsjón af væntingakenningunni eða kenningin um aðskilda markaði fyrir vaxtamyndun. Niðurstaðan er sú að verðtrygging gerir meiri kröfur um trúverðugleika af hálfu Seðlabanka Íslands en ef vaxtarófið væri byggt upp með nafnvöxtum en leiðnin er vissulega til staðar. Það sem gæti skipt meira er þó almennt faxtvaxta og jafngreiðslufyrirkomulag lána hérlendis auk þess sem vaxtaferill lána er gríðarlega langur hérlendis.

Ásgeir Jónsson
Sigurður Jóhannesson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Norðausturkjördæmi eða Norðausturríki: Skattaframlag og skattahlutdeild ársins 2011

Hlutdeild einstakra landshluta í tekjuöflun þjóðarinnar og skipting ríkisútgjalda milli höfuðborgar og landsbyggða er einn umdeildasta málið í íslenskum stjórnmálum. Slík umræða endurspeglar ólík viðhorf til félagslegs réttlætis og ólíka hagsmuni íbúa mismunandi landssvæða. Þrátt fyrir harðvítugar deilur um mikla hagsmuni eru rannsóknir á dreifingu ríkisútgjalda eftir landsvæðum af skornum skammti. Í þessari rannsókn er sjónum beint að útgjöldum ríkisins í Norðausturkjördæmi á grundvelli fjárlaga ársins 2012 og viðbótarupplýsinga sem safnað var hjá einstökum stofnunum og ráðuneytum. Niðurstöður sýna að starfsemi ríkisins á Norðurlandi eystra er um 11% minni en mannfjöldi segir til um eða sem nemur rúmlega 74 þúsund krónum á hvern íbúa á ári. Starfsemi ríkisins á Austurlandi er um 23% minni en mannfjöldi segir til um eða sem nemur rúmlega 159 þúsund krónum á hvern íbúa á ári. Á hinn bóginn leggur ríkið til svipaða upphæð til að stuðla að því að þjónusta sveitarfélaga sé sambærileg því sem gerist annars staðar og til að styðja við landbúnað á þessum svæðum. Væri kjördæmið sjálfstætt „Norðausturríki" væri fjárlagahalli þess um 625 Mkr eða 1,2% af skatttekjum miðað við núverandi tekjur og útgjöld ríkisins. Til samanburðar var halli af rekstri íslenska ríkisins skv. fjárlögum 2011 um 7,9% eftir vaxtagreiðslur.

Þóroddur Bjarnason
Jón Þorvaldur Heiðarsson

Hafa auknar álögur á áfengi haft áhrif á eftirspurn og tekjur ríkissjóðs?*

Farið verður yfir helstu eftirspurnarþætti, sem geta haft áhrif á áfengisneyslu og reynt að meta hver áhrifin geta verið af skattahækkunum og verði á áfengi á eftirspurn eftir áfengi. Kynntar verða helstu rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis í þessum efnum, þar sem reiknuð er teygni eftirspurnar eftir áfengi og einstökum vöruflokkum til að kanna verðnæmi hennar.

Skoðað verður hvernig staðið er að þessum málum hér á landi með áfengisgjöldum og þeim öru breytingum sem hafa verið á þeim. Skoðuð söguleg þróun þessara gjalda á Íslandi t.d. í samræmi við þróun á vísitölu neysluverðs. Þá verður leitast við að finna út hvort auknar álögur á áfengi skili meiri tekjum í ríkissjóð. Kannað hvort að stefna stjórnvalda í áfengismálum hafi í raun skilað tilætluðum árangri.

Spurningarnar snúast um það hvort þessi tekjuöflun er að komast á það stig að viðbótar skattheimta sé að snúast gegn tilgangi hennar þ.e. hvort að þróun áfengisgjalds endurspeglast í tekjum og áætlunum ríkissjóðs.

Hver hafa verið helstu viðbrögð neytenda við stöðugt hækkandi áfengisverði, hefur eftirspurn minnkað eða hversu næm er eftirspurn eftir áfengi við verðbreytingum þ.e. hver er verðteygni áfengis hér á landi?

Jón Snorri Snorrason

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Hálendið í hugum ferðalanga
Félagsleg smíð víðerna*

Í þessari grein er fjallað um viðhorf ferðamanna til hálendis Íslands með hliðsjón af hugmyndinni um félagslega smíð (e. social construction). Samband Íslendinga við hálendið, hefur verið breytilegt í aldanna rás og líta menn ólíkum augum á nýtingu þess og nytsemi. Hálendið var um aldir að mestu lokaður heimur og fáir lögðu leið sína þangað. Það gegndi þó mikilvægu hlutverki sem stysta leið á milli landshluta, auk þess sem jökulár eru auðveldari yfirferðar nær upptökum. Um svæðið spunnust sögur af útilegumönnum, tröllum, draugum og forynjum sem áttu sinn þátt í að á tímabili lögðust ferðir þar að mestu af. Þegar kom fram á upplýsingaöld reyndu vísindamenn að afsanna sögurnar og nýjar hugmyndir mótuðust um hálendið. Á tuttugustu öldinni breyttust hugmyndirnar enn frekar, Íslendingar eignuðust bifreiðar sem komust um víðernin og sögur voru sagðar af landvinningum. Nýjar ímyndir urðu til af svæðinu og fleiri vildu kynnast því af eigin raun. Ferðaþjónustan skipulagði ferðir með innlenda og erlenda ferðamenn, sæluhús voru byggð og ferðaleiðir lagðar. Ímyndin um óspillta, ægifagra náttúru varð að söluvöru og varð ríkjandi í orðræðunni um hálendið. Á svipuðum tíma vöknuðu hugmyndir um nýtingu hálendisins til orkuframleiðslu.

Anna Dóra Sæþórsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Sköpunarverkið Strandir – þrenns konar sjónarhorn*

Hér á landi hefur gjarnan verið litið til ferðaþjónustu sem nokkurs konar bjargvættts dreifðari byggða þar sem atvinnulíf hefur verið einhæft og þjónusta af skornum skammti. Segja má að ferðaþjónusta sé í senn afleiðing af breyttum atvinnuháttum í dreifbýli og viðbragð við nýjum neysluháttum. Hin vaxandi eftirspurn eftir dreifbýli sem vettvangi frítíma og ferðamennsku hefur kallað á mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu á sama tíma og sífellt færri stunda landbúnað og sjávarútveg sem voru hefðbundnar undirstöðugreinar hinna dreifðari byggða. Markmið þessa erindis er að skoða tilurð og sköpun áfangastaðar útfrá þremur ólíkum sjónarhornum: Í fyrsta lagi viðhorf og sýn ferðaþjónustuaðila á Ströndum til uppbyggingar ferðaþjónustu, í öðru lagi ímynd svæðisins meðal hins almenna Íslendings og í þriðja lagi hvað ferðamenn og heimafólk telur vera kjarna Stranda sem staðar. Tekin voru viðtöl við alla núverandi ferðaþjónustuaðila á Ströndum, spurningar um Strandir voru hluti af Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í desember 2011 og janúar 2012 og að síðustu var safnað ljósmyndum og ummælum ferðamanna og heimafólks sumarið 2011 um hvað það er sem „gerir Strandir að Ströndum“. Niðurstaðan leiddi í ljós að sköpunarverkið Strandir verður fyrst og fremst til með athöfnum fólks og tengslum þess við hluti og umhverfi; menningu og náttúru.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir
Gunnar Þór Jóhannesson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

„Hreint, ferskt og einfalt“ Ný norræn matvæli og sviðslistin*

Saga kryddsins er samtvinnuð sögu ferðamennsku og verslunar á Miðöldum. Kryddin voru eftirsótt bæði til matargerðar og lækninga og í dag tengjast ýmsir áfangastaði í heiminum kryddi, bæði sögulega og vegna samtímaframleiðslu. Ísland sem áfangastaður á norðurhveli jarðar verður ekki auðveldlega settur á kort með helstu kryddþjóðum heims. Það sama gildir um hin Norðurlöndin. Undanfarið hafa þessi lönd þó leitast við að komast á heimskort matvælanna með átaksverkefninu Ný norræn matvæli. Áhersla er á hreinleika, ferskleika og einfaldleika hinna norrænu matvæla þar sem óbeisluð náttúran er nýtt í markvissa ímyndarsköpun.

Markmið rannsóknarinnar er að skoða hlutverk kryddjurta og villtra jurta í þessari ímyndarsköpun norrænna matvæla á Íslandi. Einblínt verður á hvort og hvernig jurtunum, sem gjarnan eru notaðar eins og krydd í mat, er ætlað að hafa áhrif á upplifun ferðamanna varðandi hreinleika, ferskleika og einfaldleika veitinganna sem þeir neyta.

Aðferðin er tilviksrannsókn þar sem túlkun veitingamanna á veitingastaðnum Dill á markmiðum og hugmyndafræði Nýrra norrænna matvæla verður skoðuð, með áherslu á notkunar kryddjurta og villtra jurta. Auk ítarlegra viðtala við veitingamennina, verður skoðaður matseðil fyrirtækisins, markaðsmiðlar fyrirtækisins og umhverfi. Rannsóknin mun fara fram á tímabilinu 15. júní til 30. nóvember 2012.

Laufey Haraldsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Efnahagslegur ávinningur hreindýraveiða á Austurlandi*

(Hunting Reindeer in East Iceland The Economic impact)

Markmið þessarar greinar er að kynna niðurstöður rannsókna meðal íslenskra skotveiðimanna sem fóru á hreindýraveiðar árið 2009.

Frá sjónarhorni um auðlindahagfræði er auðlindin hreindýr ekki nýtt á skilvirkan hátt eins og fjöldi umsókna um veiðileyfi bendir til. Í ár var fjöldi umsókna um 4.000 en kvótinn 1.001 dýr.

Skoðuð voru útgjöld og hlutfall þeirra sem veiðimenn eyddu á veiðislóð. Í framhaldinu voru svo reiknuð margfeldisáhrif veiðanna á Austurland.

Niðurstöðurnar benda til þess að margfeldisáhrifin séu svipuð og í erlendum rannsóknum á margfeldisáhrifum ferðamanna.

Grein þessi er framhald af grein sem höfundur birti í Þjóðarspeglinum 2010 og bar nafnið: **Könnun meðal skotveiðimanna á útgjöldum vegna skotveiða.**

Stefán Sigurðsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Upphaf kapítalískrar stéttaskiptingar
Mótun verkalýðsstéttar á Akureyri 1860–1940

Í erindinu er fjallað um mótun kapítalísks stéttaþjóðfélags á Íslandi út frá rannsókn á myndun verkalýðsstéttar á Akureyri á tímabilinu 1860–1940. Byggt er á manntölum og öðrum sögulegum heimildum og stuðst við rannsóknarlíkan sem byggir á marxískri stéttakenningu. Niðurstöður leiða í ljós að um 1860 voru erlendir kaupmenn áberandi á Akureyri og samfélagið bar mörg einkenni sjálfsþurftasamfélags. Frá síðari hluta 19. aldar tók bærinn á sig skýrari mynd kapítalísks stéttasamfélags. Grundvallarbreyting varð á innri gerð *verkalýðsstéttarinnar* á umræddu tímabili með fjölgun verkafólks í iðnaði og sjávarútvegi sem ráðið var sem launafólk af atvinnurekendum. Fækkaði þá sjálfstæðu handverksfólki og húshjálp. Slík þróun er nefnd öreigaþróun, en hún hófst með ólíkum hætti meðal kynjanna og er sú þróun m.a. rædd í erindinu. Stéttabarátta var hörð á fyrri hluta síðustu aldar og rannsóknin sýnir að lýðveldistíminn á Akureyri hófst með áberandi stéttaskiptingu, þ.e. félagslegri mismunun stétta og kynja. Svo virðist hins vegar að umræðan um þessa tegund mismununar hafi fallið í skuggann fyrir öðrum umfjöllunarefnum fræðimanna og í almennri umræðu fram til þessa. Í kjölfar efnahagshrunsins hefur stéttaskiptingin í landinu aftur komist á dagskrá.

Hermann Óskarsson

Nýjalismi og dulspeki
Hugmyndafræði íslenskrar borgarastéttar

Bændur og verkafólk skipulagði sig í hagsmunasamtökum og pólitískum flokkum á öðrum áratug 20. aldar, en ekkert sambærilegt og samhæft skipulag var fyrir hendi meðal borgarastéttarinnar fyrr en síðar. Færð verða rök fyrir því að dulspekihreyfingar og reglur eins og spíritismi, guðspeki og Frímúrarareglan hafi gegnt hugmyndafræðilegu hlutverki fyrir nýja íslenska borgarastétt sem varð til á lokaskeiði sjálfstæðisstjórnmálanna. Kenningar dr. Helga Péturs eru eitt sérkennilegasta afbrigði þessarar dulspekihreyfingar. Þátttaka menntmanna, stjórnmálamanna, atvinnurekenda og millistéttarfólks af ýmsu tagi í þessum félögum og hreyfingum gaf því grundvöll til félagslegra samskipta þar sem einstaklinghyggja, mannrækt, framfara- og vísindatrú og þjóðernishyggja var í heiðri höfð. Frelsunarhugmyndir og þróunarhyggja dulspekinnar urðu gild viðmið framfarasinnaðrar borgarastéttar sem var að fóta sig í nútímanum og skapa sér framtíð í landi sem um aldir hafði mótast af fornri bændamenningu og íhaldsamri embættismennsku.

Fjallað verður um efnahagslega, félagslega og pólitíska stöðu borgarastéttarinnar, samsetningu hennar og þátttöku í áðurnefndum félögum og reglum. Byggt verður á félagatölum og fundargerðum. Greind verða meginstef í þeirri dulspeki sem skaut rótum á Íslandi á fyrsta áratug 20.aldar og náði skjótri útbreiðslu á Íslandi á öðrum og þriðja áratugnum.

Pétur Pétursson

Íbúakosningar. Framtíðartæki til eflingar lýðræðis í sveitarfélögum?

Á síðasta áratug eða svo hefur umræða um og notkun á íbúakosningum sem tæki til eflingar lýðræðis í sveitarfélögum vaxið. Þrátt fyrir áratuga sögu af kosningum um sameiningu sveitarfélaga sem og kosningum um hundahald og áfengisútsölur hafa íbúakosningar verið að öðru leyti verið virkt tæki í lýðræði í sveitarfélögum. Ýmis teikn hafa verið á lofti á seinni árum um aukna notkun þessa tækis. Má þarna nefna kosningu í Reykjavík um skipulag Vatnsmýrar og framtíð Reykjavíkurflugvallar árið 2001, kosningu um deiliskipulag á Seltjarnarnesi árið 2005 og loks kosningu í Hafnarfirði um stækkun álvers Alcan í Straumsvík árið 2007. Í nýjum Sveitarstjórnarlögum sem tóku gildi 1. Janúar 2012 er sérstakur kafli um samráð við íbúa. Er þar m.a. að finna ákvæði um það lágmarkshlutfall kosningabærra sem þarf til að knýja fram almenna atkvæðagreiðslu. Ljóst er að í stefnir að íbúalýðræði almennt og þar með íbúakosningar (almennar atkvæðagreiðslur) fái mun meira vægi í stjórnarháttum sveitarfélaga en áður hefur verið. Í nýlegri könnun meðal sveitarstjórnarmanna og Alþingsmanna sem unnin var fyrir *Nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins* var spurt um viðhorf til ýmissa mála er varða íbúalýðræði og sérstaklega íbúakosningar. Í þessari grein verða niðurstöður þessa greindar. Greint verður hvort viðhorf til íbúakosninga séu ólík eftir stærð sveitarfélaga, kyni sveitarstjórnarmanns, aldri hans, starfsaldri sem kjörinn fulltrúi eða eftir stjórnmálaflokkum. Markmið greiningarinnar er þó ekki einungis að varpa ljósi á ofangreint heldur einnig að reyna að draga ályktanir um hvort þess sé að vænta að þróun í átt til fleiri íbúakosninga sé líklegri í sumum sveitarfélögum frekar en öðrum eða við tiltekin skilyrði frekar en önnur.

Grétar Þór Eyþórsson

Íslenskir kjósendur - gamlir og nýir flokkar: Flokkshollusta, vinstri-hægri og geta flokks til að leysa mikilvægustu verkefnin

Flokkshollusta hefur almennt farið minnkandi á undanförnum áratugum á Vesturlöndum og vaxandi hópur kjósenda leggur nú meiri áherslu á einstaka málefni og getu flokka til að takast á við mikilvægustu verkefnin. Í þessu erindi eru notuð gögn úr Íslensku Kosningarannsóknninni frá árinu 1999, þegar Samfylking og Vinstri-hreyfingin grænt framboð buðu sig fyrst fram eftir uppstokkun flokkakerfisins á vinstri vængnum. Skoðað er hvort að flokkshollusta, trú kjósenda á getu flokkana til að leysa mikilvægustu verkefnin á vettvangi stjórnmála og nálægð kjósenda við flokka a hægri-vinstri kvarðanum og hafi sömu tengsl við það hvaða flokkur varð fyrir valinu í hverjum kosningum um sig. Sérstaklega verður skoðað hvort að vinstri flokkarnir tveir, Samfylking og Vinstri græn, hafi fest sig í sessi í hugum kjósenda; hvort að flokkshollusta við þá hafi aukist og trú á því að þeir séu hæfastir til að takast á við mikilvægustu verkefnin. Jafnframt verða ný framboð skoðuð með sömu formerkjum, Dæmi um niðurstöðu eru að Samfylking og Vinstri græn hafa unnið á frá 1999 í flokkshollustu og að þeir séu taldir bestu flokkarnir til að takast á við mikilvægustu verkefnin, á meðan að ný framboð hafa enn sem komið er ekki náð að festa sig í sessi með sama hætti. Á sama tíma helst skýringagildi hægri-vinstri staðsetningar kjósenda og flokka nokkurn vegin það sama á milli kosninga.

Ólafur Þ. Harðarson
Eva Heiða Önnudóttir

Endurspegla íslenskir stjórnmálaflokkar afstöðu sinna eigin kjósenda?

Í þessu erindi verður tekið fyrir og borin saman afstaða frambjóðenda stjórnmálaflokkanna til þess hvert sé hlutverk kjörinna fulltrúa og fulltrúi hverra þeir álita að kjörinn fulltrú eigi að vera; kjósenda flokks, kjördæmis, allra landsmanna eða ákveðinna hópa á Íslandi. Jafnframt eru frambjóðendur stjórnmálaflokkanna innan hvers kjördæmis bornir saman við kjósendur og greint hversu nálægt þeir eru sínum kjósendum á hægri vinstri kvarðanum og hversu sammála hóparnir eru um hver séu mikilvægustu málefnin á vettvangi stjórnmála. Skoðað verður sérstaklega hversu frábrugðnir frambjóðenda eru á milli flokka á því hvert þeir líta á hlutverk kjörinna fulltrúa og hvort það skýrir hversu nálægt (að fjarlægir) þeir eru sínum kjósendum á vinstri-hægri og mikilvægustu málefnunum. Notuð eru gögn úr Íslensku kosningarannsókninni 2009 og Íslensku frambjóðendakönnuninni 2010. Dæmi um niðurstöðu eru að flokkar þar sem hátt hlutfall frambjóðenda líta svo á að þingmaður eigi að hafa eigin skoðun að leiðarljósi en ekki skoðun kjósenda, eru nær sínum kjósendum á vinstri-hægri kvarðanum. Jafnframt eru flokkar sem hafa hátt hlutfall frambjóðenda sem líta svo á að þingmaður sé fyrst og fremst fulltrúi allra landsmanna nær sínum kjósendum á vinstri-hægri, á meðan flokkar með hátt hlutfall frambjóðenda sem líta svo á að þingmaður eigi fyrst og fremst að vera fulltrúi síns kjördæmis eru fjær sínum kjósendum á vinstri-hægri.

Eva Heiða Önnudóttir

Að skera eða skera ekki; af leiðréttingu kyns og kyngervis

Hefur útlitsdýrkun náð sögulegum hápunkti? Konur og karlar keppa við fyrirmyndir samtímans í linnulausum tilraunum til að fanga félagslega skilgreinda fegurð. Kynjuð viðmið virðast hafa ýkst með aukinni tækni og fjármagni fyrirtækja í útlitsbransanum. Kvenleiki og karlmennska eru í auknu mæli tengd líkamanum og tvinnuð líffræðilegum kynjamun. Fjöldi þeirra sem leggjast undir hnífinn í þeim tilgangi að verða (meiri) kona eða karl, eykst með ári hverju. Viðleitninni til að draga fram kyngervi kvenleika og karlmennsku virðast engin takmörk sett.

Á sama tíma og gagnrýni á svokallaðar " hefðbundnar fegrunaraðgerðir" eykst hækkar rödd samfélagshóps sem krefst virðingar og almenns samþykkis kynleiðréttinga. Transfólk samfélagsins kallar eftir umburðarlyndi og ítrekar eigin ráðstöfunarrétt yfir eigin líkama; kyni og kyngervi.

Í þessu erindi verður fjallað um réttmæti skurðaðgerða í því skyni að undirstrika eða breyta eigin kyni og kyngervi. Í hverju felst munurinn og hverra er valið og virðingin?

Guðný Gústafsdóttir
Ásta Jóhannsdóttir

Kynjamunur og klámvæðing á stefnumótasíðum

Í MA ritgerð minni „Kynjamyndir og klámvæðing á stefnumótasíðum. Netsíðurnar Deiligst og Einkamál skoðaðar“ var sjálfsmynd kynjanna skoðuð á netsíðunum Deiligst og Einkamál. Tilgangurinn með þessu verkefni var að komast að því hvernig kynin sýna sig sjálf í innsendu efni á Netinu. Kynjamunur og klámfengni var skoðað sérstaklega.

Alls voru skoðaðar 700 sjálfsmyndir á netsíðunum Deiligst og Einkamál og sú skoðun sýndi að fleiri sjálfsmyndir kvenna en karla voru klámfengnar. Niðurstöður orðræðugreiningar á myndatexta, auglýsingatexta og gælunafna sýndu einnig að fleiri konur en karlar voru með klámfengin texta á netsíðunum. Einnig var andlitsáherslukenningin skoðuð en í henni er því haldið fram að á myndum af karlmönnum sé andlitið aðalatriði vegna þess að þeir séu gáfaðari en konur. Myndir af konum hinsvegar leggi oftar áherslu á líkamann vegna þess að þær eru viðkvæmari en karlmenn. Þessi tilgáta var fyrst skoðuð eftir sérstökum rannsóknarviðmiðum og sannaðist þá tilgátan á Deiligst en ekki á Einkamál. Við skoðun á sjálfsmyndunum á Deiligst og Einkamál eftir aðferðafræði Önju Hirdman (2007) þá reyndist tilgátan rétt. Niðurstöður þessarar rannsóknar virðist vera svipaðar og niðurstöður annarra rannsókna sem gerðar hafa verið á stefnumótasíðum. Þær virðast flestar sýna fram á að innsent efni frá stúlkum/konum er yfirleitt klámfengnara en hjá drengjum/körlum.

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir

„Ég þori að vera til“ Upplifun þolenda kynferðisofbeldis af Sólstöfum, sjálfshjálparsamtaka á Ísafirði*

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort og hvernig starfsemi Sólstafa á Ísafirði, sjálfshjálparsamtaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis og aðstandendur þeirra, hefur nýst þeim sem þangað hafa leitað. Þá var einnig kannað hvort tilurð samtakanna í heimabyggð hafi reynst viðkomandi hvatning til að leita sér aðstoðar, í stað þess að þurfa að leita til samskonar samtaka á höfuðborgarsvæðinu, með tilheyrandi fyrirhöfn og fjárútlátum.

Notast var við eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekin voru viðtöl við sex þolendur kynferðisofbeldis sem hafa nýtt sér þjónustu Sólstafa og leitast við að fá innsýn í upplifun þeirra af henni.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að upplifun þolenda kynferðisofbeldis af því að vinna úr reynslu sinni í heimabyggð með aðstoð og ráðgjöf Sólstafa er jákvæð. Það virðist skipta þolendur máli að geta unnið úr reynslu sinni í heimabyggð, óháð efnahag. Þolendur telja opinbera þjónustu sem stendur til boða á svæðinu kostnaðarsama og biðtíma eftir henni vera of langan, ásamt því að þeir telja það mikla fyrirhöfn og fjárútlát að leita aðstoðar sjálfshjálparsamtaka á höfuðborgarsvæðinu.

Þjónusta Sólstafa hafði jákvæð áhrif á líf þolenda og meirihluta þeirra fannst hún hafa áhrif til hins betra. Nánast allir þolendur voru sáttir við þá þjónustu sem þeir fengu og allir þolendurnir sex mæla með þjónustu Sólstafa fyrir aðra þolendur kynferðisofbeldis.

Kristrún Helga Ólafsdóttir
Freydís Jóna Freysteinsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Dvöl barna í Kvennaathvarfinu

Tilgangur rannsóknarinnar var að auka þekkingu á málefnum barna sem verða vitni að ofbeldi í nánum samböndum og hafa dvalið í Kvennaathvarfinu. Markmiðin skiptust í þrennt og var ætlað að gefa innsýn í það hvernig unnið er með börnum sem dvelja í Kvennaathvarfinu. Í fyrsta lagi var sjónum beint að upplifun barna á dvöl sinni í Kvennaathvarfinu, í öðru lagi voru kannaðar óskir mæðra sem dvelja með börn sín í Kvennaathvarfinu um þjónustu fyrir börnin og í þriðja lagi var kannað hvernig unnið er með börnum í Kvennaathvarfinu. Við rannsóknina var megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum beitt. Spurningakönnun var lögð fyrir 11 mæður sem hafa dvalið í Kvennaathvarfinu með börn sín og tekin voru viðtöl við fimm starfskonur Kvennaathvarfsins og þrjú börn sem hafa dvalið þar með mæðrum sínum. Þátttakendur voru alls 19 talsins. Niðurstöður sýna að starfsemi Kvennaathvarfsins er mikilvæg fyrir öryggi barna sem hafa orðið vitni að ofbeldi í nánum samböndum en einnig að börn sem þar dvelja fái almennt litla þjónustu. Horfa þarf á málefni barna sem dvelja í Kvennaathvarfinu með heildstæðari hætti en gert er og þörf er á markvissri þjónustu í Kvennaathvarfinu sem skipulögð er út frá þörfum barna. Jafnframt sýna niðurstöður að mikilvægt sé að koma á samstarfi á milli Kvennaathvarfsins og viðeigandi stofnana og stuðla með þeim hætti að því að veita börnunum þjónustu sem mætir þörfum þeirra.

Bergdís Ýr Guðmundsdóttir
Anni G. Haugen

Mælingar á árangri auglýsingaherferða*

Fyrirtæki alls staðar í heiminum verja háum fjárhæðum í auglýsingaherferðir á ári hverju. Þrátt fyrir þá staðreynd hafa fyrri rannsóknir sýnt að fæst fyrirtæki mæla árangur þeirra. En skyldu íslenskir auglýsendur haga sér eins og auglýsendur í erlendu rannsóknunum? Til að skera úr um það ákváðu höfundar þessarar greinar að gera rannsókn meðal íslenskra auglýsenda.

Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um hvort og þá hvernig auglýsendur á Íslandi mæla árangur auglýsingaherferða sinna.

Lagt var upp með tvær rannsóknarspurningar. Til að svara þeim var gerð megindleg rannsókn í formi spurningakönnunar sem send var rafrænt á markaðsstjóra 100 stærstu fyrirtækja landsins miðað við starfsmannafjölda. Alls tóku 26 fyrirtæki þátt í rannsókninni og skiptust nokkurn vegin til helminga í stór og meðalstór fyrirtæki.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að tæpur helmingur fyrirtækjanna mælir árangurinn oft eða alltaf. Oftast eru mældar breytingar í sölu og markaðshlutdeild en einnig mæla fyrirtækin frekar oft vörumerkjavitund og ímynd markhóps á vörumerkinu.

Halla Björk Jósefsdóttir
Friðrik Eysteinsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Vörumerkjarýni þarfasta þjónsins í Þýskalandi*

Útflutningur íslenska hestsins á undir högg að sækja. Þar vegur þungt að erlendir aðilar eru orðnir ötulir ræktendur og eru Þjóðverjar þar stórtækastir. Ef snúa á þeirri þróun við er nauðsynlegt að íslenskir útflytjendur íslenska hestsins grípi til aðgerða. Áður en farið er í slíkar aðgerðir er nauðsynlegt að kanna stöðu íslenska hestsins í Þýskalandi í hugum þeirra sem skráðir eru í hestamannafélög sem stofnuð hafa verið í kringum íslenska hestinn þar í landi. Í þessari grein er tekist á við það viðfangsefni. Notast var við bæði eigindlega og megindlega rannsókn.

Tilgangur eigindlegu rannsóknarinnar var að athuga hvernig útflytjendur íslenska hestsins hafa staðið að uppbyggingu vörumerkjavirðis hans í Þýskalandi síðastliðin þrjú ár.

Tilgangur megindlegu rannsóknarinnar var tvíþættur. Í fyrsta lagi að athuga hver er vitund íslenskra ræktenda í samanburði við þýska ræktendur íslenska hestsins í Þýskalandi og í öðru lagi að athuga hver er ímynd íslenska hestsins sem er ræktaður hérlendis í samaburði við íslenskan hest sem er ræktaður í Þýskalandi.

Það er mat höfunda að skilgreina þurfi betur markhópa, endurstaðfæra íslenska ræktun og bæta markaðsfærslu íslensk hestsins. Jafnframt er mikilvægt að auka vitund íslenskra útflytjendur í Þýskalandi bæti og byggja upp æskilega ímynd í kjölfarið.

Tinna Dögg Kjartansdóttir
Friðrik Eysteinsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Ímynd banka og sparisjóða: Er sýn kynjanna mismunandi? *

Markmið rannsóknarinnar er að kanna hvort mat fólks á ímynd bankakerfisins sé mismunandi eftir kyni svarenda. Dregið er fram að fyrri rannsóknir sýni að konur taki gjarnan ábyrgari afstöðu til ýmissa samfélagsmála en karlar og er í greininni skoðað hvort slíkt komi fram í mælingum á ímynd banka og sparisjóða. Rannsóknin byggir á tveimur könnununum sem framkvæmdar voru í febrúar og mars 2012. Önnur er byggð á þægindaúrtaki meðal háskólanema en sambærileg könnun hefur verið framkvæmd síðan 2003. Hin er einnig byggð á þægindaúrtaki en það var á meðal almennings. Við úrvinnslu var kannað hvort munur væri á svörum milli úrtaka og í ljós kom að hvergi kom fram marktækur munur. Því voru úrtökin sett saman í einn gagngrunn sem gerir heildarfjölda svara 800.

Í könnuninni er fólk beðið um að taka afstöðu til 10 ímyndarþátta á 9-stiga kvarða þar sem 1 stendur fyrir „Á mjög illa við þetta vörumerki" og 9 „Á mjög vel við þetta vörumerki". Vörumerkin eru starfandi viðskiptabankar á Íslandi þegar könnunin fór fram, þ.e. Arion banki, Íslandsbanki, Landsbankinn, MP banki og Sparisjóðirnir. Í úrvinnslu þarf að skoða alla ímyndarþætti (10) út frá hverju vörumerki (5) og er því heildarfjöldi spurninga 50. Í framhaldi eru sett fram vörukort fyrir konur annars vegar og karla hins vegar.

Í ljós kemur munur á afstöðu til tiltekinna ímyndarþátta bæði þegar skoðuð er afstaða til bankakerfisins í heild sem og þegar skoðaðar eru niðurstöður til einstaka banka. Þetta hefur þau áhrif að ímyndarleg staða bankanna er ekki sú sama hjá körlum annars vegar og konum hins vegar.

Sandra María Sævarsdóttir
Þórhallur Guðlaugsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Viðhorf neytenda til styrkja til rokkhljómsveita*

Mat neytenda á styrkjum er m.a. talið byggja á hvort styrkveitandinn sé einkaaðili eða opinber aðili. Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf neytenda til styrkja til íslenskra rokkhljómsveita. Annars vegar var markmiðið að kanna hvort viðhorfið sé almennt ólíkt eftir því hvort styrkveitandinn er einkarekið fyrirtæki, ráðuneyti eða opinber stofnun og hins vegar var ætlunin að kanna hvaða áhrif styrkveiting geti haft á rokkhljómsveitir að mati neytenda. Þátttakendur í rannsókninni voru valdir með hentugleikaúrtaki þeirra háskólanemenda sem uppfylltu það að teljast hluti af neytendum, en neytendur voru skilgreindir sem þeir einstaklingar sem keypt höfðu hljómplötu og/eða sótt tónleika með íslenskri rokkhljómsveit 12 mánuði áður en spurningalistinn var lagður fyrir. Niðurstöðurnar sýna að neytendur eru almennt jákvæðara í garð styrkja frá einkareknum fyrirtækjum heldur en opinberri stofnun eða ráðuneyti. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að neytendur telja áhrif slíkra styrkveitinga geta haft mikilvæg áhrif á rokkhljómsveitir, sér í lagi varðandi velgengni þeirra.

Víkingur Másson
Auður Hermannsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Áhrif ólíkra kennsluaðferða í stærðfræðinámi

Markmið rannsóknarinnar var að skoða áhrif kennsluaðferðarinnar "stýrð kennsla" (*Direct Instruction*) á frammistöðu leikskólabarna í stærðfræði. Kennsluaðferðin er mjög árangursmiðuð og nemendur fá mikla þjálfun í undirstöðuatriðum til að efla færni og skilning þeirra á námsefni.

Til að meta áhrif stýrðrar kennslu var gerð samanburðarrannsókn þar sem átta börn fengu stýrða kennslu og níu börn fengu hefðbundnari kennslu byggða á kenningum Dewey. Árangur barnanna í hópunum tveimur var borin saman við þriðja hópinn, sjö börn, sem ekki fengu sérstaka kennslu í stærðfræði. Hóparnir þrír voru til áður en rannsóknin hófst. Sá hópur sem kom verst út í forprófunum var valinn til að fá stýrða kennslu.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að allir nemendur sem fengu stýrða kennslu náðu mjög miklum árangri í námsefninu og gátu allir leyst verkefnin hratt og örugglega. Í hinum kennsluhópnum náðu sum börn mjög miklum árangri en sum náðu mjög litlum árangri líkt og gerist í almennum bekkjum. Báðir hóparnir stóðu sig þó mun betur en sá hópur sem ekki fékk stýrða kennslu. Niðurstöðurnar samræmast fjölda annarra rannsókna á stýrðri kennslu sem sýna flestar mikinn árangur allra nemenda sem kennt er á þennan hátt.
Stýrð kennsla virðist kjörin til að veita nemendum jöfn tækifæri til náms.

Thelma Lind Tryggvadóttir
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir

Hindrun er áskorun: Að ná tökum á lestri með aðferðum „Direct Instruction“ um beina kennslu*

Í þessari rannsókn var athugað hvort hægt væri að finna börn í fyrsta bekk grunnskóla sem væru 1-2 staðalfrávikum frá bekkjarmeðaltali í lok skólaársins. Síðan var athugað hvort lestrarkennsla með kennsluaðferð *Direct Instruction* (DI) myndi bæta frammistöðu þeirra í lestri. Einnig var spurt hvort sú kennsla myndi koma í veg fyrir þörf á sérkennslu í 2. bekk. Rannsóknin var unnin í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og var fylgst með einum árgangi (N = 46) fyrstu tvö skólaárin og unnið með hluta nemenda sérstaklega. Margfalt grunnlínusnið var notað til að meta árangur af 48 kennslustunda DI-kennslu hjá fimm af sjö nemendum sem fengu boð um kennslu. Mælanlegar framfarir voru hjá öllum fimm og batnaði frammistaða þeirra í lestri jafnmikið eða meira en sem svarar aukningu þeirra á einu skólaári í 1. bekk. Þátttakendur þurftu ekki sérkennslu í 2. bekk og var ekki fyrirsjáanleg þörf fyrir hana í 3. bekk. Frávik þeirra sem ekki þáðu boð um þátttöku jókst eftir því sem leið á skólaár í 2. bekk þrátt fyrir hefðbundna sérkennslu og voru áfram í þörf fyrir sérkennslu í 3. bekk. DI-kennsla er öflugt tæki til að bæta lestrarkunnáttu nemenda sem eru í áhættu fyrir lestrarörðugleika.

Ásta Harðardóttir
Zuilma Gariela Sigurðardóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Á öxlum risa: Um námskrár í náttúruvísindum*

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á vanda sem þeir glíma við í vaxandi mæli, sem skipuleggja náttúruvísindamenntun. Vandinn felst í því velja hvað af sviði þekkingar í vísindum ætti að leggja á borð fyrir nemendur í almenna skólakerfinu og hvernig ætti á sama tíma að skapa aðstæður til náms þannig að nemendur kynnist helstu fyrirbærum náttúrunnar af eigin rammleik, máti við eigin reynslu og upplifanir og þrói þannig með sér áhuga á vísindum.

Í bréfi sem Isaac Newton sendi sendi Robert Hooke árið 1676 fullvissaði hann Hooke um að árangur sinn byggðist ekki síst á afrekum annarra, hann hefði „staðið á öxlum risa". Þessi orð Newtons mætti yfirfæra á almennt nám í náttúruvísindum þannig: Inntak námsins felur í sér hugmyndir, hugtök, lögmál og aðferðir sem aðrir hafa fundið og þróað. Nemendur læra um þessi afrek forvera okkar, hugtök og aðferðir, með það að leiðarljósi að einhverjum þeirra takist að þróa hugmyndirnar áfram, nýta þær og rannsaka áfram. En ljóst má vera að Isaac Newton las ekki einungis og hermdi eftir öðrum. Athafnir hans og eigin hugmyndir frá unga aldri bera þess merki að hann rannsakaði líka og skapaði hluti sjálfur. Hann bjó meðal annars til líkön af vélbúnaði á borð við vindmyllur í réttum hlutföllum og allt virkaði sem skyldi.

Hér er fjallað um rannsókn á opinberum námskrám hérlendis og hvernig þær taka á þessum vanda, þ.e. að varðveita og yfirfæra fyrri þekkingu annars vegar og að efla eigin rannsóknarhvöt og áhuga nemenda á náttúruvísindanámi hins vegar.

Meyvant Þórólfsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Menntun og vinnumenning: Þróun hagnýtrar fræðigreinar bókasafns- og upplýsingafræði

Þróun þekkingarmiðlunar tengist þróun vinnumenningar. Fyrr á öldum þegar íslenskt þjóðfélag bjó við frumstæða atvinnumenningu gekk verkþekking jafnt sem önnur þekking í arf milli kynslóða. Menntun fór fram á heimilum og var hluti af uppeldi ungmenna.

Eftir því sem þjóðfélagið þróaðist og atvinnuhættir urðu fjölbreyttari óx þörfin fyrir skipulagða þekkingarmiðlun á ýmsum fag- og fræðasviðum. Þá skapaðist þörf á atvinnumenntun m.a. á sviðum iðngreina og viðskipta. Upplýsingin leiddi til aukins áhuga á þekkingarmiðlun og menntun sem aftur leiddi til stofnunar lestrarfélaga og bókasafna víða um land á 19. öld og fram um miðja 20. öld.

Þörf fyrir skipulagða þekkingarmiðlun óx eftir því sem leið á 20. öldina sem leiddi til þess að námsleið í bókasafnsfræði var stofnuð við HÍ 1956. Námsgrein af þessu tagi ætti að þróast í takt við breytingar á atvinnuháttum og tækni.
Markmið rannsóknarinnar er að greina þróun atvinnumenningar og þörfina fyrir þekkingar- og upplýsingamiðlun allt frá upphafi byggðar og fram til nútímans. Gagna var aflað úr birtum og óbirtum heimildum varðandi atvinnumenningu svo og úr skjölum og öðrum upplýsingum frá HÍ, m.a. um skráningu nemenda og námsframboð í tímans rás.

Niðurstöður gefa til kynna að þróun greinarinnar hefur að ýmsu leyti verið í samræmi við þjóðfélagsþörfina. Ljóst er að sumt má betur fara og stefnt skal að því að lærdómurinn sem draga má af þessum niðurstöðum verði til þess að námsgreinin nái að þróast í samræmi við breyttar kröfur og þarfir samfélagsins.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir
Stefanía Júlíusdóttir

Well-being of Modern Nations: Nordics and Others Compared

The paper reports on a detailed comparison of well-being in modern nations, based on a new data bank of 69 well-being measures for 29 nations. The data is normalized and synthetic well-being scores calculated, one for the total well-being of national populations and 9 others for different sub-dimensions. The overall approach to well-being is thus multi-dimensional, in line with the classical Scandinavian level of living studies, focusing on various aspects of quality of life that are generally accepted as important for well-being of populations.

The analysis will assess how the Nordic group of nations compares in terms of general well-being of its populations in comparison to the other groups of nations and the comparison will also profile how the nations do along each of the sub-dimensions. Then we ask what explains differential outcomes for the different groups of nations, by relating the outcomes to background factors, such as welfare state efforts/generosity, affluence levels, influence of labour union movements and politics, social capital, strength of democracy and lastly to distributional indicators, such as the real purchasing power of the lowest income decile group.

Stefán Ólafsson

Aldraðir og aðstandendur þeirra: Stuðningur við upplýsingahegðun aldraðra einstaklinga*

Fjallað verður um eigindlega rannsókn þar sem meginmarkmiðið er að afla þekkingar á upplýsingahegðun aldraðra og aðstandenda þeirra í tengslum við breytingar sem verða á heilsufari og aðstæðum aldraðra við hækkandi aldur. Alþjóðlega eru mjög fáar rannsóknir til um upplýsingahegðun aldraðra og einnig er afar lítil þekking á því hvernig aðstandendur þeirra styðja við hana. Því er brýnt að auka þekkingu á þessu sviði.

Í erindinu og greininni verður lögð áhersla á þátt aðstandenda í rannsókninni. Tekin voru opin viðtöl við 14 aðstandendur, níu konur og fimm karla á aldrinum 37 til 74 ára, sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu, í dreifbýli og í kaupstað úti á landi. Fjallað verður um niðurstöður varðandi það hvernig þeir styðja við upplýsingaþörf aldraðra, hvar og hvernig þeir afla upplýsinga og hindranir sem þeir telja að séu fyrir hendi. Ennfremur hvernig þeir upplifa hlutverk sitt sem aðstandendur sem stuðla að því að aldraðir fái upplýsingaþörfum sínum fullnægt.

Ágústa Pálsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Er mögulegt að bæta velferð barna þrátt fyrir jaðarstöðu foreldra?

Á síðustu árum hefur þeim sem njóta fjárhagsaðstoðar fjölgað verulega. Mikilvægt er að huga að virkni og framtíðarmöguleikum þessara einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að langtímanotendur eru að jafnaði með verra andlegt og líkamlegt heilsufar og minni virkni en almennt gerist. Því er mikilvægt að vinna markvisst að úrræðum og leiðum til að bæta hag þessa hóps og hann hafi sem stystu viðdvöl á fjárhagsaðstoð.

Markmiðið með þessari rannsókn er að bera saman félagslegar aðstæður foreldra eftir því hvort þeir njóta fjárhagsaðstoðar, eru atvinnulausir eða í vinnu. Byggt er á gögnum úr símakönnun meðal reykvíska foreldra sem þáðu fjárhagsaðstoð eða voru á atvinnuleysisbótum í desember 2011 sem og netkönnun meðal reykvíska foreldra á vinnumarkaði í janúar 2012. Úrtak í símakönnun var 1300 notendur fjárhagsaðstoðar eða atvinnulausir (svarhlutfall 55%) og 704 í netkönnun (svarhlutfall 49%).

Niðurstöður benda til að aðstæður foreldra sem njóta fjárhagsaðstoðar séu að sumu leiti ólíkar aðstæðum reykvíska foreldra sem eru atvinnulausir eða á vinnumarkaði. Tekjur þeirra eru lægri sem og menntunarstig. Þá gengur þeim einnig verr að láta enda ná saman en foreldrum á vinnumarkaði. Þeir nota einnig minna fjármagn til tómstundaiðkunar barna sinna og börn þeirra eru í ríkara mæli með sértæka erfiðleika eða raskanir.

Elísabet Karlsdóttir
Erla Björg Sigurðardóttir

Þjónandi forysta: Einföld en dýpri en atómljóð?

Þjónandi forysta (e. Servant leadership) hefur undanfarin ár fengið aukna vigt á sviði forystufræða og margar skipulagsheildir telja sig nota hugtakið til að ná árangri. Þjónandi forysta virðist margbrotið hugtak og verður sérstaklega skoðað hvað það stendur fyrir og hvort það séu einhverjir mikilvægir þættir í því sem hefur farið lítið eða minna fyrir. Dæmi um slíkan þátt er fullyrðing Robert Greenleaf, upphafsmanns þjónandi forystu, um mikilvægi þess að þjónandi leiðtogar þurfi að framkvæma eða taka af skarið. Út frá þessum og fleiri þáttum verður fjallað um hverskonar forystu er að ræða. Erindið byggir aðallega á skrifum Greenleaf, rannsóknum helstu fræðimanna á þessu sviði og hvernig þjónandi forysta kann að vera iðkuð.

Sigurður Ragnarsson

Innleiðing stefnu Símans eftir skipulagsbreytingar 2007*

Í mars 2007 var gerð sú skipulagsbreyting á Símanum að fyrirtækinu var skipt upp í móðurfélagið Skipti og rekstrarfélögin Símann og Mílu.

Með rannsókninni er reynt að svara því hvort þessi skipulagsbreyting hafi haft áhrif á innleiðingu og framkvæmd stefnu Símans. Formleg stefna Símans birtist í svokölluðum Áttavita. Leitast er við að varpa ljósi á það hvaða þættir sem leiða af skipulagsbreytingunni hafa áhrif á framkvæmd stefnunnar og til hvaða sérstöku ráðstafana var gripið til að styðja við framkvæmdina. Við rannsóknina og túlkun niðurstaðna var litið til fræðilegra kenninga um stefnu, stefnumótun og ekki síst framkvæmd stefnu. Þá var horft til kenninga um hlutverk leiðtoga og þátt fyrirtækjamenningar við framkvæmd stefnu.

Rannsókninni er um leið ætlað að dýpka skilning á innleiðingu og framkvæmd stefnu hjá fyrirtækjum sem starfa við skilyrði örrar tækniþróunar og harðrar samkeppni.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda í meginatriðum til þess að uppskipting fyrirtækisins hafi haft mikla þýðingu fyrir framkvæmd stefnunnar. Það að Símanum var skipaður sérstakur forstjóri í kjölfar skipulagsbreytingarinnar er talið hafa mjög jákvæð áhrif á innleiðingu og framkvæmd stefnunnar. Færð eru rök fyrir því að forstjóri Símans hafi sem leiðtogi náð að skapa sameiginlega sýn á framtíðina og byggja upp fyrirtækjamenningu sem studdi við framkvæmd stefnunnar.

Börkur Grímsson
Snjólfur Ólafsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Hvatning og samskipti við sýndarsamningaborð*

Tilgangur greinarinnar er að kanna tengsl hvata og taktískra samskipta. Áherslan er á rafræn samskipti og samninga.

Sett verður upp tilraun þar sem undirliggjandi hvatar eru mældir og þátttakendur ljúka samningaæfingu í gegnum tölvupóst. Samskiptasagan verður greind með tilliti til kröfugerðar, upplýsingagjafar, samkeppni, samvinnu og blekkinga.

Könnuð verða tengsl undirliggjandi hvata, samvinnu- og samkeppnishneigðar, við þær aðferðir sem þátttakendur beita við sýndarsamningaborð.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á ólíkar niðurstöður samninga eftir því hvort þeir voru augliti-til-auglits eða í gegnum tölvusamskipti. Með því að greina samskiptasöguna, ferli samskiptanna, er hægt að varpa ljósi á þær aðferðir sem samningamenn beita þegar samningar fara fram í gegnum tölvupóst og hvort munur er á aðferðum þeirra sem eru samkeppnishneigðir og þeirra sem eru samvinnuhneigðir.

Þóra Christiansen

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Á skilamat rétt á sér?*

Stóra spurningin er hvort að skilamat í þeirri mynd sem það er í dag sé virði vinnunnar og kostnaðarins sem í það fer. Skilamat var fyrst sett fram í lögum árið 1970, en þá var það hugsað sem verkfæri til aðhalds og upplýsingagjafar. Hér er í fyrsta lagi reynt að komast að því hver upprunalegur tilgangur skilamats var þegar hugmyndin um það kom fyrst fram og fyrstu lögin voru sett. Í öðru lagi hvaða tilgangi það þjónar í dag og í þriðja lagt mat á því hvort breyting hafi orðið þar á og þá hvort hún hafi orðið til hins betra eða verra. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum. Beitt er aðferð eigindlegrar rannsóknar.

Vala Hrönn Guðmundsdóttir
Eðvald Möller

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Interplay
(Intimate histories: material and biographies in the museum)

The proposed paper addresses the material discourse within the contemporary art museum. The relevance of intimate histories, in the making of art - as material, process and mark making- on the one side, and - as an important part of the biographical make up, of things and humans- on the other.

The text is an attempt, to reflect on material and biographical relevance, within the frame of the contemporary art museums, and simultaneously, to shed light, on the construction of cultural, national and self identities within the museum.

The paper addresses the art making, the art object and the museum visit, as a physical and subjective engagement, an embodiment of lived experiences and expressions, partaking in a silent discourse, which help to construct new meanings and new identities within the museum.

-Interplay- is a theoretically oriented discussion, on the construction and reconstruction of identities, through material objects and recontextualisation. Daniel Miller, Merleau-Ponty, Igor Kopytoff and Ernst Gombrich provide for the theoretical framework.

Birna Kristjánsdóttir

Rökkursögur: Um íslensk ævintýri, veturinn og vorið

Í fyrirlestrinum verður fjallað um íslensk ævintýri og á hvern hátt þau skera sig frá ævintýrum annarra þjóða. Í upphafi verður rætt um almenn einkenni ævintýra, en einkum þó með tilliti til frásagnarfræði og formgerðar. Að því búnu verður litið á tengingu íslenskra ævintýra við staðbundna þætti á borð við náttúru og árstíðir, með áherslu á veturinn og það myrkur sem honum tilheyrir. Er veturinn yfir höfuð sýnilegur í íslenskum ævintýrum? Og sé svo, hver er þá birtingarmynd hans? Í þeim tilgangi að varpa skýrara ljósi á hlutverk vetursins – og í þrengra samhengi myrkursins – verða ævintýrin sett í samhengi við líf og lífsskilyrði Íslendinga fyrr á öldum og glímu þeirra við náttúruna, hina löngu og dimmu vetur, jafnt sem eigin tilveru. Í framhaldinu verður myrkrið skoðað í táknrænu ljósi, sem og frásagnarfræðilegt hlutverk þess innan þeirrar grunnformgerðar sem ævintýrin tilheyra. Að lokum verður dregin sú ályktun að myrkrið gegni lykilhlutverki í íslenskum ævintýrum; ekki einungs sé það eitt af því sem kalla megi staðbundin einkenni þeirra, heldur einnig sá þáttur sem kallar – formgerðarinnar vegna – á andstæðu sína, ljósið, eða vonina.

Aðalheiður Guðmundsdóttir

Skólasiðir og sagnir: Börn safna þjóðfræðiefni*

Hér verður fjallað um samstarfsverkefni Rannsóknarmiðstöðvar í þjóðfræði og nokkurra grunnskóla landsins. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði Háskólans og hófst vinna við það í febrúar síðastliðnum.

Verkefnið gengur út á það að nemendur í eldri bekkjum grunnskólanna taka viðtöl við einstaklinga sem reynslu hafa af dvöl á heimavistarskólum vítt og breitt um landið. Þannig myndast samræður milli kynslóða sem er áríðandi verkefni í samtímanum sem einkennist af rótleysi. Hugmyndin er því ekki einungis að horfa aftur heldur líka að veita kynslóðunum möguleika á að tengjast á djúpstæðari máta. Tíminn og siðirnir verða þannig að samningi milli kynslóða í stað þess að ein kynslóð þröngvi skilgreiningum sínum upp á aðra.

Spurt er um siði, leiki, sagnir og almennt um frítímann í heimavistarskólunum en lítið hefur verið skráð af þeim upplýsingum fyrr en nú. Verkefni sem þetta er nýtt af nálinni hér á landi en nokkur dæmi eru um slík erlendis og verða þau tilvik nánar rædd í fyrirlestrinum og meðfylgjandi grein. Auk þess verður leitast við að gera grein fyrir gangi verkefnisins, samstarfinu við grunnskólana og síðast en ekki síst verður fjallað um svör heimildarmanna unglinganna og helstu niðurstöður ræddar.

Kristín Einarsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Grimmsævintýri á Íslandi*

Elstu íslensku þýðingar á Grimmsævintýrum voru gerðar upp úr 1830 af ungum laganema og prentaðar í bókum sem voru á meðal þeirra fyrstu sem gefnar voru út sérstaklega fyrir íslensk börn. Aðrar slíkar þýðingar fylgdu í kjölfarið og sum þessara ævintýra voru, meira en hundrað árum seinna, hljóðrituð úr munnlegri geymd. Mig langar að ræða um þessar þýðingar og vegferð þeirra innan íslenskrar sagnahefðar. Af hverju völdu menn að þýða, í stað þess að safna íslenskum ævintýrum, á sama tíma og söfnun slíkra sagna var hafin í öðrum löndum? Sú söfnun fór fram undir áhrifum þjóðernisrómantíkur sem margir ungir íslenskir menntamenn aðhylltust. Þrátt fyrir það völdu þeir hinir sömu að þýða Grimmsævintýri og önnur erlend ævintýri fyrir íslensk börn. Hvers vegna hafa síðan sum þýdd ævintýri ratað inn í munnlega geymd og önnur ekki? Er hugsanlegt að finna ástæður sem tengjast sagnafólkinu sjálfu, viðhorfum þess og heimssýn? Þessum spurningum langar mig að leita svara við auk þess að velta fyrir mér hvort sagnafólkið lærði sögurnar af því að heyra þær sagðar eða af lestri, hvort það veit yfirleitt hvaðan sögurnar eru upprunnar og hvort það aðlagar sögurnar sínu eigin umhverfi og menningu.

Rósa Þorsteinsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Kraftur staðarins*

Í þessum fyrirlestri mun ég skoða íslenska þjóðtrú og sagnir um álagabletti í alþjóðlega samhengi. Sagnirnar eru e.t.v. ennþá algengastar íslenskra þjóðsagna í sveitinni, og nýleg könnun á þjóðtrú Íslendinga 2006 og 2007 sýnir að þjóðtrú um álagabletti er ennþá mjög rík og lifandi (c. 800 sagnir um álagabletti í Árnastofnun). Á Íslandi hafa menn áður reynt að útskýra trúna m.a. með því að ræða um tengsl við fyrrverandi kaþólska „krosshóla" eða staði þar sem sóttdautt kvikfé var grafið. Hingað til hefur þó enginn borið trúna og sagnirnar saman við mjög svipaða trú og sagnir frá nágrannalöndum (Færeyjum, Skotlandi [*„the goodman's croft"],* Írlandi [trú um svokallaða *fairy forths* eða *ráiths* sem mátti ekki snerta], eða norðurlöndin [trú um bæjargrafhauga og *gardvorden*]). Í þessum löndum tengist trúin aftur á móti fornleifum sem urðu til í nágrannalöndum þegar landnámsmenn komu til Íslands. Samanburðurinn gefur fyrst og fremst í skyn að íslensk álagablettatrú og sagnir eru mjög gamlar (enda eru sagnir um slíka staði til í *Landnámabók*); og að það þarf að skoða þær í alþjóðlega samhengi. Efnið gefur líka til kynna að landnámsmenn ákváðu að „helga" landið sem þeir voru að nema (á svipaðan hátt og þekktist erlendis). Fyrst og fremst, sýnir efnið hvernig sagnahefð getur merkt og hlíft landslagi öldum saman.

Terry Gunnell

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

How can Export Credit Agencies Facilitate Export to Emerging Market Economies?

Private firms that engage in cross border trade in emerging market economies are faced with risks that are different from risks in domestic markets. Emerging markets can offer opportunities for high returns, but at the same time the risks, including both commercial and non-commercial risks, can be high. Those risks need to be managed. This article discusses the opportunities and the challenges that private companies may face when engaging in trade in emerging markets. It will then discuss options for using the funding and risk mitigation instruments offered by export credit agencies (ECAs) to manage those risks. Selected cases of cross border trade to emerging markets will be discussed to illustrate how those instruments have been applied in real world situations. The article argues that the funding and risk mitigation instruments of ECAs can be feasible for private firms when engaging in cross border trade to emerging markets especially during times of economic and financial crisis.

Key words: Cross border trade and investment, emerging markets, export credit agencies (ECAs), commercial and non-commercial risks, and risk mitigation instruments.
JEL classification: F14, F21, G24, G32

Trung Quang Dinh
Hilmar Þór Hilmarsson

Upplifun og reynsla íslenskra stjórnenda af viðskiptum við Kína*

Í greininni verður leitast við að svara rannsóknarspurningunni „Hver er upplifun og reynsla íslenskra stjórnenda af viðskiptum við Kína?" Reynsla og upplifun ólíkra íslenskra fyrirtækja er dregin saman til þess að sjá hvort samræmi sé í upplifun þeirra sem gæti nýst öðrum sem hyggja á viðskipti við Kína.

Greinin byggir á eigindlegri rannsókn með 16 viðtölum við stjórnendur og starfsmenn íslenskra fyrirtækja sem stunda viðskipti í og við Kína. Rannsóknin var einskorðuð við íslensk fyrirtæki með starfssemi í Kína eða með útflutning þangað. Í viðtölunum var meðal annars spurt um inngönguleið, umfang starfssemi í Kína og árangur ásamt reynslu og upplifun viðmælenda af kínversku viðskiptaumhverfi m.a. kínverskum birgjum, viðskiptavinum, starfsmönnum, samstarfsmönnum, samningagerð, meðhöndlun ágreinings, mikilvægi sambanda og fleira. Niðurstöður verða svo bornar saman við aðrar rannsóknir og kenningar.

Bergþóra Aradóttir
Ingjaldur Hannibalsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Raunhagkerfið og erlendar fjárfestingar á Íslandi

Rannsóknin tekur til síðustu tveggja áratuga og þeirra umfangsmiklu sviftivinda sem hafa einkennt tímabilið. Því verður haldið fram að raunhagkerfið virðist hafa staðið af sér fjárhagshrunið. Fjármálabólan varð að engu á meðan auðlindadrifna hagkerfið hefur styrkst ef eitthvað er. Verkefnið er greining á þessari þverstæðukenndu staðreynd.

Á þeim þremur árum sem eru liðin frá því kreppan skall á er orðið ljóst að raunhagkerfi landsins hefur laskast illa en þó ekki hrunið. Fall bankanna og gjaldþrot lykilfyrirtækja landsins kostuðu erlenda banka og sjóði stórar fjárhæðir Jafnvel þótt að fjárhagsskaðinn hafi að mestu verið þeirra er hér þó ekki verið að gera lítið úr þeim ósköpum sem umsýsla ungu frumkvöðlanna ollu íslensku samfélagi.

Meginástæða þess að ekki fór verr er að þjóðhagkerfið er að uppistöðu til samsett úr þremur hefðbundnum greinum: sjávarútvegi, stóriðju og nú í auknum mæli ferðamennsku. Aðilar, víðsvegar frá, hafa verið áhugasamir um áframhaldandi uppbyggingu á þessum sviðum.

Síðari hluti greiningarinnar er athugun á auknum áhuga Kínverja á samskiptum við Íslendinga bæði á sviðum atvinnulífs og stjórnmála. Færð verða rök fyrir því að ástæðurnar að baki hinum aukna áhuga séu mun margbrotnari en ætla mætti við fyrstu sýn.

Ingjaldur Hannibalsson
Örn D. Jónsson

What Determines the Inflow of Foreign Direct Investment?*

This paper examines how foreign direct investment (FDI) in a selected group of countries is affected by a range of economic and political factors. The aim is to illustrate the relationship between FDI and various economic and political indicators. More specifically, the aim is to assess to what degree economic and political variables impact inflow of foreign direct investment. In practical terms, FDI gives an indication of the level of confidence investors have in political and economic conditions within countries. As such it may be regarded as a barometer of economic and political stability. In some instances the level of FDI within a country is even believed to reflect how well politicians manage to fulfill their election promises such as those of attracting foreign investment to create new jobs and opportunities for their citizens.

The econometrical approach presented in this paper attempts to measure the influences of not only economic factors, that economists have traditionally looked at, but includes political variables as well. Thus the statistical significance of both economic and political variables is measured to better understand what determines the inflow of FDI. By using this combined approach we hope to provide a more complete picture of the interaction of local and global forces that impact investment.

The results show that the market size of the investor's host country gives the greatest significance, followed by a membership in regional trade agreements. After that comes government efficiency in the host country, i.e. the ability to carry out government decisions effectively. The results also show that the level of skilled labor has an impact on the inflow of foreign direct investment.

Helga Kristjánsdóttir
Stefanía Óskarsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Viðhorf bænda til hlutverks og þróunar landbúnaðar á Íslandi

Talsverð umræða hefur spunnist um hlutverk og fyrirkomulag landbúnaðar á Íslandi að undanförnu. Gagnrýnum spurningum hefur verið velt upp, m.a. varðandi óhagkvæmni og stöðnun landbúnaðarkerfisins, ferli afurða til neytenda, aðbúnað búfjár og hlut lífræns landbúnaðar í framleiðslu. Hugtök eins og *fæðuöryggi* og *sjálfbær landbúnaður* eru teygjanleg og háð túlkun en á meðan að gróska hefur verið í félagsvísindalegum rannsóknum á því sviði erlendis liggja fáar slíkar rannsóknir fyrir á Íslandi. Í erindinu verður greint frá hluta niðurstaðna viðtalsrannsóknar á viðhorfum íslenskra bænda til þróunar og hlutverks landbúnaðar. Rætt var við 16 bændur á 13 bæjum og áhersla lögð á tvo hópa bænda út frá þýðingu þeirra fyrir þróun greinarinnar - unga bændur í hefðbundnum búskap og bændur sem stunda lífrænan búskap. Í rannsókninni er lögð áhersla á landbúnað sem grunnstoð matvælakerfisins og lykilþátt sjálfbærrar þróunar. Litið er á bændur sem gerendur og gengið út frá því að viðhorf þeirra séu mótandi afl í þróun landbúnaðar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru lýsandi, þar sem leitast er við að kortleggja orðræðu bændanna um ýmis lykilmál er varða framtíð búskapar á Íslandi. Úr niðurstöðum má lesa hvernig umhverfis-, menningar-, félagslægir auk hagpólitískra þátta fléttast saman og mynda forsendur matvælaframleiðslu á Íslandi.

Sara Sigurbjörns-Öldudóttir

Áhrif erfðaeiginleika og veðurfars á skilvirkni í mjólkurframleiðslu*

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á þróun skilvirkni og framleiðni í mjólkurframleiðslu víða um heim. Í þeim rannsóknum hefur iðulega reynst erfitt að taka tillit til sértækra þátta sem áhrif geta haft á skilvirkni, svo sem gæði lands, veðurfar og erfðaeiginleikar ólíkra kúahjarða. Þessi atriði geta skipt sérstaklega miklu máli í þeim tilvikum þar sem mjólk er einkum framleidd á litlum býlum. Í þessari grein beitum við aðferð Battese og Coelli (1995) til að kanna sérstaklega hvaða áhrif erfðaeiginleikar og veðurfar hafa haft á skilvirkni hjá íslenskum mjólkurframleiðendum. Notuð eru gögn frá Hagþjónustu landbúnaðarins, Veðurstofu Íslands og einstakur gagnagrunnur um erfðaeiginleika íslenskra kúa. Gögnin spanna tímabilið 1997-2007 og ná til 200 íslenskra býla. Miklar breytingar áttu sér stað í íslenskum landbúnaði á þessum tíma: býlum fækkaði um helming, en bústofn á hverjum bæ stækkaði verulega. Niðurstöður gefa til kynna að gott veður og kúakyn dragi úr óskilvirkni í mjólkurframleiðslu.

Sveinn Agnarsson
Daði Már Kristófersson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Hvað segir stjórnmálahagfræðin um íslenska peningalykt?*

Í stjórnmálahagfræði er reynt að skýra reglur og stofnanir, sem menn búa við í keppni um knöpp gæði. Hér verður sjónum beint að íslensku fyrirbæri, sem er samt skólabækardæmi um mengun: „Peningalykt," sem leggur yfir sjávarpláss úr síldarbræðslu í fullum gangi. Greining hagfræðinga á peningalykt fer eftir því, hvaða rannsóknaráætlun þeir aðhyllast. Sumir segja í anda A. C. Pigous, að eigandi síldarbræðslunnar leggi kostnað á íbúa sjávarplássins, sem hann taki sjálfur ekki með í reikninginn. Þetta sé því dæmi um sóun. Leggja þurfi mengunarskatt á bræðsluna, sem sé því hærri sem óþefurinn sé rammari. Hér er rökstutt, að þessi nálgun sé óskynsamleg. Vænlegra sé að segja í anda R. Coases, að þetta sé dæmi um of háan samningskostnað, meðal annars vegna þess að erfitt sé að skilgreina þolendur og hvað nákvæmlega þeir þurfi að þola, jafnframt því sem þeir séu venjulega líka njótendur. Þess vegna semji íbúar sjávarplássins ekki við eiganda bræðslunnar um lausn á árekstrinum. Þegar settar eru reglur, sem minnka peningalykt, til dæmis með kröfum um hreinsivélar og háa reykháfa, er viðurkenndur eins konar eignarréttur fólks á hreinu lofti. Þetta er dæmi um myndun eignarréttar vegna breytts smekks og nýrrar tækni, eins og H. Demsetz segir fyrir um.

Hannes Hólmsteinn Gissurarson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Líkamsímynd íslenskra ungmenna í 6., 8. og 10. bekk: Rannsókn á tengslum neikvæðrar líkamsímyndar við líkamsþyngdarstuðul og megrun*

Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða líkamsímynd 11, 13 og 15 ára skólabarna á Íslandi. Athugað var hvort líkamsímynd íslenskra barna breyttist milli 2006 og 2010. Að auki var, annars vegar skoðað hvort tengsl milli neikvæðrar líkamsímyndar og líkamsþyngdarstuðuls voru til staðar og hins vegar milli neikvæðrar líkamsímyndar og megrunarhegðunar hinsvegar. Aðferð: Notuð voru gögn úr alþjóðlegu rannsókninni „Heilsa og lífskjör skólanema". Árið 2006 var spurningalisti lagður fyrir 11.813 íslensk börn í 6., 8. og 10. bekk. Fjórum árum síðar var spurningalisti lagður fyrir í sömu árgöngum í 161 skóla og bárust svör frá 11.561 nemendum. Niðurstöður: Árið 2006 eru 60% þátttakenda sáttir við eigin líkama og 67% þátttakenda árið 2010.Stelpur er óánægðari með eigið útlit heldur en strákar og óánægjan vex með hækkandi aldri hjá báðum kynjum. Hátt hlutfall þeirra með neikvæða líkamsímynd eru í megrun. Jákvæð fylgni milli neikvæðrar líkamsímyndar og líkamsþyngdarstuðuls, sem og megrunarhegðunar eru til staðar. Umræða: Kröfur samfélagsins um ákveðna líkamslögun hafa mikil áhrif á hegðun og hugsun fólks er kemur að útliti. Þetta á sérstaklega við um unglinga. Íslensk ungmenni eru almennt sátt við líkama sinn en þónokkur hluti er með neikvæða líkamsímynd.

Anna Lilja Sigurvinsdóttir
Ársæll Már Arnarsson
Þóroddur Bjarnason

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Einelti meðal íslenskra skólabarna 2006-2010*

Markmið rannsóknarinnar var að nota gögn úr könnuninni Heilsa og lífskjör skólabarna (*Health Behaviours in School-Aged Children - HBSC*) til að greina algengi eineltis meðal drengja og stúlkna í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi og breytingar sem hafa orðið á því milli áranna 2006 og 2010. Staðlaðir spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur í fyrrnefndum bekkjardeildum í febrúar 2006 og aftur fyrir nemendur í sömu bekkjum í nóvember 2009 til febrúar 2010. Í fyrri fyrirlögninni fengust svör frá 11.813 börnum eða 88% heildarþýðisins en í seinni fyrirlögninni voru svörin 11.561 eða sem nemur 87% þýðisins. Lítil breyting sést á hlutfalli þeirra sem sögðust vera þolendur eineltis, gerendur eða hvorutveggja; þannig sögðust 8,8% svarenda þetta eiga við sig 2006 samanborið við 8,9% 2010. Hins vegar er talsverð breyting innan þess hóps sem tengist einelti, þar sem gerendum fækkar um 34% á meðan þolendum fjölgar um 26%. Velt er upp mögulegum skýringum á þessu.

Ársæll Már Arnarsson
Þóroddur Bjarnason

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Ungt fólk sem Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af á unglingsárum: Félagsleg staða, stuðningur og viðhorf til afskipta

Markmið rannsóknarinnar var að kanna félagslega stöðu ungs fólks sem Barnavernd Kópavogs hafði afskipti af á unglingsárum. Um leið var skoðað hvert viðhorf væri til afskiptanna sem og að sjá hvaða stuðning það fær nú. Rannsóknin var framkvæmt með margprófunarsniði þar sem 177 mál hjá Barnavernd Kópavogs voru innihaldsgreind og sendir út 78 spurningalistar með tölvupósti á fyrrum notendur hjá Barnavernd Kópavogs sem þá voru á aldrinum 18-23 ára. Spurningakönnun samanstóð af bæði opnum og lokuðum spurningum.

Niðurstöður leiddu í ljós að félagslega staða fyrrum notenda Barnaverndar Kópavogs er á sumum sviðum frábrugðin því sem almennt gerist. Algengt er að fyrrum notendur eigi maka og börn, atvinnuþátttaka þeirra er almennt minni en gengur og gerist meðal ungs fólks og þeir þiggja frekar bætur og fjárhagsaðstoð. Þá reykir rúmlega helmingur svarenda.

Meirihluti þátttakenda fær mikinn stuðning nú og kemur hann aðallega frá fjölskyldunni. Viðhorf til afskipta Barnaverndar Kópavogs var bæði jákvætt og neikvætt. Þar mátti greina nokkur þemu sem sneru að samvinnu starfsmanna barnaverndar og barnanna. Að mati þáttakenda var góð samvinna fengin með undirstöðu þar sem ríkti traust, trúnaður, virðing, jákvætt viðhorf og að hlustað væri á þá. Þá töldu þátttakendur að barnavernd ætti að skipa stærri sess í úrræðum innan skóla, hvort sem er vegna félagslegs vanda eða erfiðleika í námi.

Guðbjörg Gréta Steinsdóttir
Anni G. Haugen

Fagráð um fjölskylduvernd: Mat á samráðsvettvangi „þverplankalegra“ stofnana

Um er að ræða gæðamatsverkefni, úttekt á fagráði um fjölskylduvernd, samráðsvettvangi Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar og Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri.

Fagráð um fjölskylduvernd hófst sem tilraunaverkefni hjá Akureyrarbæ haustið 2004 og er formlegur samráðsvettvangur þar sem málefni einstaklinga eru tekin upp með samþykki viðkomandi. Meginmarkmiðið var að samþætta þjónustuna, nýta sameiginlega krafta beggja deilda til aukinna forvarna og fjölskylduverndar.

Markmið úttektarinnar sem var gerð fyrir tilstuðlan styrks frá velferðarráðuneytinu var að leita svara við því hvort vinnulag fagráðsins hafi frá því að samstarfið hófst skilað tilætluðum árangri.

Notast var við eigindlega aðferðafræði sem fólst í djúpviðtölum við fagráðsteymið og greiningu á fyrirliggjandi gögnum. Helstu niðurstöður leiddu í ljós þrjú meginþemu; umgjörð samstarfsins, vinnulag samstarfsins og þjónustunotendur. Um er að ræða samstarf tveggja ólíkra stofnana sem hefur þróast fyrir tilstuðlan eldmóðs starfsmanna. Vinnulag samstarfsins dregur úr togstreitu sem byggist fyrst og fremst á því samtali sem getur átt sér stað vegna skriflegs samþykkis frá notandanum. Vinnulagið tryggir hins vegar ekki eftirfylgni. Ávinningur notandans felst fyrst og fremst í samtali fagstétta, mál hans fengi í mörgum tilfellum ekki framgang án samtalsins. Í samstarfinu felast fjölmörg sóknarfæri og ónýtt tækifæri. Niðurstöðurnar verða nýttar til þess að halda áfram að þróa samstarf/samþættingu þjónustu fyrir sameiginlega notendur heilsugæslu og félagsþjónustu.

Bryndís Elfa Valdemarsdóttir

Allt í klakaböndum? Þróun vetrarferðaþjónustu á Íslandi

Um mitt ár 2011 hófst undirbúningur að þriggja ára átaksverkefni með yfirskriftinni „Ísland - allt árið“. Tilgangur þess er að „jafna árstíðarsveiflu í komu ferðamanna og skapa þannig ný störf og auka arðsemi af greininni.“ Eins og algengt er með áfangastaði ferðafólks er mikill munur á milli árstíða í gestakomum hérlendis, sérstaklega á landsbyggðinni. Lenging ferðamanna-tímabilsins og betri dreifing gesta er mikið hagsmunamál fyrir íslenska ferðaþjónustuaðila, ekki aðeins hvað varðar afkomu fyrirtækja heldur einnig möguleika þeirra til þróunar og nýsköpunar. Átaksverkefnið bar frekar brátt að og hefur ekki - a.m.k. til þessa - byggt á rannsóknum, hvorki um forsendur eða möguleika þróunar í vetrarþjónustu hérlendis né um viðhorf og væntingar mögulegra vetrarferðamanna. Í greininni verður horft á síðari þáttinn og fjallað um niðurstöður tvíþættrar rannsóknar (viðtöl og spurningakönnun) um viðhorf erlendra ferðamanna til vetrarferða á Íslandi sem unnin var á Suðausturlandi sumrin 2010 og 2011. Niðurstöður rannsóknarinnar voru m.a. þær að Ísland er ekki ofarlega í huga erlendra ferðamanna sem áfangastaður að vetrarlagi en margir gátu samt hugsað sér að koma hingað utan háannar. Þátttakendur höfðu frekar neikvæða ímynd af landinu í vetrarbúningi. Þeir horfðu helst til möguleika á margvíslegri útivist að vetrarlagi en síður til menningartengdrar upplifunar eða afþreyingar.

Þorvarður Árnason

Þjóðhagslegur ávinningur ferðaþjónustu á Íslandi

Erindið fjallar um rannsóknir á ferðaþjónustu sem atvinnugrein innan ramma ferðaþjónustureikninga Hagstofu Íslands. Samkvæmt niðurstöðum ferðaþjónustureikninga á Íslandi eru útflutningstekjur af ferðaþjónustu mikilvægur þáttur í þjóðhagslegum ávinning af greininni. Verkefnið mun meta hvaða upplýsingar vantar til að hægt sé að uppfylla ýtrustu kröfur alþjóðlegra staðla um mat á slíkum ávinning. Hluti þess er mat á fjárfestingu í ferðaþjónustu. Í alþjóðlegri forskrift ferðaþjónustureikninga er lagt til að lönd birti yfirlit yfir fjárfestingu í ferðaþjónustu og beiti við það sömu aðferðum og beitt er við mat á framleiðsluvirði og vinnsluvirði í greininni. Efnahagslegt mikilvægi uppsafnaðrar fjárfestingar (fjármunamyndunar) kemur fram í aukningu framleiðslu og neyslu í framtíðinni enda er hagvöxtur nær óhugsandi án þess að aukning verði á þeim fjármunum sem viðkomandi hagkerfi hefur til umráða. Samhliða mati á fjárfestingu og ávinning verða greindar forsendur og skilgreiningar ferðaþjónustureikninga Hagstofu Íslands, innviðir og rekstrarumhverfi ferðaþjónustu og möguleikar á að tengja uppgjör reikningana við gistiskýrslur, landshlutauppgjör og ólíkar forsendur atvinnugreinarinnar eftir svæðum landsins. Verkefnið nýtist þannig fyrirtækjum og stjórnvöldum betur til upplýstrar ákvörðunartöku og er markmiðið að birta árlega samantekt á þróun þeirra þátta sem greindir verða og samhengis þeirra.

Edward H. Huijbens

Vinir og vandamenn: Umfang og efnahagsleg áhrif VFR ferðamanna á Vopnafirði

Viðteknar hugmyndir um ferðamanninn ná ekki til vina og vandamanna (VFR) sem koma oft um langan veg og gista eina eða fleiri nætur. Þó falla þessir gestir undir hefðbundnar skilgreiningar á ferðafólki ekki síður en erlendi ferðamaðurinn. Rannsóknin sem hér er fjallað um byggir á íbúakönnun sem lögð var fyrir á Vopnafirði haustið 2011 þar sem grafist var fyrir um umfang VFR ferðamanna, félagsleg og efnahagsleg áhrif þeirra á gestgjafana. Höfð var hliðsjón af rannsóknum Backer (2010) og Backer og Lynch (2011), sem sýna að vinir og vandamenn eru vanmetinn markhópur ferðaþjónustu.

Niðurstöður benda til að flest heimili hafi tekið á móti vinum og vandamönnum á síðustu 12 mánuðum. Í tengslum við það hafi gestgjafar tekið þátt í ferðamannahegðun í heimabyggð og útgjöld þeirra hafi aukist við gestakomuna. Tiltölulega lítill munur virðist á dvalarlengd þessara gesta og annarra miðað við ferðamannakönnun frá 2010. Komutími þeirra fellur að nokkru að háönn en stendur lengur fram á haustið og byrjar fyrr.

Þessar niðurstöður eru áhugaverðar m.a. í ljósi viðleitni til að auka ferðamennsku á lágönn. Höfundur telur brýna nauðsyn til frekari rannsókna á ferðamennsku vina og vandamanna bæði sem þáttar í endurskoðun á skilgreiningum og viðteknum hugmyndum um ferðamanninn og lið í því að þróa betur aðferðir við að meta efnahagsleg og félagsleg áhrif ferðamennsku.
Lykilorð: VFR ferðamenn, efnahagsáhrif, dvalartími, árstími, kostnaður, skilgreiningar.

Ólafur B. Valgeirsson
Guðrún Helgadóttir

Einkenni og uppbygging fyrirtækja í hestaferðaþjónustu

Ferðaþjónusta sem byggir á íslenska hestinum, hefur um árabil verið veitt ferðamönnum hérlendis. Algengast er að boðið sé upp á hestaleigu og hestaferðir, það er afþreyingu þar sem gesturinn er beinn þátttakandi í þeirri afþreyingu sem boðin er. Fyrirtækin sem þjónustuna veita hafa sumhver orðið skammlíf en önnur hafa boðið slíka þjónustu samfellt í áratugi.

Í rannsókn þeirri sem hér er kynnt, er skoðað hvernig fyrirtæki í hestaferðaþjónustu hafa orðið til og þróast, hvað einkennir reksturinn, rekstraraðilana og umhverfi fyrirtækjanna. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að greina hvað einkennir uppbyggingu, rekstur og rekstrarumhverfi fyrirtækja í hestaferðaþjónustu hérlendis.

Rannsóknin er framkvæmd í gegnum hálfopin viðtöl við rekstraraðila í hestaferðaþjónustu. Beitt er nálgun grundaðrar kenningar (*grounded theory approach*) við greiningu gagnanna en greiningin er unnin út frá sífelldum samanburði (*constant comparative method*).

Frumniðurstöður benda til að þjónustan sé nokkurs konar rauður þráður í uppbyggingu og rekstri fyrirtækjanna, þrátt fyrir að rekstraraðilar beiti ekki sömu hugtökum og tíðkast í fræðilegri umfjöllun um þjónustu og þjónustustjórnun. Reksturinn er kostnaðarsamur og hafa breytingar í ytra umhverfi fyrirtækjanna s.s. varðandi gengi íslensku krónunnar og verðhækkanir á aðföngum, haft umtalsverð áhrif á rekstur fyrirtækjanna á

Ingibjörg Sigurðardóttir

Financial Behavior of Icelanders within Hofstede's Cultural Dimensions

Algeng aðferð í viðskiptafræði við að bera saman menningu þjóða er að notast við mælingar menningarvídda sem gjarnan er kennt við Hofstede. Samkvæmt þeim mælingum sem eru byggðar á spurningalistum svipar Íslendingum mjög til norrænna þjóða á flestum sviðum. Í þessum fyrirlestri er bent á að mikilvægt sé einnig að skoða hver raunveruleg hegðun fólks er. Sýnt er að þegar helstu breytur varðandi fjármálalega hegðun Íslendinga eru bornar saman við aðrar norðurlandaþjóðir má sjá að fjármálahegðun Íslendinga hefur verið frábrugðin þeim síðustu 20 ár. Ef fjármálahegðun Íslendinga er aftur á móti borin saman við Evrópuþjóðir sem óttast er í dag að standi frammi fyrir efnahagslegu gjaldþroti þá eykst fylgnin verulega. Þessi grein skoðar þessi tengsl og sýnir hvernig þróun íslensks fjármálamarkaðar samhliða þróun alþjóðlegra fjármálamarkaða síðustu 20 ár hefur hugsanlega haft meiri áhrif á íslenskt samfélag en almennar mælingar menningavídda gefa til kynna. Undirstrikað er mikilvægi þess að greina á milli hvað fólk ímyndi sér að það geri og hvað það geri í raun og veru. Byggt er á greiningu megindlegra gagna sem safnað er í tengslum við doktorsverkefni á fjármálahegðun Íslendinga.

Már Wolfgang Mixa

Samanburður á viðhorfum íslenskra og tékkneskra neytenda til gæðavottunarmerkinga*

Í greininni er fjallað um matvæli merkt með gæðavottun (*quality labels)*. Markmiðið var að koma auga á og bera saman viðhorf neytenda til þeirra gæðavottana sem notaðar eru á íslenskum og tékkneskum matvörumarkaði. Í fyrri hluta greinarinnar eru gæðavottanir skilgreindar og einkenni þeirra útlistuð en í seinni hlutanum er greint frá niðurstöðum rannsóknar er tók mið af ofangreindum markmiðum. Gögnum var safnað með hentugleikaúrtaki og fengust 267 svör; 117 svör voru frá íslenskum þátttakendum en 150 frá tékkneskum þátttakendum. Niðurstöður sýna að marktækur munur er til staðar á milli viðhorfa neytenda í löndunum tveimur til eftirfarandi þátta: Upprunalands matvara, vitneskju um merkingar og áhuga á upplýsingum varðandi gæðavottun matvæla. Ennfremur var tölfræðilega marktækur munur á milli kynja er kom að matarinnkaupum í Tékklandi sem og áhuga kynjanna á gæðavottun.
Lykilorð: Matvörur, gæðavottanir, upprunamerkingar, Ísland, Tékkland

Friðrik Larsen
Sarka Velcovska
Hana Janackova

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Ethical consumption in Iceland: Results from an exploratory study in consumer awareness*

Ethical consumption has been defined as "the conscious and deliberate decision to make certain consumption choices due to personal moral beliefs and values" (Crane & Matten, 2007). Human rights, labour relations, land rights, environmental sustainability and animal welfare are the best known issues that ethical consumers have brought to the fore. Even though the diffusion of pro-environmental and more sustainable consumption choices is significant from a social, political and ecological point of view, ethical consumption is still an understudied field (Bray, et al., 2011; Newholm & Shaw, 2007). This is particularly true in Iceland. Studies on Icelandic consumers' ethics are still scarce, despite the country's high levels of consumption. Iceland was recently identified as the country with the highest ecological footprint in the world (Sigurður E. Jóhannesson, 2010). Our study aims at bringing a needed insight into the status and definition of ethical consumption in Iceland. We will present results from a survey on ethical concerns among Icelandic consumers. Ethical concerns were assessed through an internet survey. The questionnaire was in Icelandic and it was online for a month, between May and June 2012. The respondents (N = 425) were chosen through snowballing and self-selection sampling. The results are presently being analysed.

Giada Pezzini
Ragna Benedikta Garðarsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Er 3,5% raunávöxtun lífeyrissjóða raunhæf nú á tímum gjaldeyrishafta?

Ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða hefur verið slök síðustu árin. Saman hefur farið algert hrun íslensks hlutabréfamarkaðar, miklar afskriftir á skuldabréfum og léleg ávöxtun alþjóðlegra hlutabréfa. Allt þetta hefur leitt til þess að íslenskir lífeyrissjóðir hafa ekki náð markmiði sínu 3,5% raunávöxtun og þeir hafa því þurft að skerða réttindi sjóðsfélaga. Í þessari rannsókn er farið yfir ávöxtun og áhættu helstu eignaflokka undanfarin ár. Útskýrt er af hverju ávöxtun þeirra hefur verið slæm, en til dæmis hafa alþjóðleg hlutabréf, engri ávöxtun skilað að meðaltali síðustu tólf ár. Því næst er reynt að meta hvort raunhæft sé að íslenskir lífeyrissjóðir nái 3,5% raunávöxtun nú á tímum gjaldeyrishafta. Niðurstaðan er sú að ólíklegt er að það takist. Ástæður þessa er einkum að ávöxtunarkrafa ríkistryggra skuldabréfa er það lág að ólíklegt er að raunávöxtun lífeyrissjóðanna verði meiri en 3,5%. Auk þessa er of lágt hlutfall eigna í áhættusömum eignum, einkum alþjóðlegum hlutabréfum, til að það takist, en ekki er hægt að auka vægi þeirra vegna gjaldeyrishaftanna. Í núverandi umhverfi verður það því heppni, sem einkum væri vegna mikillar ávöxtunar alþjóðlegra hlutabréfa, sem gæfi betri raunávöxtun íslenskra lífeyrissjóða en 3,5%.

Stefán B. Gunnlaugsson

Geta yfirskuldsett fyrirtæki verið lífvænleg?*

Fall fjármálakerfisins á Íslandi í október 2008 hafi víðtæk og neikvæð áhrif á efnahagsreikning flestra fyrirtækja á Íslandi. Fjármálafyrirtæki sem lifðu hrunið af ásamt endurreistum fjármálastofnunum hafa þurft að taka afstöðu til þess hvernig þau haga endurheimtum á skuldum og hvernig þau bregðast við vanda fyrirtækja með neikvætt eða mjög neikvætt eigiðfé. Löggjafinn mótaði þá afstöðu með lögum númer 107/2009 að fjárhagur lífvænlegra fyrirtækja skyldi endurskipulagður með áframhaldandi rekstur að leiðarljósi. Í greininni er fjallað um þann vanda sem fjármálafyrirtækin stóðu frammi fyrir við mat á lífvænleika fyrirtækja auk þess sem varpað er fram þeirri spurningu hvers vegna eigendur eiginfjárlausra fyrirtækja skyldu vilja taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.

Þórólfur Matthíasson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Freistnivandi íslenskrar hagstjórnar

Allir sem komnir eru til vits og ára þekkja hörmungarsögu íslensku krónunnar, allt frá því hún var skilin frá dönsku krónunni í byrjun þriðja áratugs síðustu aldar, og verðgildi hennar nú sem er innan við danskan fimmeyring. Íslenskir hagstjórnendur hafa viljandi eða óviljandi látið krónuna verða „afgangsstærðina", þá stærð sem hefur verið látin gefa eftir, þegar atvinnuvegir hafa verið komnir þrot, ýmist vegna eigin ákvarðana eða utanaðkomandi aðstæðna. Þannig hafa atvinnuvegirnir staðið frammi fyrir freistnivanda (*moral hazard*) sem leiddi til þeirrar niðurstöðu fyrir gjaldmiðilinn sem reynslan hefur sýnt.

Í rannsókninni verður beint sjónum að því hvort vænta megi hins sama í framtíðinni, allt eftir því hvaða leiðir verða valdar til að byggja hagkerfið upp að afloknu hruni. Pólitísk stefnumótun á því sviði hefur enn ekki átt sér stað og ráðleysi virðist ríkja um hvert skuli halda. Rannsókn á þessum mögulega freistnivanda, hvort hann er til staðar og ef svo í hve miklum mæli, getur auðveldað greiningu valkosta um framtíðarstefnumótun gjaldmiðils og fyrirkomulags gjaldmiðlamála á Íslandi.

Eftir atvikum verður leitað sambærilegra tilvika erlendis þ.e. hvort freistnivandi í hagstjórn sé alþjóðlegt vandamál og með hvaða hætti hann birtist meðal annarra þjóða.

Bolli Héðinsson

Ályktanir um hagsveiflur*

Nútíma tölvutækni býður upp á að skoðaðir séu eiginleikar flókinna líkana sem ekki eru stærðfræðilega meðfærileg. Í þessari grein eru raktir nokkrir flokka „microsimulation"-líkana. Markmið með gerð slíkra líkana er að skilja samspil margra þátta sem breytast samtímis. Hér eru rakin líkön sem líkja eftir atburðum í lífi einstaklings. Þeir atburðir geta bæði verð að einhverju leyti undir stjórn einstaklings, þ.e., að einstaklingurinn stýrir að hluta stikum í þeim líkindadreifingum er lýsa hreyfimynstri hans yfir ævina. Ákvarðanir um þessa stika taka aðilar í hagkerfinu með einhver markmið í huga. Með því að stilla einstaka stika má fá líkönin til að spá líkum útkomum og mælast til dæmis hjá hagstofum. Með því að breyta gildum á stikunum má fá hugmynd um næmni kerfis og áhrifum af ákvörðunum. Markov-líkön eru mikilvægt byggingarefni í slíkum líkönum. Sýnd eru dæmi um útfærslu á hermunum á hjónabandshegðun og sjúkdómaáhættu. Einnig væri hugsanlegt að nota líkön af þessari gerði til að fá hlutlæga tilfinningu fyrir skattkerfisbreytingum.

Helgi Tómasson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

"The reason I stay here in Beijing is not for living. I'm just working here": Hreyfanleiki og sjálfsmynd kínverskra farandverkamanna í Peking*

Í kínverskum borgum býr fjöldi farandverkafólks sem gjarnan á uppruna sinn að rekja til dreifbýlis. Fólksflutningar innan Kína eru orðnir að föstu einkenni kínversks samfélags, en farandverkafólk flyst til borganna í þeim tilgangi að bæta lífskjör sín og sinna. Stjórnvöld settu á fót búsetuskráningarkerfi, svokallað *hukou*-kerfi, snemma á sjötta áratugnum til þess að stjórna efnahagslegri þróun og hamla taumlausum flutningum fólks til borganna. Vegna kerfisins býr farandverkafólk réttindalaust við bág kjör innan borganna og sú jaðarstaða mótar sjálfsmynd þessa fjölmenna hóps.

Markmið þessa verkefnis var að fá innsýn í heim farandverkakvenna í Kína og fræðast um hvernig þær skilgreina sig sjálfar og eigin stöðu í kínverska borgarsamfélaginu. Við framkvæmd þessarar rannsóknar var notast við vettvangsathugun. Farið var í fjölda heimsókna á vettvanginn, Yaxiu-fatamarkaðinn í Peking, þar sem tekin voru viðtöl og fylgst með gangi mála. Viðtölin voru hálfstöðluð, en viðmælendur voru tólf ungar konur sem starfa á markaðnum. Vettvangsrannsóknin veitti rannsakanda ómetanlega innsýn í heim kínverskra farandverkakvenna sem nær langt út fyrir markaðinn. Helsti lærdómur rannsóknarinnar var að farandverkakonur taka að vissu leyti völdin í sínar hendur og stíga út fyrir rammann með því að freista gæfunnar á eigin vegum í borgum landsins. Þær ögra hefðbundnum gildum sem eru ríkjandi í dreifbýlinu og snúa aftur heim síðar með nýjar hugmyndir um hlutverk og stöðu kynjanna.

Sigrún K. Valsdóttir
Kristín Loftsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

The Influence of Prior Living and Working Experience of Nordic Expatriates on Cultural Adjustment in the United States

Greinin fjallar um fyrri reynslu einstaklinga af því að búa eða starfa í Bandaríkjunum. Skoðað var hvort þessi reynsla hafði áhrif á aðlögun þegar einstaklingar fara þangað í annað sinn. Sendir voru spurningalistar á Norræna starfsmenn sem búsettir eru í Bandaríkjunum. Alls svöruðu 228 einstaklingar og gerð var aðhvarfsgreining á gögnum. Niðurstöður sýndu að fyrri reynsla af því að búa eða starfa í Bandaríkjunum hefur ekki áhrif á vinnu né samskiptaaðlögun. Hins vegar þegar viðkomandi hafði starfað eða búið í meir en tvö ár í Bandaríkjunum mátti merkja jákvæð tengsl við almenna aðlögun. Niðurstöður benda til þess að áhugavert væri að halda áfram og skoða áhrif fyrri reynslu ásamt því sem þær nýtast í paxís og þá sér í lagi við ráðningar á útsendum starfsmönnun til Bandaríkjanna.

Svala Guðmundsdóttir

The challenge of defining the object of study: The case of a group of Bosnian Roma*

One of the challenges of investigating social groups is to conjugate the necessity to define the object of study with the need to report its complexity. I will discuss this issue by describing the internal variety of the Romani world from the viewpoint of the Roma involved in my doctoral research: Bosnian *xoraxané* (Muslim) *romá* living in Rome (Italy).

My aim is to show the distance between the ways in which the *romá* and the non-Roma conceive and handle Romani identity. Indeed, they both appeal to categories such as nationality, ethnicity, or religion, in order to define who the Roma (and in the specific case, the *romá*) are. Yet, the *romá* make use of contextual, mismatching and fuzzy categories; the non-Roma (authorities, but also social scientists and citizens in general) instead, make use of rigid, discrete and internally homogenous categories.

The definition of the object of study in social sciences is a delicate operation; to inscribe the people we are studying within clear and already-made boxes (like those provided by bureaucracies and other systems of classification) carries the risk of losing grip on the reality under analysis, and ending up resembling the nationalist and racist ideologies social sciences aim to deconstruct.

Marco Solimene

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Ramadan á Íslandi
Ramadan in Iceland: A Spiritual and Social Process*

Grein mín og fyrirlestur munu fjalla um hvernig Ramadanmánuður, hin helgi föstumánuður múslíma er haldinn á Íslandi. Byggt er á vettvangsrannsókn og þátttökuaðferð meðal múslíma í tveimur íslömskum trúfélögum í Reykjavík og borið saman við samskonar helgihald annars staðar. Ramadan er níundi mánuður í íslömsku tímatali en í þeim mánuði hófst opinberun Kóransins þar sem erkiengillinn Gabríel miðlaði orðum Guðs til spámannsins Múhameðs. Orðið Ramadan þýðir glóandi hiti, sviðin jörð eða skortur og vísar í eðli eyðimerkurinnar. Ramadan stendur yfir frá því að mánasigð hins nýja tungls hins níunda mánaðar sést á himni og þar til samskonar sýn sést fjórum vikum síðar. Í þessum mánuði fasta múslímar frá dögun til sólseturs og stunda bænahald í meira mæli en annars og hlýða á allan Kóraninn. Félagsleg samskipti og fjölskyldutengsl aukast til muna og mikilvægi þess að láta gott af sér leiða og betrumbæta sjálfan sig sömuleiðis. Ég mun bera saman framkvæmd trúarathafna í hinum tveimur trúfélögum, en á þeim er ákveðinn munur og mun einnig líta til annarra landa til samanburðar. Ég mun gera grein fyrir hinum fjölbreytilegu þáttum sem tengjast þessum mánuði; andlegum, félagslegum og líkamlegum, en vitund og virkni hvað það varðar er í hávegum höfð.

Kristján Þór Sigurðsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Our home is our kingdom: Examination of the integration of Palestinian refugees in Icelandic society

Wars, terrorisms, ethnic and religions feuds, political persecutions continue to turn people into refugees. Many spend years in refugee camps and those who are resettled somewhere are the lucky ones. Yet, many of the supposedly lucky ones find themselves again marginalized in their adapted homes. The immigration of Palestinian refugee women from Iraq to Iceland has raised an important point about immigration matters in Iceland in general and about the experiences of the women in particular. The refuge of the Palestinian women to a small society in Iceland, furthermore, offers an opportunity to extend the existing theories of adaptation to contexts of international migration and needs to be examined further. This study aims to initiate such a line of research while also assessing the receptivity to refugees of contemporary Akranes, which reflects the demographic future of the nation. The main goals are to explore and understand what factors hinder and facilitate integration (e.g., social and psychological, interaction, host culture receptivity, cultural and structural factors) in the contemporary Iceland. Using phenomenological interviews, we have found that their integration is affected by social and psychological, interaction, structural, cultural, and discursive conditions such as government actions, race relations and host culture receptivity.

Erla S. Kristjánsdóttir
Unnur Dís Skaptadóttir

Services for unemployed immigrants in Iceland

Following financial crisis in Iceland in 2008, the unemployment of foreign citizens increased rapidly. Moreover, while unemployment is gradually diminishing among the native population it remains high among foreign citizens. Directorate of Labour is addressing the high share of immigrants among unemployed by offering them, as other jobseekers, courses. Many foreigners have limited skills in Icelandic, while many courses are thought in Icelandic. Consequently, they are commonly merely attending language training.

Drawing on data (a survey, interviews with immigrants as well as interviews with service providers) from the project "The participation of immigrants in civil society and labour market in the economic recession" we will consider services offered to unemployed immigrants together with immigrants' evaluation of these services. We mostly concentrate on courses organized by Directorate of Labour. We show how the services provided by the Directorate of Labour are received by unemployed immigrants. We discuss questions such as whether the assistance they receive helps them adjust to changing situation on the labour market and what courses immigrants would be interested to participate in? Although unemployed foreign citizens were generally satisfied with the language courses and other services provided by the Directorate of Labour, they were sceptical about finding a new job. Thus, it may suggest that other factors may be more important in their re-entry to the labour market.

Unnur Dís Skaptadóttir,
Anna Wojtynska

Polish workers in the capital area of Iceland*

The recent migration to Iceland, especially from Eastern Europe has been first and foremost economically driven. The last economic boom created a big demand for labour that could not be met by the local workforce. The demand was, however, limited to certain sectors as well as being highly gendered. For example, the migration of Polish men was driven primarily by the construction sector while Polish women were finding employment mostly in cleaning, hospitality or care. Importantly, men and women had different experience of social mobility due to migration. As a rule, men continued similar occupations like those performed in Poland, while women more often experienced downward social mobility, engaging in jobs below their qualifications. In my presentation, I will look at the occupational attainment and social mobility of Polish workers in Iceland. What kind of jobs were they predominantly performing in Iceland? How do men and women evaluate their social position when compared to Poland?

Anna Wojtynska

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Þeir sem minnst mega sín - réttarstaða einstaklinga sem teljast vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu og sækja um hæli á Íslandi

Nýlega hefur talsverð umræða farið fram um málefni flóttamanna hér á landi og þá ekki síst réttindi flóttabarna og annarra sem telja má vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu.

Í fyrirlestrinum verða kynntar nokkrar af áhugaverðustu niðurstöðum rannsóknar sem hafði það að markmiði að varpa ljósi á réttarstöðu hælisleitenda hér á landi sem teljast vera í sérstaklega viðkvæmri stöðu líkt og t.d. börn, konur og sjúkir einstaklingar. Farið verður yfir ákvæði í íslenskri löggjöf sem skipta máli í þessu samhengi og hvernig framkvæmd hefur verið háttað og hvort íslensk löggjöf og framkvæmd samræmist alþjóðlegum skuldbindingum íslenskra stjórnvalda á sviði mannréttinda.

Að lokum verður farið yfir tillögur starfshóps nokkurra ráðuneyta um stefnumótun í málefnum útlendinga utan EES sem skilaði niðurstöðum sumarið 2012. Tillögurnar munu að öllum líkindum hafa í för með sér breytingar á íslenskri útlendingalöggjöf og verður fjallað um áhrif slíkra mögulegra breytinga á hælisleitendur í sérstaklega viðkvæmri stöðu og hvort og þá að hvaða leyti, gera megi betur.

Erna Kristín Blöndal

Samræming reglna um flóttamenn og réttarstaða þeirra innan Evrópusambandsins (ESB). Áhrif fyrirhugaðrar aðildar Íslands að ESB á þessu sviði.

Árið 2010 var útlendingalögum breytt til samræmis við réttarreglur ESB (og reglur Genfarsáttmálans) um flóttamenn og meðferð umsókna um hæli. Var vernd þeirra er flýja undan ofsóknum aukin, sérreglur settar um fylgdarlaus börn og málsmeðferðarreglur styrktar.

Í erindinu verður fjallað um hvaða áhrif það hefur að íslensk löggjöf um hælismál er nú miðuð við samræmdar lágmarkskröfur innan ESB, einkum hvaða kröfur eru gerðar um málsmeðferð í þessum málaflokki og hvaða úrræði eru tiltæk fyrir þá sem leita réttar síns. Þá verður fjallað um það hvaða áhrif aðild Íslands að ESB kemur til með að hafa á þessu sviði. Í því sambandi verður farið yfir þær viðbótarreglur sem settar hafa verið innan ESB eftir lagabreytingarnar árið 2010 og sérstök áhersla lögð á þær kröfur um eftirfylgni og réttarúrræði sem ESB gerir á sviðum þar sem sambandið fer með vald til lagasamræmingar, m.a fyrir tilstilli ákvæða Mannréttindaskrár Evrópusambandsins.

Dóra Guðmundsdóttir

Starfs- og færnigreining til að skilgreina menntunarþarfir og starfsþróun*

Til þess að stjórnun starfsþróunar (e. competence development) og framboð á námi fyrir fólk á vinnumarkaði sé markvisst þarf vandaðan undirbúning með greiningu. Þannig hefur t.d. greining menntunarþarfa í starfsgreinum og hjá tilteknum markhópum á vinnumarkaði frá upphafi verið ein af grunnstoðum í starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA). Í þeim tilgangi gerði FA tilraun með verkfæri sem byggist á færnilýsingum frá kanadíska fyrirtækinu Human Resource Systems Group Ltd (HRSG) til að þróa hagkvæma og faglega aðferð við greiningu á færnikröfum starfa sem hægt væri síðan að tengja námsskrárgerð og raunfærnimati.

Tilgangurinn með kynningu og umræðu um markvissa aðferðafræði við færnilýsingu starfa er að efla þekkingu og skilning og stuðla að aukinni nýtingu slíkrar þekkingar. Markmiðið með þessari grein er því að kynna aðferð og verkfæri við starfs- og færnigreiningu. Aðferðin nýtist sem undanfari námskrárgerðar og raunfærnimats. Sömuleiðis nýtist hún vel í stjórnun starfsmannamála svo sem við ráðningar sem og skipulagningu hvers kyns vinnustaðanáms og starfsþróunar.

Tilraunaverkefni í ferðaþjónustu þar sem aðferðinni var beitt er lýst en þar voru skoðuð nokkur störf almennra starfsmanna. Í tilraunaverkefninu var unnið með sérfræðingum í starfsgreininni og hagsmunaaðilum vinnuveitenda og starfsmanna. Við greininguna var beitt fyrirfram skilgreindum færnilýsingum frá HRSG sem þátttakendur forgangsröðuðu í samræmi við viðfangsefni starfsins og verður greint frá vinnuferlinu. Ræddar verða helstu niðurstöður er varða prófunina á verkfærinu og þann ávinning og áskoranir sem aðferðin skilaði.

Guðmunda Kristinsdóttir
Halla Valgeirsdóttir
Inga Jóna Jónsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Aldur, atvinnustaða og huglæg vellíðan: Tegnsl atvinnustöðu, aldurs og huglægrar vellíðanar í 23 OECD löndum*

Í dag standa margir Íslendingar frammi fyrir atvinnuleysi. Nokkuð sterk tengsl eru til staðar á milli atvinnuleysis og huglægrar vellíðanar, þar sem atvinnulausum líður umtalsvert verr en þeim sem eru í vinnu.

Nýleg íslensk rannsókn bendir aftur á móti til þess að atvinnuleysi hafi ekki þessi neikvæðu áhrif á ungt fólk. Rannsóknir benda jafnframt til þess að nokkur breytileiki sé á huglægri vellíðan atvinnulausra og að ekki líði öllum atvinnulausum jafn illa. Tilfinnanlegur skortur er þó á rannsóknum á tengslum atvinnustöðu, aldurs og huglægrar vellíðanar. Hér voru því þessi tengsl könnuð en til þess voru notuð gögn úr fjórðu fyrirlögn Lífsgildakönnunarinnar. Tengsl atvinnustöðu, aldurs og huglægrar vellíðanar voru könnuð í 23 OECD löndum sem tóku þátt í Lífsgildakönnuninni.

Í heild bentu niðurstöður til þess að atvinnuleysi hafi minni áhrif á huglæga vellíðan eftir því sem fólk er yngra. Sambandið reyndist þó nokkuð breytilegt eftir einstaka löndum. Lagðar voru til mögulegar skýringar á heildarniðurstöður og þýðing þeirra fyrir vinnumarkaðinn var rædd.

Arndís Vilhjálmsdóttir
Fanney Þórsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Sköpun þekkingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum*

Markmið greinarinnar er að gera grein fyrir fyrirliggjandi rannsóknum í ritrýndum tímaritum (*literature review*) um þekkingasköpun í smáfyrirtækjum með það að leiðarljósi að kanna þekkingarglufur í skilning okkar á sköpun nýrrar þekkingar. Með það í huga eru eftirfarandi rannsóknarspurningar settar fram: 1) Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á þessu sviði? 2) Hverjar eru helstu niðurstöður rannsóknanna? 3) Hvaða aðferðum var beitt við gerð rannsóknanna? 4) Hvaða leiðarljós veita niðurstöður varðandi frekari rannsóknir á sviðinu. Leit var gerð í ProQuest gagnagrunninum síðla árs 2011og uppfylltu tíu greinar þeim kröfum sem gerðar voru í upphafi leitar. Niðurstöður eru þær helstar að lærdómur, netverk og þekkingarstjórnunartækni hefði mest áhrif á sköpun þekkingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Ingi Rúnar Eðvarðsson
Susanne Durst

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Að þróa og stjórna innleiðingu nýrra lausna í opinberri starfsemi

Markmið rannsóknar þeirrar sem hér er til umfjöllunar er að efla skilninginn á þróunarferlinu (*the learning process*) sem á sér stað í tengslum við hagnýt nýsköpunarverkefni (*practice-based innovations*) hjá opinberum þjónustustofnunum. Mikilvægur þáttur í því samhengi er stjórnun starfsmannamála (HRM) og er hann sömuleiðis rannsakaður út frá frásögum stjórnendanna af reynslu þeirra og merkingu sem þeir leggja í áskoranir sem fylgja innleiðingu nýrra lausna í þjónustustarfsemi.

Rannsóknarsniðið er tilviksrannsókn á sex nýsköpunarverkefnum í jafnmörgum opinberum stofnunum (*multiple case-study design*). Rannsóknaraðferðin er *narratífa* eða greining á frásögum í samtölum við stjórnendur (*narrative inquiries*). Gagnanna var aðallega aflað með hálfskipulögðum og opnum viðtölum við sex stjórnendur um það hvaða merkingu þeir leggja í daglega reynslu sína og aðferðir við að leiða nýsköpun eða þróun nýrra lausna. Að auki voru skoðaðar stuttar skriflegar lýsingar á nýsköpunarverkefnunum og kynningarglærur stjórnenda á verkefnunum auk annarra fyrirliggjandi gagna í stöku tilvikum. Rannsóknin gefur sterkar vísbendingar um að lykilgerandinn á hugmyndastiginu sé stjórnandinn. Í öðru lagi má greina að forystan og aðferðir við upplýsingagjöf og samskipti skipta sköpum til að ná sem bestum árangri við þróun og innleiðingu nýrra lausna í opinberri þjónustu.

Inga Jóna Jónsdóttir

Tengsl þekkingarskráningar og hugtaksins ábyrgð

Úrbóta er þörf varðandi skráningu þekkingar starfsmanna hjá íslenskum skipulagsheildum. Rannsókninni er beint að stöðu þekkingarskráningar á Íslandi, með áherslu á menntun, reynslu og hæfni starfsmanna. Tilgangur rannsóknarinnar er að vekja athygli á möguleikum upplýsinga- og skjalastjórnar og rafrænna samskiptamiðla við skráningu þekkingar. Rannsóknarspurningum er beint að núverandi stöðu, framtíðarmöguleikum og fjárhagslegum ávinningi þekkingarskráningar auk þess að skoða reynslu, þarfir og hvata starfsmanna og stjórnenda til að ná fram árangursríkum lausnum í skráningu þekkingar.

Rannsóknin er þverfræðileg og tengir saman fræðasvið upplýsinga- og skjalastjórnar, þekkingarstjórnunar, lærdómsfyrirtækja, fyrirtækjamenningar og rafrænna samskipta. Hún er einstök að því leyti að viðfangsefni hennar víkkar sjóndeildarhring ofantalinna fræðigreina og tengir saman félagslega þætti og tæknileg úrræði. Rannsóknin hefur ennfremur hagnýtt gildi þar sem hún veitir stjórnendum skipulagsheilda tækifæri á að nýta sér niðurstöður hennar og þau verkfæri sem af þeim leiða. Með betri yfirsýn og stjórn á þekkingarauð skipulagsheilda má ætla að rannsóknin skili bæði þekkingarfræðilegum og fjárhagslegum ávinningi fyrir atvinnulífið.

Á Þjóðarspegli 2012 verður greint frá einu meginþema rannsóknarinnar sem felst í hugtakinu ábyrgð og tengingu þess við skráningu þekkingar. Skoðað verður hvernig það birtist í orðræðu viðmælenda sem hamlandi eða hvetjandi þáttur í því ferli sem þekkingarskráning er. Greinin er byggð á átta viðtölum við starfsmannastjóra, fræðslustjóra og almenna stjórnendur auk fjögurra þátttökuathugana.

Ragna Haraldsdóttir

Leikskólastarf í barnabókum
Vald og kyn

Í barnabókum birtast hugmyndir og þekking höfunda um viðfangsefni sín. Meðal þess sem barnabókahöfundar skrifa um er börn og leikskólar. Í erindinu verður leitast við að bera saman hugmyndir nokkra barnabókahöfunda um það sem gerist í leikskólum. Borin er saman sú mynd sem höfundar draga af daglegum athöfnum og verkefnum barna og kennara innbyrðis á milli bóka og við kynningarefni leikskóla. Til að greina undirliggjandi hugmyndir er stuðst við rannsóknir og kenningar um valdeflingu, trú barna á eigin getu, lýðræði, kynjafræði og sýnilega sem ósýnilega námskrá. Meðal lykilhugtaka í nýrri aðalnámskrá leikskóla eru einmitt flest ofangreind atriði, þar er t.d. sérstaklega kveðið á um hlutverk leikskóla við að efla trú barna á eigin getu, að jafnrétti eigi að ríkja þar og svo framvegis. Í námskránni er einnig kveðið á um skipulag og sýnileika uppeldisstarfsins. Í sumum barnabókum má lesa sterka samsvörun milli hugmynda um t.d. frelsi barna til að móta eigið líf í leikskólanum á meðan að í öðrum er það fyrst og fremst hlutverk leikskólakennarans að vera sá sem stýrir mótar og kennir. Erindið er hugsað sem tilraun til að móta hugmynd að grein um sama efni.

Kristín Dýrfjörð

Kynjamunur í lestrarvenjum pilta og stúlkna

Rannsóknirnar *Börn og sjónvarp* og *PISA* hafa sýnt að íslensk börn lesa sífellt sjaldnar bækur utan skólans og lesskilningi þeirra hrakar. Drengir lesa talsvert minna en stúlkur og unglingspiltar minnst af öllum. ESPAD rannsóknin sem framkvæmd var 2007 staðfesti þennan kynjamun í áhuga unglinga á bóklestri. Íslenskir piltar í 10. bekk reyndust 2,6 sinnum líklegri til að lesa aldrei bækur og stúlkur 1,8 sinnum líklegri til að lesa bækur daglega. Spurningar um bóklestraráhuga barna varða ekki bara áhugamál þeirra heldur líka gengi í skóla og tækifæri til náms enda er skýrt samband milli áhuga á bóklestri og árangurs í lesskilningi. Skýrasta birtingarmynd þessa munar á áhuga kynjanna á bóklestri er því sú að stúlkur standa sig að jafnaði mun betur en drengir í lesskilningi í PISA prófunum. Hér verður rýnt í niðurstöður nýjustu ESPAD rannsóknarinnar sem framkvæmd var 2011. Sjónum verður beint að bóklestraráhuga pilta og stúlkna og hugsanlegum kynjamun þar á. Jafnframt verður kannað hvernig íslenskir piltar og stúlkur standa miðað við kynsystkin þeirra annars staðar í Evrópu þegar kemur að lestri bóka.

Brynhildur Þórarinsdóttir
Andrea Hjálmsdóttir

Jafnréttisviðhorf unga fólksins

Á Íslandi er jafnrétti kynjanna hvað varðar efnahag, pólitíska stöðu, menntun og heilbrigði með því besta sem gerist í heiminum. Þó má greina merki um stöðnun eða jafnvel bakslag í jafnréttismálum í íslensku þjóðfélagi og þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku kvenna sýna rannsóknir fram á tiltölulega stöðugan launamun kynjanna, konum í óhag, og lágt hlutfall kvenna í valdastöðum í samfélaginu. Þá er ábyrgð og vinnuskylda á heimilum frekar á herðum kvenna en karla. Það heyrist þó jafnan að jafnrétti sé handan við hornið og muni nást að fullu með innkomu nýrra kynslóða í hið opinbera líf. Þvert á þessa orðræðu hafa nýlegar rannsóknir leitt í ljós að viðhorf íslenskra unglinga til jafnréttismála eru íhaldssamari en eldri kynslóða, auk þess sem unglingar aðhyllast íhaldssamari viðhorf til verkaskiptingar á heimlinum en áður. Hér er greint frá niðurstöðum nýjustu rannsókna er varða viðhorf 10. bekkinga til jafnréttis og verkaskiptingar kynjanna.

Andrea Hjálmsdóttir

„Og er það ekki líka svona öfga oft?“ - Upplifun framhaldsskólanema á jafnrétti og femínisma*

Í erindinu verður fjallað um hvaða merkingu framhaldsskólanemar leggja í hugtökin jafnrétti og femínisma og hvaðan hugmyndirnar um þessi hugtök koma. Skoðað verður hvort að munur sé á merkingu þeirra sem hafa fengið fræðslu um hugtökin og þeirra sem ekki hafa fengið slíka fræðslu. Sérstaklega verður fjallað um hugmyndir um femínisma og femínista. Erindið byggir á eigindlegri rannsókn sem er unnin út frá sjónarhorni femínismans. Tekin voru tíu viðtöl við sextán framhaldsskólanema, átta einstaklingsviðtöl og tvö rýnihópaviðtöl. Viðtölin voru hljóðrituð, afrituð og þemagreind. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þó jafnrétti og femínismi séu náskyld hugtök virðist fólk upplifa þau á ólíkan hátt. Þátttakendur rannsóknarinnar upplifa hugtakið jafnrétti á jákvæðari hátt en hugtakið femínisma. Flestir þátttakendur sem ekki höfðu fengið fræðslu um hugtökin í skóla byggðu hugmyndir sínar um hugtökin á umræðum í netmiðlum, fjölmiðlum og úr bíómyndum. Þá benda niðurstöður einnig til þess að eftir því sem þátttakendur hafi fengið meiri fræðslu um femínisma því jákvæðari merkingu leggi þau í hugtakið.

Jakobína Jónsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Viðhorf til gagnreyndra aðferða – Forprófun íslenskrar útgáfu EBPAS*

Gagnreynt vinnulag í félags- og heilbrigðisþjónustu (*evidence based practice*) hefur á síðustu áratugum verið vaxandi viðfangs- og umræðuefni innan velferðarþjónustunnar. Samhliða vakna spurningar um nýjar rannsóknir, góða reynslu (best practice) og hvernig miðlun og upptöku nýrrar þekkingar (*knowledge transfer/uptake*) er háttað. Í vaxandi mæli er sjónum beint að afstöðu starfsmanna til upptöku nýrrar þekkingar og innleiðingar nýs verklags, og samfélagslegir hagsmunir að velferðarþjónustan sé að nota nýjustu þekkingu á hverjum tíma.

EBPAS matslistinn (Evidence Based Practice Attitude Scale), sem upphaflega var þróaður meðal starfsfólks í félags- og heilbrigðisþjónustu í Bandaríkjunum, er 15 spurninga listi sem mælir fjórar víddir í afstöðu starfsmanna til gagnreyndra vinnubragða eða verklags. Þessar víddir eru *kröfur* (*requirements*), *skýrskotun* (*appeal*), *opin fyrir nýjungum* (*openness*) og a*ndstaða eða sundurleitni* (*divergence*).

Í erindinu er greint frá þróun og rannsókn á EBPAS matslistanum og athugun á eiginleikum og notagildi hans vegna notkunar á Íslandi. EBPAS var lagður fyrir 202 háskólanemendur á fyrsta og fjórða ári í félagsráðgjöf og hjúkrunarfræði í tveimur háskólum.

Staðfestandi þáttagreining bendir til að íslenska útgáfan sýni sömu fjórar víddir og að innri áreiðanleiki einstakra þátta sé álíka og í frumgerð EBPAS. Í erindinu verður greint frá þessum niðurstöðum og fjallað um notagildi EBPAS listans á Íslandi.

Halldór Sig. Guðmundsson
Atli Hafþórsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Ígrunduð samtöl: Aðferð við þýðingu og staðfærslu sjálfsmatslista

Skjólstæðingsmiðað starf felur í sér virka þátttöku skjólstæðinga í velferðarþjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum, en rannsóknir hafa sýnt fram á gildi slíkrar nálgunar. Tilgangur rannsóknarinnar var að þróa réttmætt og áreiðanlegt matstæki til að meta að hvaða marki þjónusta við fólk með geðræn veikindi er skjólstæðingsmiðuð. Spurningalistinn „Client- centred rehabilitation questionnaire“ var frumþýddur af rannsakendum og þýðingin staðfærð með aðferðinni „ígrunduð samtöl“. Tekin voru þrettán viðtöl við ellefu viðmælendur sem allir höfðu þegið þjónustu á geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri, en viðtölin snerust um orðalag og innihald spurninga í listanum. Eftir úrvinnslu viðtalanna og aðlögun listans í samræmi við athugasemdir viðmælanda var hann lagður fyrir 30 skjólstæðinga geðdeildarinnar og þau gögn notuð til að kanna innri áreiðanleika hans. Ígrunduðu samtölin höfðu í för með sér verulegar breytingar á spurningum matstækisins. Innri áreiðanleiki lokaútgáfunnar mældist 0,93 fyrir listann í heild og á bilinu 0,70–0,86 fyrir undirflokka hans. Matstækið er áreiðanlegt og hentar til að lýsa þjónustu við einstaklinga með geðræn veikindi út frá grundvallarþáttum skjólstæðingsmiðaðs starfs. Niðurstöðurnar benda til þess að ígrunduð samtöl séu árangurrík aðferð við þróun sjálfsmatstækja og að mikilvægt sé að þeir sem eiga að svara þeim taki þátt í þróunarferlinu.

Sólrún Óladóttir
Guðrún Pálmadóttir

Hvað er hefð?*

Hefð er hugtak sem endalaust má deila um. Hefðir eru eitthvað sem allir tala um og allir þykjast þekkja en um leið er erfitt að setja fingurinn á það hvað átt er við þegar talað er um að eitthvað sé hefðbundið. Sumir benda á að hefðir séu eitthvað sem vísar í eitthvað sem sé aldagamalt en um leið er bent á þorrablót og ullarpeysur sem eitthvað sem sé hefðbundið en hvorutveggja má rekja aftur til tuttugustu aldarinnar, en varla lengra.

Hefðir eru eitthvað sem vísar til eldri tíma en hvað þá um þá hópa sem eiga ekki aldalanga fortíð til að vísa aftur til? Íslenskir framhaldsskólar eru gott dæmi um slíka hópa, þar sem aðeins einn framhaldsskóli í landinu á sér raunverulega aldalanga samfellda sögu. Eru þá þær hefðir sem tíðkast innan hinna nýrri skóla ekki hefðir? Hvað er það sem þarf til að hægt sé að ræða um siði sem hefðbundna? Eru til dæmis busavígslur í Borgarholtsskóla ekki hefðbundnar á meðan slíkar vígslur eru það í Menntaskólanum í Reykjavík? Hvað er það sem stendur raunverulega að baki þegar við tölum um að siður sé hefðbundinn?

Á níunda áratug síðustu aldar kom út bókin *The Invention of Tradition* sem Eric Hobsbawm ritstýrði. Þar var fjallað um hefðir, nánar tiltekið tilbúnar hefðir. Þegar hugtakið *tilbúnar hefðir* er skoðað kemur í ljós að í raun megi fjalla um allar hefðir sem tilbúnar hefðir, því yfirleitt er verið að vísa í eitthvað eldra þegar talað er um hefð, þótt að tengingin sé að mestu huglæg en ekki verið að tala um að hefð sé í raun og veru nákvæm endurtekning á því sem framkvæmt var á fyrri tímum.

Cilia Marianne Úlfsdóttir

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Að nema náttúru og menningararf-leiðsögn út og suður eða safnalæsi?

Þegar rætt er um stórfenglega upplifun af náttúru og mikilvægi þess að vernda hana fyrir komandi kynslóðum fylgir orðið sjálfbærni gjarnan fast á eftir. Námskrár skóla hafa lagt aukna áherslu á umhverfisvitund og ýmis konar læsi en hvað með safnalæsi? Að vera læs á menningararf, skilja mikilvægi þess að varðveita, miðla, rannsaka og nema náttúru og menningararf. Sjálfbærnihugtakið virðist ekki ná til safnastarfs í menntakerfinu ef marka má námskrár og menningararfur í formi lista, minja eða náttúru virðist ekki falla undir hatta kennsluaðferða sem taka mið af sjónrænum þáttum við að upplifa, prófa og þekkingaröflun á eigin forsendum. Safnfræðsla (*museum education*) á margt sameiginlegt með grenndarkennslu, útikennslu eða umhverfiskennslu en aðferðirnar virðast flækjast fyrir hver annarri í stað þess að horft sé til óformlegrar fræðslu í víðu samhengi og hugsa jafnvel um náttúru sem safn og safn sem náttúru. Um samanburð á tveimur fræðasviðum er að ræða sem bæði hafa með miðlun, túlkun og fræðslu að gera. Annars vegar grundvallarkenningar í safnfræðslu og hins vegar kenningar í leiðsögn um náttúru og umhverfi. Rannsóknaraðferðin er eigindleg viðtalsrannsókn og orðræðugreining á opinberum gögnum.

AlmaDís Kristinsdóttir

Svipir Kvöldfélagsins: Menningarleg sólarupprás við nokkur sólsetur 1861-1874*

Á vetrarmánuðum 1861-1874 voru reglulega haldnir leynifundir í Reykjavík á vegum félagsskapar sem var í fyrstu nefndur Leikfélag Andans en síðar Kvöldfélagið. Fundarmenn voru velflestir ungir menntamenn og margir þeirra urðu síðar landsþekktir. Mætti t.d. nefna Jón Árnason, Matthías Jochumsson, Eirík Magnússon og Sigurð Guðmundsson málara. Á reglulegum fundum þessa félagsskapar voru æfðar kappræður, fluttar tölur þar sem þjóðfélagsleg málefni voru til umfjöllunar, lesnar þýðingar félagsmanna á skrifum erlendra hugmyndafræðinga, og fleira sem lesa má um í fundargerðum Kvöldfélagsins, sem og eitt og annað sem lesa má milli línanna. Kvöldfélagið varð til og starfaði á viðkvæmum og mikilvægum tímum í þróun íslensks þjóðfélags þegar nútíminn og menning meginlandsins rak í vaxandi flóðbylgju upp á fjörurnar. Hér verður reifað hvernig umræðan í Aðalstræti speglaði erlenda strauma og stefnur, hvaða félagsmenn voru sérstaklega áberandi og mótandi í umræðum félagsins og hvernig félagsmenn svöruðu breytingum samfélagsins á sama tíma og þeir unnu sjálfir að miklum og mikilvægum breytingum á hugarheimi og menningu þjóðarinnar, sem Íslendingar hafa búið við síðan. Rannsóknir á fundargerðum félagsins hafa leitt í ljós að með tímanum urðu umræður félagsins beittari, praktískari og jafnvel pólitískari og þannig var Kvöldfélagið mótandi vettvangur fyrir tilurð, þroska og þróun sérislensks mennta- og borgarasamfélags.

Eiríkur Valdimarsson
Karl Aspelund

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Rafbækur og rafræn dreifing texta*

Rafbókavefurinn var meistaraverkefni í hagnýtri menningarmiðlun. Á vefnum er dreift rafbókum sem flestar byggja á textum sem komnir eru úr höfundarétti. Fjallað verður um Rafbókavefinn og hvernig reynslan af honum getur nýst öðrum sem ætla sér rafræna dreifingu á efni. Sérstök áherslu verður lögð á hlutverk lýsigagna.

Óli Gneisti Sóleyjarson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Áhrif rafrænnar útgáfu á bókfræðilegan aðgang utanmarkaðsrita

Aðgengi almennings að þekkingu og upplýsingum er forsenda virks lýðræðis. Skilyrði aðgangs er að almenningur hafi aðgang að skrám yfir þekkingar- og upplýsingarit. Þegar litið er til útgáfurita er annars vegar um að ræða markaðsútgáfu og hins vegar utanmarkaðsútgáfu (*grey literature*), m.a. stjórnar-, stofnana-, og félagaprent. Rannsókn sem undirrituð gerði árið 2002 leiddi í ljós aukið hlutfall utanmarkaðsútgáfu hér á landi á tímabilinu 1944-2001, auk þess sem niðurstöður bentu til aukins hlutfalls rafrænnar utanmarkaðsútgáfu (Stefanía Júlíusdóttir, 2006). Á Íslandi hefur aðgangur að bókfræðilegri skráningu allrar útgáfu verið góður. Ástæður þess eru m.a. ákvæði í Lögum um Landsbókasafn Íslands–Háskólabókasafn nr. 71/1994, sem kveða á um þaulsöfnun og skráningu allrar íslenskrar útgáfu og Lögum um skylduskil til safna nr. 20/2002, sem kveða á um skil á eintökum allra útgáfurita til Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns. Skilin eru á ábyrgð prentsmiðja og fjölritunarstofa og eru forsenda skráningar. Nú þegar rafræn útgáfa eykst er ekki lengur um prentsmiðjuskil að ræða.

Rannsóknaspurningin er hvort rafræna útgáfuformið sem notað er í auknum mæli til utanmarkaðsútgáfu hefur áhrif á bókfræðilegan aðgang.

Aðferðin er sú að afla upplýsinga um útgáfu valinna stofanna frá upphafi með því að fara á heimasíður þeirra. Upplýsinga um bókfræðilegan aðgang er aflað með því að fletta utanmarkaðsritunum (bæði pappírs- og rafrænni útgáfu þeirra) upp í Gegni, til þess að sjá hvort bókfræðilegur aðgangur að þessum tveimur útgáfuformum er sambærilegur. Stefnt er að því að niðurstöður gefi til kynna hvot úrbóta er þörf í bókfræðilegri skráningu utanmarkaðsrita.

Stefanía Júlíusdóttir

Úthýsing upplýsingatækni – viðskiptafræðileg skilgreining og umgjörð*

Hinn fræðilegi bakgrunnur úthýsingar liggur aðallega í tveimur kenningum. Annars vegar kenningunni um viðskiptakostnað (e. transaction cost theory) og hins vegar kenningunni um aðfangamiðaða sýn á fyrirtækið (e. resource based view of the firm). Kenningin um umboðsmannsvandann (e. agency theory) hefur einnig verið nefnd til sögunnar í þessu tilliti. Fræðimenn hafa gjarnan lagt þessar kenningar til grundvallar í sínum rannsóknum og gera enn. Markmiðið með greiningu á fræðigreinum um úthýsingu hugbúnaðarþróunar var annars vegar að setja saman fræðilegt yfirlit yfir skilgreiningar og þær kenningar sem fram hafa verðið settar og liggja yfirleitt til grundvallar rannsóknum á úthýsingu upplýsingatækni og hins vegar hvort greina megi mismundandi afstöðu kenninganna tveggja, þ.e. annars vegar kenningarinnar um viðskiptakostnað og hins vegar kenningarinnar um aðfangamiðaða sýn á fyrirtækið, til úthýsingar upplýsingartækni. Til viðbótar þessu var það markmið haft í huga að þetta yfirlit gæti orðið grunnur rannsókna á þessu tiltekna sviði hér á landi. Afstaða kenningarinnar um viðskiptakostnað til úthýsingar virðist beinast meira að því að vera aðferð (e. tactic) meðan kenningin um aðfangamiðaða sýn á fyrirtækið tekur stefnumiðaðri (e. strategic) afstöðu til fyrirbærisins.

Lykilhugtök: Úthýsing, upplýsingatækni, viðskiptakostnaðarhugtakið, aðfangamiðuð sýn á fyrirtækið, þekking, þekkingarmiðuð sýn á fyrirtækið, kjarnafærni fyrirtækja.
JEL: M15; L24;O33; O39

Ársæll Valfells
Gísli Ragnarsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Viðskiptagreind*

Viðskiptagreind eða *Business Intelligence* (BI) er eins konar regnhlífarhugtak sem nær yfir hugbúnað og uppbyggingu upplýsingakerfa sem gerir mögulegt að greina tiltæk gögn og upplýsingar. Í stuttu máli snýst viðskiptagreind því um að veita aðgang að upplýsingum á réttu formi, af réttum gæðum og á réttum tíma. Megintilgangur þessa erindis er að varpa ljósi á hvernig vel heppnuð viðskiptagreindar-lausn getur hjálpað fyrirtækjum að ná framúrskarandi árangri. Auk þess er fjallað um þær áskoranir sem mætt hafa fyrirtækjum sem þegar hafa innleitt viðskiptagreind til þess að styðja við ákvarðanatöku og greiningu. Einblínt er á innleiðingu viðskiptagreindar út frá sjónarhóli notenda (stjórnenda), spurt er: Hvernig má tryggja farsæla innleiðingu viðskiptagreindar-lausna?

Rannsóknin byggir á eigindlegum aðferðum. Tekin eru viðtöl við aðila sem hafa mikla þekkingu á viðskiptagreind, annað hvort sem ráðgjafar eða sem notendur innan fyrirtækja sem nota viðskiptagreindarlausnir. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að mikill munur getur verið á umfangi innleiðingar viðskiptagreindar en það fer fyrst og fremst eftir hversu margir gagnagrunnarnir eru sem eiga að notast í viðskiptagreindinni. Einnig kom í ljós að þörf er á meiri kennslu og þjálfun í að nota viðskiptagreindarlausnir.

Kristín Guðmundsdóttir
Eðvald Möller

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Samanburðargreining á geiranálgun og verkefnanálgun fyrir þróunarstuðning: Vatnsveitur í sveitahéruðum Namibíu

The call for increased efficiency in international development work has resulted in a major shift by international donors from project approach to budget support as the aid modality of preference. This paper compares sector budget support and project approach as different aid modalities in development. The underlying tenets and classifications of these two aid modalities are examined as well as how suitable and compatible they are within the same sector. Within a case study design, a comparative approach is applied, which treats the five development partners operating within the rural water supply sector in Namibia as units of analysis.

An extensive literature on aid effectiveness exists, but lacks systematic comparison of tangible results for different approaches in diverse contexts. Further, the ideological differences between these two applications of aid modalities give rise to questions about their supplementary nature and exclusiveness when simultaneously applied in real contexts. The present paper seeks to contribute to ongoing debate on programme versus project aid by examining the strengths and shortcomings of each approach in real settings, as well as by offering some lessons for aid architecture in least developed countries (LDCs).

Erla Hlín Hjálmarsdóttir

What next? The Post-2015 Agenda

Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafa verið í brennidepli í umræðu um stefnumörkun í þróunarmálum í rúman áratug. Þrátt fyrir margvíslega gagnrýni á markmiðin er eining um áhrif þeirra á umræðu um þróunarmál, þau þykja hafa rammað inn hugmyndina um þróunaraðstoð og gert baráttuna gegn fátækt markvissari. Fræðimenn og iðkendur koma sér hins vegar ekki saman um hvað eigi að taka við af markmiðunum þegar þau renna sitt skeið árið 2015. Sumir telja að besta leiðin sé að framlengja tíma þeirra til 2020 eða 2025 og halda þeim óbreyttum, aðrir telja að ný og endurbætt markmið komi í stað hinna og enn aðrir vilja einungis smávægilegar breytingar.

Markmiðið með erindinu er að ræða ólík sjónarhorn fulltrúa alþjóðastofnana og sendiráða á áhrif markmiðanna á þróunaraðstoð og framtíð þeirra eftir árið 2015. Erindið er byggt á rannsókn sem var framkvæmd í Senegal og New York árið 2012. Tekin voru viðtöl við starfsmenn alþjóðastofnana og erlendra sendiráða en einnig voru framkvæmdar þátttökuathuganir á fundum gjafaríkja. Erindið er framlag til kenninga um þróun og gjafahegðun alþjóðasamfélagsins. Það er einnig innlegg í umræðuna um framtíð Þúsaldarmarkmiðanna eftir árið 2015.

Guðrún Helga Jóhannsdóttir

Hlutlægni frétta í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu

Hlutlægni frétta skiptir máli fyrir lýðræðið. Hlutlægni frétta skiptir einnig máli fyrir trúverðugleika fjölmiðla. Hlutlægni er einn mikilvægasti þáttur faglegrar fréttamennsku. En hlutlægni er einnig hugtak sem felur í sér margar kröfur sem nánast ógerlegt er að uppfylla til fulls. Þrátt fyrir það ber öllum góðum fréttamönnum að hafa það að markmiði að uppfylla þær kröfur eftir bestu getu. Í þessu erindi verður fjallað um helstu niðurstöður rannsóknar (lokaverkefni) sem gerð var á hlutlægni frétta í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu. Teknar voru fyrir fréttir þar sem minnst var á Evrópusambandið, á tveggja mánaða tímabili í aðdraganda alþingiskosninganna árið 2009. Fréttirnar, ásamt fyrirsögnum þeirra, voru innihaldsgreindar og flokkaðar eftir því hvort þær sýndu Evrópusambandið, eða aðild að því, í hlutlausu, jákvæðu, neikvæðu eða blönduðu ljósi. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að umfjöllun blaðanna tveggja um Evrópusambandið hafi ekki verið í jafnvægi, þar sem að fleiri fréttir og fyrirsagnir reyndust jákvæðar en neikvæðar hjá báðum blöðum. Munurinn var þó meiri hjá Fréttablaðinu en Morgunblaðinu. Þar sem jafnvægi er mikilvægur þáttur í hlutlægnishugtakinu, bendir þetta til þess að hlutlægni hafi verið ábótavant í umfjöllun Fréttablaðsins og Morgunblaðsins um Evrópusambandið í aðdraganda alþingiskosninganna árið 2009.

Guðrún Ásta Guðmundsdóttir
Þorbjörn Broddason

Adapt or die: Media innovations and the erosion of media boundaries*

Tilgangur þessarar greinar er að fara yfir nýsköpun *(e. innovation)* sem orðið hefur í heimi fjölmiðla hér á landi með áherslu á sjónvarp og þá sérstaklega hvernig sjónvarpsefni hefur færst úr hefðbundnu sjónvarpi og yfir í nýjar tegundir af fjölmiðlum. Helstu ástæðu þessarar þróunar má rekja til öra breytinga í tækniþróun og auðvelt aðgengi Íslendinga að nýrri tækni. Helstu fylgifiskir nýrrar tækni eru meðal annars eyðing landamæra milli fjölmiðla, aukið frelsi einstaklinga til að sníða tækni að eigin þörfum og löngunum og að lokum býður hún einstaklingum og smærri hópum uppá tækifæri til að gefa út eigið efni.

Farið er yfir eðli nýsköpunar sem að jafnaði er í fyrstu talin vera til að styðja við hefðbundna notkun en getur orðið að skapandi eyðileggingu (*e. creative destruction*) sem verður til þess að sú tækni sem er ríkjandi er skipt út fyrir nýja tækni. Þá verður einnig farið yfir hvernig ný tækni hefur orðið til þess að stuðla að langa hala áhrifum (*e. long tail*) sem gerir jaðarhópum auðveldara að nálgast sitt áhugaefni.

Andri Már Sigurðsson

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Breyttust fjölmiðlar eftir hrun? Umfjöllun prentmiðla um fjármálastofnanir

Í erindi þessu verður greint frá niðurstöðum rannsóknar sem höfundur er að vinna á umfjöllun fjölmiðla um fjármálastofnanir eftir hrun. Árið 2009 vann Rannsóknarsetur um fjölmiðlun og boðskipti við Háskóla Íslands skýrslu fyrir Rannsóknarnefnd alþingis um umfjöllun fjölmiðla um fjármálastofnanir fyrir hrun og voru niðurstöðurnar í megindráttum að umfjöllunin hefði verið afar jákvæð og vinnubrögðum áfátt. Í þessari rannsókn er ætlunin að skoða hvort eitthvað hafi breyst. Annars vegar er unnið með upplýsingar frá Fjölmiðlavakt Creditinfo um hvort fréttir um Arion banka, Landsbanka og Íslandsbanka á árinu 2011 hefur verið jákvæðar, neikvæðar eða hlutlausar fyrir ímynd þeirra. Hins vegar voru greind vinnubrögð í úrtaki frétta á árinu 2011. Aðferðin er sama innihaldsgreiningin og notuð var í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Rannsóknin er hluti af meistaraverkefni höfundar í blaða- og fréttmennsku.

María Elísabet Pallé
Valgerður Anna Jóhannsdóttir

Siðferði og starfshættir íslenskra blaða- og fréttamanna*

Í Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis komst Vinnuhópur um starfshætti og siðferði að þeirri niðurstöðu að brestur á siðferðisgildum meðal blaða- og fréttamanna hefði átt sinn þátt í hruni íslensks efnahagslífs haustið 2008.

Aðalmarkmið þeirrar rannsóknar sem hér verður kynnt var því að kanna m.a. siðferði og starfsumhverfi íslenskra blaða- og fréttamanna. Rannsóknin er hluti af 84 landa samanburðarrannsókn.

Forniðurstöður rannsóknarinnar eru byggðar á svörum 179 blaða- og fréttamanna en í þýðinu voru 350 manns. Spurningalisti var lagður fyrir þátttakendur, á pappír eða með netkönnun, vorið 2012.

Í samræmi við erlendar rannsóknir á blaðamönnum á Vesturlöndum, t.d. í Þýskalandi og Austurríki, leiddu niðurstöður í ljós að íslenskir blaða- og fréttamenn telja mikilvægt fyrir starf sitt að vera óhlutdrægir áhorfendur sem skýri og greini frá atburðum líðandi stundar, segi frá hlutunum eins og þeir eru og sem leyfi fólki að koma skoðunum sínum á framfæri. Athygli vekur að tæplega átta af hverjum tíu þátttakendum sögðu að sjálfsritskoðun hefði nokkur, töluverð eða mjög mikil áhrif á starf sitt. Enn fremur telja þeir að aðgangur að upplýsingum, aðgangur að auðlindum til fréttaöflunar (mannafla, fjármagni og tíma) og tímamörk hafi mestu áhrifin á störf sín en að áhrif skipulagsheildarinnar (eigenda og stjórnenda) séu lítil.

Guðbjörg Hildur Kolbeins

* Í tengslum við erindið á ráðstefnunni birtist ritstýrð grein á Skemmunni (*www.skemman.is*)

Höfundalisti

Aðalheiður Guðmundsdóttir, dósent Háskóli Íslands

AlmaDís Kristinsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands og safnstjóri Norska hússins - BSH

Amalía Björnsdóttir, dósent Háskóli Íslands

Andrea S. Hjálmsdóttir, lektor Háskólinn á Akureyri

Andri Már Sigurðsson, doktorsnemi Háskóli Íslands

Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent Háskóli Íslands

Anna Lilja Sigurvinsdóttir, MA/MS Háskólinn á Akureyri

Anna Pála Sverrisdóttir, MA/MS

Anna Sigrún Ingimarsdóttir, prófessor Háskóli Íslands

Anna Wojtynska, doktorsnemi Háskóli Íslands

Anni G. Haugen, lektor Háskóli Íslands

Arndís Bergsdóttir, doktorsnemi

Arndís Vilhjálmsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands

Atli Hafþórsson, þjóðfélagsfræðingur og meistaranemi Háskóli Íslands

Auður Hermannsdóttir, aðjúnkt Háskóli Íslands

Auður Pálsdóttir, aðjúnkt Háskóli Íslands

Ágústa Pálsdóttir, prófessor Háskóli Íslands

Áki Guðni Karlsson, doktorsnemi Háskóli Íslands

Árný Guðmundsdóttir, MA/MS

Ársæll Már Arnarsson, prófessor Háskólinn á Akureyri

Ársæll Valfells, lektor Háskóli Íslands

Ása Guðný Ásgeirsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands

Ása Ólafsdóttir, lektor Háskóli Íslands

Ásgeir Jónsson, lektor Háskóli Íslands

Ásta Guðmundsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Ásta Harðardóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Ásta Jóhannsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Bergdís Ýr Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi Landspítali Háskólasjúkrahús (LSH)
Bergþóra Aradóttir, prófessor Háskóli Íslands
Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor Háskóli Íslands
Birna Kristjánsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Björk Guðjónsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Bolli Héðinsson, aðjúnkt Háskóli Íslands
Bryndís Björgvinsdóttir, fræðimaður Háskóli Íslands
Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, sérfræðingur
Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent Háskólinn á Akureyri
Börkur Grímsson, prófessor Háskóli Íslands
Cilia Marianne Úlfsdóttir, MA/MS
Daði Már Kristófersson, dósent Háskóli Íslands
Dóra Guðmundsdóttir, aðjúnkt Háskóli Íslands
Edward H. Huijbens, dósent Háskólinn á Akureyri
Eðvald Möller, dósent Háskóli Íslands
Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Eiríkur Valdimarsson, MA/MS Háskóli Íslands
Elín Blöndal, prófessor Háskólinn á Bifröst
Elísabet Karlsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Elva Björk Sverrisdóttir, stjórnmálafræðingur
Erla Björg Sigurðardóttir, doktorsnemi
Erla Hlín Hjálmarsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Erla S. Kristjánsdóttir, aðjúnkt Háskóli Íslands
Erna Kristín Blöndal, doktorsnemi Háskóli Íslands

Esther Ösp Valdimarsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Eva Heiða Önnudóttir, doktorsnemi CDSS University of Mannheim
Eyrún Eyþórsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur Háskólinn á Akureyri
Eyvindur G. Gunnarsson, dósent Háskóli Íslands
Fanney Þórsdóttir, lektor Háskóli Íslands
Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent Háskóli Íslands
Friðrik Eysteinsson, aðjúnkt Háskóli Íslands
Friðrik Larsen, lektor Háskólinn í Reykjavík
Gerrit Loots, prófesssor Vrije Universiteit Brussel
Giada Pezzini, lektor Háskóli Íslands
Gísli Pálsson, prófessor Háskóli Íslands
Gísli Ragnarsson, forstöðumaður Advania
Grétar Þór Eyþórsson, prófessor Háskólinn á Akureyri
Guðbjörg Gréta Steinsdóttir, MA/MS
Guðbjörg Hildur Kolbeins, PhD Háskóli Íslands
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor Háskóli Íslands
Guðbjörg Rannveig Jóhannesdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Guðmunda Kristinsdóttir, sérfræðingur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Guðmundur Hálfdanarson, prófessor Háskóli Íslands
Guðmundur Jónsson, prófessor Háskóli Íslands
Guðný Björk Eydal, prófessor Háskóli Íslands
Guðný Gústafsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Guðný Jónsdóttir, MA/MS Háskólinn á Akureyri
Guðrún Ásta Guðmundsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Guðrún Geirsdóttir, dósent Háskóli Íslands
Guðrún Helga Jóhannsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands

Guðrún Helgadóttir, prófessor Háskólinn á Hólum
Guðrún Pálmadóttir, dósent Háskólinn á Akureyri
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, lektor Háskólinn á Hólum
Gunnar Þór Jóhannesson, lektor Háskóli Íslands
Gyða Margrét Pétursdóttir, aðjúnkt Háskóli Íslands
Gylfi Magnússon, dósent Háskóli Íslands
Hafdís Ingvarsdóttir, prófessor Háskóli Íslands
Halla Björk Jósefsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Halla Valgeirsdóttir, sérfræðingur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
Halldór S. Guðmundsson, lektor Háskóli Íslands
Halldóra Pálsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Hallfríður Eysteinsdóttir, MA/MS
Hana Janackova, PhD VSB-Technical University of Ostrava, Czech Republic
Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent Háskóli Íslands
Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor Háskóli Íslands
Heimir Hilmarsson, kerfisfræðingur Rökverk ehf.
Helga Jónsdóttir, prófessor Háskóli Íslands
Helga Kristjánsdóttir, PhD og hagfræðingur Rannsóknamiðstöð Ferðamála, HA og HÍ
Helga Þórólfsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Helgi Gunnlaugsson, prófessor Háskóli Íslands
Helgi Skúli Kjartansson, prófessor Háskóli Íslands
Helgi Tómasson, dósent Háskóli Íslands
Helgi Þorláksson, prófessor Háskóli Íslands
Hermann Óskarsson, dósent Háskólinn á Akureyri
Hilmar Þór Hilmarsson, prófessor Háskólinn á Akureyri
Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur Háskólinn á Akureyri

Hjördís Sigursteinsdóttir, doktorsnemi Háskólinn á Akureyri
Hrafnhildur Sverrisdóttir, arkitekt FAÍ og meistaranemi Háskóli Íslands
Hrefna Friðriksdóttir, dósent Háskóli Íslands
Inga Jóna Jónsdóttir, dósent Háskóli Íslands
Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor Háskóli Íslands
Ingibjörg Sigurðardóttir, lektor Háskólinn á Hólum
Ingimar Einarsson, PhD
Ingjaldur Hannibalsson, prófessor Háskóli Íslands
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor Háskólinn á Akureyri
Ingólfur V. Gíslason, dósent Háskóli Íslands
Íris Dögg Lárusdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Jakobína Jónsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Jóhanna Gunnlaugsdóttir, lektor Háskóli Íslands
Jóhanna Rósa Arnardóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Jón Gunnar Bernburg, prófessor Háskóli Íslands
Jón Ingvar Kjaran, doktorsnemi Háskóli Íslands
Jón Karl Helgason, dósent Háskóli Íslands
Jón Óskar Guðlaugsson, verkefnisstjóri Embætti Landlæknis
Jón Snorri Snorrason, lektor Háskóli Íslands
Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor Háskólinn á Akureyri
Jónas Orri Jónasson, MA/MS Háskóli Íslands
Jónína Einarsdóttir, prófessor Háskóli Íslands
Júlíana Þ. Magnúsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Jytte Kaltoft Bendixen, PhD Háskólinn á Bifröst
Karl Aspelund, dósent The University of Rhode Island
Katla Kjartansdóttir, forstöðumaður Þjóðfræðistofu
Katrín Anna Lund, dósent Háskóli Íslands

Kimberley Mouve, PhD Centre for Interpersonal, Discursive and Narrative Studies
Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, þroskaþjálfi og MA/MS Háskóli Íslands
Kristinn Schram, nýdoktor RA Háskóli Íslands
Kristín Björnsdóttir, lektor Háskóli Íslands
Kristín Dýrfjörð, lektor Háskólinn á Akureyri
Kristín Einarsdóttir, aðjúnkt Háskóli Íslands
Kristín Guðmundsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Kristín Lilliendahl, aðjúnkt Háskóli Íslands
Kristín Loftsdóttir, prófessor Háskóli Íslands
Kristjana Fenger, lektor Háskólinn á Akureyri
Kristján Þór Sigurðsson, doktorsnemi Háskóli Íslands
Kristrún Helga Ólafsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Laufey Haraldsdóttir, MA/MS Háskólinn á Hólum
Liesbeth Matthijs, PhD Centre for Interpersonal, Discursive and Narrative Studies
Linda Björk Pálmadóttir, meistaranemi Háskóli Íslands
Magnús Árni Magnússon, dósent Háskólinn á Bifröst
Marco Solimene, doktorsnemi Háskóli Íslands
stefáMargrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor Háskóli Íslands
María Elísabet Pallé, MA/MS Háskóli Íslands
María Ingunn Þorsteinsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Már Wolfgang Mixa, doktorsnemi Háskólinn í Reykjavík
Meyvant Þórólfsson, lektor Háskóli Íslands
Ólafur Björgvin Valgeirsson, meistaranemi Háskólinn á Hólum
Ólafur Rastrick, PhD Háskóli Íslands
Ólafur Þ. Harðarson, prófessor Háskóli Íslands

Óli Gneisti Sóleyjarson, bókasafns- og upplýsingafræðingur Iðnskólinn í Hafnarfirði
Pétur Pétursson, prófessor Háskóli Íslands
Ragna B. Garðarsdóttir, lektor Háskóli Íslands
Ragna Haraldsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Ragnheiður Harpa Arnardóttir, lektor Háskólinn á Akureyri
Rannveig Traustadóttir, prófessor Háskóli Íslands
Rósa G. Erlingsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Rósa Þorsteinsdóttir, rannsóknarlektor Stofnun Árna Magnússonar
Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor Háskóli Íslands
Rúnar Vilhjálmsson, PhD Háskóli Íslands
Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóli Íslands
Sandra María Sævarsdóttir, dósent Háskóli Íslands
Sara Sigurbjörns-Öldudóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Sarka Velcovska, PhD VSB-Technical University of Ostrava, Czech Republic
Sigríður Gunnarsdóttir, dósent Háskóli Íslands
Sigrún Júlíusdóttir, prófessor Háskóli Íslands
Sigrún K. Valsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Sigurður Jóhannesson, hagfræðingur Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Sigurður Kristinsson, dósent Háskólinn á Akureyri
Sigurður Ragnarsson, doktorsnemi
Sigurveig H. Sigurðardóttir, lektor Háskóli Íslands
Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt Háskóli Íslands
Sjöfn Vilhelmsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Snjólfur Ólafsson, prófessor Háskóli Íslands
Snorri Örn Árnason, félagsráðgjafi Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu
Snæfríður Þ. Egilson, prófessor Háskólinn á Akureyri

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir, MA/MS
Sólrún Óladóttir, aðjúnkt Háskólinn á Akureyri
Stefan Hardonk, PhD
Stefán Sigurðsson, lektor Háskólinn á Akureyri
Stefanía Júlíusdóttir, lektor Háskóli Íslands
Stefanía Óskarsdóttir, lektor Háskóli Íslands
Stefán B. Gunnlaugsson, lektor Háskólinn á Akureyri
Stefán Hrafn Jónsson, lektor Háskóli Íslands
Stefán Ólafsson, prófessor Háskóli Íslands
Susanne Durst, lektor University of Liecthenstein
Svala Guðmundsdóttir, lektor Háskóli Íslands
Sveinn Agnarsson, fræðimaður Háskóli Íslands
Sveinn Eggertsson, lektor Háskóli Íslands
Sveinn Guðmundsson, doktorsnemi Háskóli Íslands
Sæbjörg Freyja Gísladóttir, meistaranemi
Terry Gunnell, prófessor Háskóli Íslands
Thamar Heijstra, doktorsnemi Háskóli Íslands
Thelma Lind Tryggvadóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Tinna Dögg Kjartansdóttir, meistaranemi
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor Háskóli Íslands
Trausti Þorsteinsson, lektor Háskólinn á Akureyri
Trung Dinh Quang, MSc Háskólinn á Akureyri
Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor Háskóli Íslands
Vala Hrönn Guðmundsdóttir, meistaranemi Háskóla Íslands
Valgerður Anna Jóhannsdóttir, aðjúnkt Háskóli Íslands
Valgerður Sólnes, stundakennari Háskóli Íslands
Vilhjálmur Bjarnason, lektor Háskóli Íslands

Víkingur Másson, MA/MS Háskóli Íslands
Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dósent Háskóli Íslands
Þorbjörg Jónsdóttir, lektor Háskólinn á Akureyri
Þorbjörn Broddason, prófessor Háskóli Íslands
Þorgerður Einarsdóttir, prófessor Háskóli Íslands
Þorkell Helgason, prófessor
Þorvaldur Kristinsson, rithöfundur og meistaranemi Háskóli Íslands
Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknasetur Háskóla Íslands
Þóra Christiansen, aðjúnkt Háskóli Íslands
Þóra Kristín Þórsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Þórdís Bernharðsdóttir, MA/MS Háskóli Íslands
Þórdís Rún Þórisdóttir, MA/MS
Þórhallur Örn Guðlaugsson, dósent Háskóli Íslands
Þórhildur Ólafsdóttir, doktorsnemi Háskóli Íslands
Þóroddur Bjarnason, prófessor Háskólinn á Akureyri
Þórólfur Matthíasson, prófessor Háskóli Íslands
Örn D. Jónsson, prófessor Háskóli Íslands